


**HALLA FRÍMANNSDÓTTIR**

*Skipulagði óvænta ferð til Bandaríkjanna*

ferðir bílar jól

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS

**SKIPULAG OG HÖNNUN**

*Fjársjóðskista íslenskrar menningar*

Sérblað um skipulag og hönnun

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**










# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. nóvember 2007 — 324. tölublað — 7. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR



**Kiddi snýr aftur**

Kiddi kanína flytur breskan plötusnúð til landsins.

FÓLK 42

**Í þekktustu tískublöðunum**



Steinunn Sigurðardóttir á lista yfir vinsælustu fatahönnuði heims.

FÓLK 42

**Al Gore í boði LÍ**

Nóbelsverðlaunahafinn Al Gore verður framsögumaður um umhverfismál á vegum Landsbankans á Írlandi í næstu viku.

MARKAÐURINN

**Eiður Smári í byrjunarliðinu**



Eiður Smári spilaði í jafntefli Barcelona gegn Lyon í Meistaradeildinni í gær.

ÍÞRÓTTIR 38

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÚRKOMULOFT EYSTRA -** Í dag verða suðaustan og austan 5-13 m/s, hvassast norðvestan til síðdegis. Rigning eða slydda suðaustan og austan til en snjómugga norðaustan til. Hiti 0-6 stig að deginum mildast suðaustan til.

VEÐUR 4

# Útlendingar fjórðungur ölvaðra ökumanna sem lögregla grípur

**Um 23 prósent þeirra sem hér hafa verið kærðir fyrir ölvunarakstur það sem af er árinu eru með erlent ríkisfang, flestir þeirra karlmenn. Svipting ökuréttinda hérlendis er sjaldnast tilkynnt yfirvöldum í heimalandi viðkomandi.**

**LÖGREGLUMÁL** Það sem af er árinu hafa 1.058 einstaklingar verið kærðir vegna ölvunar við akstur. Í þeim tilvikum þar sem þjóðerni var þekkt voru um 23 prósent þeirra með erlent ríkisfang.

Flestir þeirra sem voru með erlent ríkisfang og voru kærðir fyrir ölvunarakstur hér á landi voru með skráð lögheimili eða dvalarheimili hér á landi eða tæplega 97 prósent.

Karlar eru mun líklegri en konur til að verða kærðir fyrir að setjast ölvaðir undir stýri, en munurinn er meiri meðal þeirra sem eru með erlent ríkisfang. Þannig voru karlmenn rúmlega 95 prósent kærðra sem voru með erlent ríkisfang en hlutfallið var um áttatíu prósent hjá þeim sem höfðu íslenskt ríkisfang.

Þá eru þeir sem eru með íslenskt ríkisfang líklegri til að vera ívið yngri en þeir sem eru með erlent ríkisfang sem hafa verið kærðir fyrir ölvun við akstur, samkvæmt tölum frá lögreglu.

„Útlendingum hefur fjölgað gríðarlega hér á landi síðustu þrjú fjögur árin. Einhverra hluta vegna er ákveðinn hópur útlendinga sem keyrir ölvaður frekar en aðrir. Það getur verið menningin, þótt löggjöf í þeirra landi banni líka ölvunarakstur. Það er ýmislegt sem endurspeglar af hverju menn telja að þeir geti keyrt ölvaðir hér," segir Guðbrandur Sigurðsson, aðalvarðstjóri umferðardeildar hjá lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins.

Að sögn Guðbrands eru einstaklingar með erlent ríkisfang sem hér hafa lög- eða dvalarheimili sóttir til saka eins og aðrir og gert að greiða sekt vegna ölvunaraksturs. Hann segir að svipting ökuréttinda hér á landi sé sjaldnast tilkynnt til yfirvalda í heimalandi viðkomandi. Slíkar upplýsingar eru þó veittar óski viðkomandi yfirvöld eftir þeim.

aegir@frettabladid.is

### FLEIRI ÚTLENDINGAR Á BROTAALDRI

„Forvitnilegt væri að vita hversu gamlir þeir eru sem eru teknir, því erlendir karlmenn rétt undir þrítugu eru um 20 prósent í hverjum árgangi," segir Einar Skúlason, framkvæmdastjóri Alþjóðahúss. „Um 64 prósent erlendra ríkisborgara eru karlmenn og flestir eru á milli tvítugs og fertugs. Það væri því fróðlegt að vita hvað búast megi við að margir brjóti af sér og hvort sá fjöldi sé í samræmi við fjölda þeirra sem teknir hafa verið fyrir ölvunarakstur."

Í fyrrahaust létu Umferðarstofa og VÍS þýða bæklinga þar sem áhersla er lögð á viðurlög við umferðalagabrotum. „Hjá Alþjóðahúsi læddum við þessu inn í íslenskukennsluna. VÍS og Umferðarstofa keyptu auglýsingar á mismunandi tungumálum og dreifðu bæklingum á fimm tungumálum," segir Einar. „En það er erfitt að gera þá kröfu að útlendingar hagi sér betur en Íslendingar."




**Í HÆSTU HÆÐUM** Verð á dísilolíu og bensíni hefur aldrei verið hærra en nú og fór lítrinn í 142,4 krónur í fyrradag. Hækkunin þýðir 6,8 milljarða kostnaðarauka fyrir almenning á ársgrundvelli.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Dísilolía og bensín hækka:

# Ríkið græðir 1.300 milljónir

**NEYTENDUR Dísilolía hefur hækkað um ríflega 20 krónur á lítra frá ársbyrjun. Hækkunin þýðir 6,8 milljarða króna í aukinn kostnað bifreiðaeigenda að sögn Runólfs Ólafssonar, framkvæmdastjóra Félags íslenskra bifreiðaeigenda. Hann segir ljóst að ríkið hafi töluverðar aukatekjur af hækkununum.**

**Miðað við orðna hækkun aukast virðisaukaskattstekjur ríkisins um 1.300 milljónir á ári. Lítraverð á dísilolíu var í kringum 117,50 krónur í byrjun ársins. Nú kostar einn lítri af dísilolíu 142,40 krónur. Meðalnotkun Íslendinga á dísilolíu á ári er um 140 milljónir lítra.**

**- eb**






Lækkanir á hlutabréfamörkuðum hafa skert fjárhagslegan styrk margra félaga:

# Vilja auka hlutafé FL Group

**VIÐSKIPTI** Eigendur FL Group vinna að því að styrkja félagið og efla eftir að hafa tapað háum fjárhæðum undanfarna mánuði. Samkvæmt heimildum Markaðarins er meðal annars stefnt að því að hluthafar leggi frekari fjármuni inn í félagið. Ekki eru allir hluthafar í stakk búnir til þess og því viðbúið að valdahlutföll breytist í eigendahópnum og nýir hluthafar bætist jafnvel við.

Verðmæti stærstu eigna FL Group hefur lækkað mikið á síðasta og yfirstandandi ársfjórðungi.

Gengi FL Group í Kauphöllinni hefur lækkað um tuttugu prósent síðasta mánuðinn. Frá júlí til september á þessu ári nemur bókfært tap FL Group rúmlega 27,1 milljarði króna.

Miklar sögusagnir ganga á milli fólks í viðskiptalífinu um að FL Group standi illa fjárhagslega og eigendur hafi tapað miklum peningum. Viðmælendur Markaðarins sögðu í gær mikilvægt að stjórnendur upplýstu um stöðu félagsins og áform.

Í lok þriðja ársfjórðungs nam eigið fé FL Group tæpum 150 milljörðum króna.

**-bg / Sjá Markaðinn**







## SPURNING DAGSINS



*Tinna, höfum við feitan gölt að flá í heilbrigðismálum?*

**„Já, þar getur hnífur komist í feitt en vilji menn ríða feitum hesti frá því verkefni verða þeir að finna hvar feitt er á stykkinu.“**

Offita er vaxandi vandamál á Íslandi. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir hagfræðingur segir að breytingar á holdafari hafi í för með sér mikla aukningu útgjalda í heilbrigðis- og tryggingakerfinu.

Útlendingastofnun rekst á erfiðar aðstæður kvenna sem sækja um dvalarleyfi:

# Erfitt að sanna misnotkun

**MANSAL** Vísbendingar eru um að mansal snerti Ísland ekki síður en önnur Evrópulönd. Nýlega fékk kona dvalarleyfi á Íslandi af mannúðarástæðum. Guðrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Mannréttindastofu, vakti athygli á því að í fyrsta sinn hefði einstaklingur fengið dvalarleyfi á grundvelli þess að mansal hefði átt sér stað.

Að sögn Hildar Dungal, forstjóra Útlendingastofnunar, lágu margar aðrar ástæður að baki því að konan fékk dvalarleyfi. Mansal hljóti þó að vera vandamál hér á landi líkt og annars staðar í Evrópu. Þá eru einnig vísbendingar um að konur séu keyptar til landsins og þær þurfi að vinna af sér skuldir, eða seldur sé að þeim aðgangur.



**HILDUR DUNGAL** Hildur segir stofnunina ekki hafa heimild til þess að rannsaka mál en leiti til lögreglu þegar grunur leikur á misnotkun.

Hildur segir það koma fyrir að stofnunin þurfi að veita konum dvalarleyfi þrátt fyrir grun um að þær séu misnotaðar með einhverjum hætti.

„Það er erfitt að sanna slíkt. Við getum leitað til lögreglu en höfum ekki heimild til að skoða málin sjálf. Í slíkum tilfellum leikur grunur á að kona sæti misnotkun í hjónabandi.“

Hildur segir ekki ljóst hvernig skilgreina eigi mansal. Hvort það eigi við þegar bágbornar aðstæður kvenna séu nýttar, hugsanlega í fjárhagslegum ávinningi eða á annan hátt.

Útlendingastofnun vinnur með Stígamótum og Mannréttindastofu að gerð aðgerðaáætlunar til að bregðast við því ef upp kemur grunur um að konur sem leita til stofnunarinnar búi við erfiðar aðstæður. **- eb**

Ópera í Kópavogi:

# Frumkostnaður yfir 14 milljónir

**SVEITARSTJÓRNIR** Kostnaður við undirbúning að byggingu óperuhúss í Kópavogi er kominn yfir 14 milljónir króna samkvæmt svari Gunnars I. Birgissonar bæjarstjóra til Guðríðar Arnardóttur, bæjarfulltrúa Samfylkingar.

Gunnar segir þrjár arkitektastofur fá að taka þátt í samkeppni um hönnun óperuhússins. Stofurnar tvær sem ekki fái verkið fái 4 milljónir króna hvor. Annar kostnaður vegna samkeppninnar sé 312 þúsund krónur. Kostnaður vegna viðskiptaáætlunar sé tvær milljónir króna og vegna forsagnar 928 þúsund. Annar kostnaður standi í 2.862 þúsund krónum. **- gar**

Einsdæmi í skattalagabrotum:

# Farbann vegna skattsvika

„Svo langt sem mitt minni nær hefur enginn verið úrskurðaður í farbann vegna hugsanlegra skattalagabrota,“ segir Bryndís Kristjánsdóttir skattrannsóknastjóri.

Erlend kona var í Hæstarétti í gær úrskurðuð í farbann til 21. desember vegna gruns um skattsvik. Konan rekur verktakafyrirtæki. Samkvæmt kæru skattrannsóknastjóra hefur hún ekki skilað skattframtölum fyrir árin 2007 og 2006 auk þess að vanrækja bókhald. Þá á hún að hafa skilað röngum virðisaukaskattskýrslum og fleira. Samkvæmt bráðabirgðaskýrslu nema vanframtaldar rekstrartekjur rúmum 29 milljónum króna. **- ikh**

Jóhanna Sigurðardóttir:

# Útilokar ekki stofnun sjóðs

**TRYGGINGAMÁL** Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra segist alls ekki hafa útilokað áform verkalýðshreyfingarinnar um stofnun áfallatryggingasjóðs. Hún segist hafa staðið á hliðarlínunni og beðið þess að menn næðu sátt um þessi mál.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR**

Þess vegna segir Jóhanna að það komi sér á óvart ef ASÍ telji minnkandi líkur á því að sjóðurinn verði að veruleika, eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær.

„Ég hef aldrei útilokað að menn gætu náð sátt um þessa leið eða aðra. Ég hef lagt áherslu á að menn nái sátt. Það er ómögulegt að vera með velferðarkerfið tvískipt og enga sátt um það,“ segir Jóhanna. **- bj**

# Gamlir MR-ingar hröktust undan vindi

**Bílstjóri segir eldri borgurum hafa verið hent út úr Hyrnunni í Borgarnesi þegar þeir leituðu þar skjóls í óveðri á sunnudagskvöld. Rekstrarstjóri Hyrnunnar segir að búið hafi verið að finna gistingu fyrir þá þegar lokað var.**

**SAMFÉLAGSMÁL** „Fimmtíu eldri borgurum var bara sópað út klukkan ellefu, öllu lokað og vaktstjóri gaf þá skýringu að það væri enginn mannskapur til að hafa opið lengur,“ segir Valur Jónsson bílstjóri en hann leitaði skjóls í Hyrnunni í Borgarnesi á sunnudagskvöldið þegar fárviðri geisaði og umferð undir Hafnarfjalli stöðvaðist.

Fimmtíu eldri borgarar sem komið höfðu með rútu voru strandaglópar í Borgarfirði þetta kvöld. Valur hefur verið bílstjóri í 30 ár og meðal annars lengi ekið fólksflutningabílum og aldrei verið vitni að því að fólki væri neitað um skjól við slíkar aðstæður. „Er þetta það sem koma skal nú þegar þessir staðir heyra undir stórar verslanakeðjur?“



**BORGARNES** Fimmtíu eldri borgarar voru veðurtepptir á sunnudag þegar vindhviður fóru yfir fimmtíu metra á sekúndu undir Hafnarfjalli. Bílstjóri segir að lokað hafi verið á nefið á þeim á Hyrnunni en rekstrarstjóri segir það misskilning. Að endingu gisti fólkið endurgjaldslaust á Hótel Hamri.

Guðmundur Rúnar Svavarsson, rekstrarstjóri Hyrnunnar, segir að fólkið hafi verið að útvega sér næturgistingu á Hótel Hamri þegar staðnum var lokað. „Við lítum á það sem okkar skyldu að koma fólki til aðstoðar þegar svona stendur á,“ segir Guðmundur Rúnar. „Þannig að þegar náttúruöflin grípa í taumana höfum við opið á meðan fólk er strand hjá okkur. Eins og um daginn þegar unglingar voru veðurtepptir hjá okkur þá höfum við opið þangað til ég fékk fyrir þá gistingu á Hamri. Hyrnan er við eitt mesta vindavíti landsins og það er bara okkar skylda að hafa opið þangað til lausn finnst í svona málum og ef ekki finnst nein önnur lausn þá höfum við opið alla nóttina.“

Klukkan rúmlega ellefu kom



**UNNUR HALLDÓRSDÓTTIR**

þessi fimmtíu manna hópur gamalla skólafélaga úr MR að Hótel Hamri og gisti þar um nóttina endurgjaldslaust. „Það voru ekki öll herbergin tilbúin og maður leigir nú ekki rúm sem búið er að sofa í. Reyndar gáfu þau okkur heilmikið þjórfé þó ekki hefði ég verið að falast eftir því,“ segir Unnur Halldórsdóttir, eigandi Hótel Hamars.

Svo virðist sem ekki hafi væst um hópinn á Hamri. „Þau fengu hjá okkur salinn og þar höfðu þau ofan af fyrir sér. Það var hellt upp á og síðan voru sagðar sögur og mér sýndist bara allir fara nokkuð ánægðir úr þessari óvissuferð.“

Líkt og Guðmundur Rúnar segir Unnur það siðferðislega skyldu að hlaupa undir bagga við aðstæður sem þessar. „Það þýðir ekkert annað fyrir okkur sem stundum þjónustu á svona stað þar sem allra veðra er von,“ bætir hún við.

**jse@frettabladid.is**



**TILRAUNADÝR** Ofskynjunarlyfið LSD fer ekki vel í fíla frekar en menn.

Frumleg tilraun í dýragarði:

# Fíll lést af ofneyslu LSD

**BANDARÍKIN** Starfsmaður í dýragarði trónir í efsta sæti yfir þá sem gert hafa klikkuðustu tilraunir allra tíma. Warren Thomas, sem vann í dýragarði í Oklahoma, gaf fílnum Tusko ofskynjunarlyfið LSD til að komast að því hvort hann gæti kallað fram tímabundið brjálunarástand. Thomas gaf Tusco þrjúþúsundfaldan skammt en fíllinn dó klukkustund síðar.

Þetta kemur fram í nýrri bók um skrítnar tilraunir eftir Alex Boese. Aðrar tilraunir sem komust á listann eru þegar sovéski vísindamaðurinn Vladimir Demikov reyndi að græða aukahöfuð og -framfætur á hundinn sinn og þegar læknirinn Stubbins Firth borðaði ælu úr gulusjúklingi, í því augnamiði að sanna að sjúkdómurinn væri ekki smitandi. **- shá**

## UMHVERFISMÁL

**Friðun Vífilsstaðavatns**

Umhverfisráðherra hefur birt auglýsingu um friðlýsingu Vífilsstaðavatns og nágrennis. Markmiðið með friðlýsingunni er að vernda vatnið ásamt fjölbreyttu og gróskumiklu lífríki þess. Á að stuðla að varðveislu og viðhaldi náttúrulegs ástands vatnsins með sérstæðum stofnum fiska.






Frumvarp um orkumarkaðinn líklega lagt fram á þingi fyrir jólafrí þingmanna:

# Orkulindir í samfélagslegri forsjá

**ALÞINGI** Frumvarp um orkumarkaðinn verður líklega lagt fram á Alþingi fyrir jól, en ekki rætt fyrr en á næsta ári, segir Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra. Þar verður meðal annars tryggt að orkulindir sem í dag eru í samfélagslegri forsjá verði það áfram.

„Málið er í vinnslu, það eru álitamál í því sem varða samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Auk þess þarf að tryggja að ekkert í því frumvarpi stangist á við ákvæði stjórnarskrár. Þess vegna eru sérfræðingar að skoða frumvarpið,“ segir Össur.

Spurður hvort ágreiningur sé í ríkisstjórninni um efni frumvarpsins segir Össur svo ekki vera, málið taki sinn tíma vegna tæknilegra atriða, ekki vegna þess að stjórnarflokkarnir séu ósammála. Þvert á móti hafi forsætisráðherra tekið undir megininntakið, en ekki stæði til að einkavæða orkuauðlindir.

„Meginstefnumiðin hafa komið fram,“ segir Össur. Því ætti sveitarstjórnarmönnum og öðrum sem bíða eftir frumvarpinu að vera ljóst eftir hvaða línu verði farið.

Hann segir að upphaflega hafi ekki staðið til að flýta málinu, en þess hafi þurft vegna málefna Reykjavík Energy Invest og Orkuveitu Reykjavíkur.



**HELLISHEIÐARVIRKJUN** Upphaflega stóð ekki til að flýta vinnslu frumvarps um orkumarkaðinn, en það varð að forgangsverkefni vegna málefna REI og Orkuveitunnar sem upp kom nýverið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nú þegar ró virðist komin á þau mál sé hægt að „róa fyrir allar víkur“ vegna hugsanlegra álitaefna, segir Össur. **- bj**

# Gefðu jólagjöf

## sem vex og vex og vex og vex ...

Framtíðarreikningur Glitnis
– fyrir káta krakka með stóra drauma

- Bestu vextir sparireikninga bankans
- Auðvelt og þægilegt að spara reglulega
- Verðtryggður reikningur
- Bundinn þar til barnið verður 18 ára



Gefðu inneign á Framtíðarreikning Glitnis og fáðu fallega Latabæjarderhúfu í Latabæjaröskju í kaupbæti.*

Framtíðarreikning færðu í næsta útibúi Glitnis. Það er líka sáraeinfalt að ganga frá málinu á **www.glitnir.is** og fá glaðninginn sendan beint heim.





GLITNIR

* Ef keypt er fyrir 3.000 kr. eða meira á meðan birgðir endast.

## GENGIÐ 27.11.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 62,7 | 63 |
| Sterlingspund | 129,78 | 130,42 |
| Evra | 93,1 | 93,62 |
| Dönsk króna | 12,485 | 12,559 |
| Norsk króna | 11,564 | 11,632 |
| Sænsk króna | 10,004 | 10,062 |
| Japanskt jen | 0,5788 | 0,5822 |
| SDR | 100,13 | 100,73 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
122,9697

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Rannsókn í Bretlandi og Danmörku á láti danskra hermanna í Afganistan:

# Bretar urðu Dönum að bana

**DANMÖRK** Breski herinn og danska stjórnin vinna nú að því að upplýsa hvort tveir danskir hermenn, sem biðu bana í Afganistan í september, hafi fallið fyrir hendi breskra hermanna. Frá þessu skýrði breska varnarmálaráðuneytið í gær.

Danska dagblaðið Politiken upplýsir einnig í gær að dönsku hermennirnir í Afganistan hafi fyrir löngu vitað að það hafi að öllum líkindum verið breskir hermenn sem urðu félögum þeirra að bana 27. september síðastliðinn.

Breska fréttastöðin BBC hefur áður skýrt frá því að Danirnir tveir hafi látið lífið þegar hitasæknum flugskeytum var skotið á danska hersveit. Í gær segir síðan danskur hermaður í Afganistan, í viðtali við Politiken, að það hafi verið viss léttir að vita að jafn fullkomin flugskeyti hafi ekki komið frá heimamönnum heldur frá breska hernum.

Dönsku hermennirnir segja jafnframt alltaf vera vissa hættu á því að falla fyrir hendi samherja sinna í Afganistan.

Í Afganistan eru nú sjö þúsund breskir hermenn og 600 danskir hermenn. Flestir hermanna beggja þjóðanna eru í sunnanverðu landinu, nánar tiltekið í Helmand-héraði þar sem heimamenn hafa barist hart gegn erlendu hersveitunum. - gb



**KOMU HEIM Í LÍKKISTUM** Lík dönsku hermannanna tveggja sem féllu í september borin út úr flugvél á herflugvelli á Jótlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Umhverfisstofnun Evrópu:

# Evrópsk losun innan marka

**UMHVERFISMÁL** Flest ríki Evrópska efnahagssvæðisins eru á góðri leið með að standast skuldbindingar sínar samkvæmt Kyotobókuninni um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Mestu munar um að eldri fimmtán aðildarríki Evrópusambandsins munu standast markmiðið um að draga úr losuninni um að minnsta kosti átta prósent, miðað við losun ársins 1990. Frá þessu greinir Umhverfisstofnun Evrópu, ESA, í nýrri skýrslu.

Í skýrslunni er lagt mat á gögn um losun frá 33 Evrópulöndum, þar á meðal Íslandi, á tímabilinu 1990-2005. - aa



**Í HÖFUÐSTÖÐVUM SJÓHERSINS** Musharraf tekur í hendur háttsettra yfirmanna í sjóhernum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tímamót í Pakistan:

# Musharraf kveður herinn

**PAKISTAN, AP Pervez Musharraf, forseti Pakistans, hyggst í dag segja af sér sem æðsti yfirmaður allra hersveita landsins. Á morgun mun hann síðan sverja embættiseið sem forseti þriðja kjörtímabil sitt í röð, að þessu sinni þó eingöngu sem borgaralegur forseti.**

**Í gær hélt Musharraf til höfuðstöðva hersins í Rawalpindi þar sem hann kvaddi félaga sína.**

**Musharraf hefur mætt vaxandi andspyrnu meðal þjóðar sinnar frá því í vor þegar hann reyndi að reka forseta hæstaréttar, en varð að draga í land með það. Hann lýsti síðan yfir neyðarástandi í byrjun nóvember og rak þá megnið af dómurum hæstaréttar.** - gb

## LEIÐRÉTTING

### Röng mynd með grein

Röng mynd birtist með grein um samvinnu lögreglunema í gær. Myndin var af Ólafi Egilssyni, ekki Pétri Berg Matthíassyni eins og fram kom í myndatexta.

Í blaðinu í gær var rangt farið með nafn fulltrúa Framsóknarflokksins sem í umhverfisnefnd Mosfellsbæjar bókaði athugasemdir vegna námavinnslu á Leirvogstungumelum. Hann heitir Óðinn Pétur Vigfússon.

# Varnarmálastofnun reki ratsjárstöðvar

**Ný stofnun á að reka mannvirki NATO og sjá um varnaræfingar. Nauðsynlegt er að skilja á milli borgaralegrar starfsemi og varnarviðbúnaðar segir utanríkisráðherra. Pólverjar komnir í hóp þjóða sem vilja senda flugsveitir til Íslands.**

**ÞJÓÐARÖRYGGI** Ekki á að blanda saman varnarviðbúnaði og borgaralegum stofnunum, sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra í gær. Hún boðar að stofnuð verði varnarmálastofnun sem taki við rekstri ratsjármannvirkja og samskipta við Atlantshafsbandalagið.

Þetta kom fram í máli Ingibjargar Sólrúnar á fundi Varðbergs og Samtaka um vestræna samvinnu. Hún sagði mögulegt að frumvarp með þessum breytingum liti dagsins ljós fyrir jólafrí þingmanna.

Með þessu fyrirkomulagi er ekki verið að byggja upp íslenskan hernaðarmátt, heldur er einungis verið að finna það fyrirkomulag sem best er til að halda utan um þetta starf, sagði Ingibjörg. Hún segir pólitískar ákvarðanir eftir sem áður verða mótaðar í utanríkisráðuneytinu.

Mannvirki og búnaður ratsjárstöðvanna er í eigu NATO. Þetta setur hagræðingu með samruna við borgaralegar stofnanir ákveðnar skorður, sagði Ingibjörg. Þá sé mikilvægt að „greina skýrlega í sundur hernaðarlega varnarstarfsemi og borgaralega starfsemi“.

„Þess vegna er miðað að því að setja sérstök lög um nýja varnarmálastofu, eða varnarmálastofnun eftir atvikum, sem annist allan rekstur mannvirkja NATO á Íslandi, sjái um varnaræfingar og samskipti sem byggjast á öryggistrúnaði innan bandalagsins eða eru liður í samhæfðum viðbrögðum NATO-ríkja,“ sagði Ingibjörg.

Hún sagði stjórnvöld fylgja mati NATO á nauðsyn íslensks loftvarnarkerfis og reglulegs eftirlits flugvéla bandalagsríkja í kjölfar brotthvarfs bandaríska varnarliðsins síðasta haust.

Ingibjörg upplýsti að Pólverjar hefðu bæst í hóp þeirra ríkja sem hygðust senda hingað flugsveitir til æfinga og eftirlits, og væri talað um að það yrði árið 2010. Áður hafði verið tilkynnt að sveitir væru væntanlegar frá Frakklandi, Bandaríkjunum, Danmörku, Spáni og Noregi.

Ingibjörg lagði áherslu á samstarf við grannríkin í öryggis- og varnarmálum. Hún sagði þó slíku samstarfi ekki ætlað að leysa af hólmi varnarsamstarf við Bandaríkin. Öryggissamstarfi við grannríki eins og Noreg og Danmörku væri eingöngu ætlað að vera viðbót við það samstarf.

brjann@frettabladid.is



**VARNARMÁL** „Við herjum ekki á neinn, við hervæðumst ekki, heldur lítum eftir lofthelgi okkar og landhelgi,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## KONUR KOMI MEIRA AÐ VARNARMÁLUM

Nauðsynlegt er að konur komi í auknum mæli að öryggis- og varnarmálum hjá einstökum ríkjum og alþjóðastofnunum, og hefur þörfin fyrir það verið viðurkennd á alþjóðavettvangi, sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra í gær.

Hún vitnaði í ályktun Sameinuðu þjóðanna um málið, og til þess að NATO hefði þegar gert aðgerðaáætlanir til að fá fleiri konur inn í starf sitt. Ingibjörg sagði aðgerðaáætlun sem miðaði að þessu einnig í vinnslu í utanríkisráðuneytinu, og að boðað yrði til samráðsfundar með frjálsum félagasamtökum fljótlega.

Almannavarnadeild:

# Fólk sé meðvitað um hættur

**NÁTTÚRA Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra vill vekja athygli almennings á leiðbeiningum um fyrirbyggjandi aðgerðir vegna jarðskjálfta. Nokkur jarðskjálftavirkni hefur verið frá Reykjanesskaga og norður fyrir Langjökul. Í liðinni viku var hrina jarðskjálfta við Selfoss og nú stendur yfir hrina jarðskjálfta við norðanverðan Langjökul. Töluverðar líkur eru á að jarðskjálftavirkni muni halda áfram á næstunni, segir í tilkynningu.**

**Í tilefni af þessu vilja almannavarnir vekja athygli almennings á að festa húsgögn og forðast að hafa þunga muni í hillum, einkum yfir rúmum og stöðum þar sem fólk situr að jafnaði.** - shá



**GLERÁRTORG** Byggingarleyfi fyrir viðbyggingu er umdeilt.

Akureyrarbær vill viðbyggingu:

# Eignarnám á Glerártorgi

**SKIPULAGSMÁL** Akureyrarbær óskar eftir að fá að taka lóðarhluta við Glerártorg eignarnámi.

Deilur hafa staðið milli Akureyrarbæjar og verslunarinnar Svefns og heilsu eftir að bærinn gaf félaginu SMI ehf. byggingarleyfi fyrir viðbyggingu. Svefn og heilsa kærði byggingarleyfið til Úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála sem segir verslunina eiga óbein eignarréttindi í lóðinni og hafi því þurft að samþykkja byggingarleyfið sem nú hefur verið fellt úr gildi. Bæjaryfirvöld segjast munu gefa byggingarleyfið út aftur fái þau heimild til að taka lóðina eignarnámi. - gar






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VEÐRIÐ ANNAÐ KVÖLD**
Það eru mjög slæmar veðurhorfur fyrir annað kvöld. Á morgun hvessir smám saman að deginum og annað kvöld, einkum þó aðra nótt og má reikna með 18-23 m/s víða um land síst þó reyndar á Norðaustur- og Austurlandi. Þessu fylgir vatnsveður sunnan og vestan til. Það er því full ástæða fyrir þá sem eiga eitthvað undir veðri að fylgjast með þróuninni.

**REYKJAVÍK Í DAG**
Suðaustan 5-8 m/s en hvassar í síðdegis. Skýjað og úrkomulítið. Frostlaust að deginum.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 9°C rigning | London | 12°C skýjað | Friedrichshafen | 9°C hálfskýjað |
| Billund | 9°C rigning | París | 7°C léttskýjað | Lúxemborg | 5°C hálfskýjað |
| Ósló | 3°C slydda | Amsterdam | 10°C skýjað | Alicante | 16°C skýjað |
| Stokkhólmur | 2°C él | Frankfurt | 6°C skýjað | Róm | 15°C léttskýjað |
| Gautaborg | 8°C rigning | Berlín | 4°C skýjað | Las Palmas | 21°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

**INGVAR HELGASON NOTAÐIR BÍLAR**



# GÓÐ ÞJÓNUSTA!

## HEIÐARLEIKI | KURTEISI | FAGMENNSKA

Þar sem bílakaup eru stór fjárfesting er afar mikilvægt að hjálpa fólki að velja bíl sem hentar. Við hjá Notuðum bílum leggjum ríka áherslu á að veita áreiðanlega ráðgjöf, enda fjölgar stöðugt í hópi ánægðra viðskiptavina okkar. Við leysum fagmannlega úr öllum málum og sýnum viðskiptavinum ávallt virðingu.

**Það er góð þjónusta!**

### Nokkur dæmi úr söluskrá












| Subaru **Forester** CS | Subaru **B9 Tribeca** | Nissan **Murano** | Nissan **Patrol** Elegance 35” | Opel **Zafira** 1,8 |
|---|---|---|---|---|
| **Ekinn 49 þús. Nýskr. 03/06. Bensín.** Klár fyrir veturinn. | **Ekinn 8 þús. Nýskr. 01/07. Bensín.** Glæsilegur eðalvagn. | **Ekinn 36 þús. Nýskr. 06/06. Bensín V6.** Lúxuskerra. | **Ekinn 30 þús. Nýskr. 03/07. Dísel.** | **Ekinn 3 þús. Nýskr. 02/07. Bensín.** Verð áður: 2.390.000 kr. |
| **2006** Beinskiptur | **2007** Sjálfskiptur | **2006** Sjálfskiptur | **2007** Sjálfskiptur | **2007** Beinskiptur |
| **2.220.000 kr.** | **4.560.000 kr.** | **4.390.000 kr.** | **2.950.000 kr.** | **Nú: 1.990.000 kr.** |



## Frábær þjónusta á nýju verkstæði

Starfsfólk Ingvars Helgasonar ehf. hefur á undanförnum árum unnið stöðugt að því að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Nýlega opnaði þjónustudeildin eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvum. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur það að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

Kveðja frá þjónustudeild.

IH
INGVAR HELGASON

**KJÖRKASSINN**



*Ætlar þú á jólahlaðborð í ár?*

| | |
|---|---|
| Já | 56% |
| Nei | 44% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að þingmenn eigi að hafa aðstoðarmenn?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Fjögur ný menntafrumvörp kynnt fjölmiðlum í gær:

# Meistaraprófs krafist

**MENNTUN** Meistaraprófs verður krafist af kennurum á öllum menntastigum í framtíðinni, samræmdum prófum í grunnskóla verður breytt og fræðsluskylda verður til átján ára aldurs. Þetta er meðal breytinga sem eru boðaðar í fjórum nýjum frumvörpum til menntalaga, en þau voru kynnt fjölmiðlum í gær.

Frumvörpin ná til allra stiga menntakerfisins; leik-, grunn- og menntaskóla auk menntunar og ráðningar kennara við stigin þrjú. Þeim er ætlað að auka samræmi og skapa svigrúm innan skólastiganna og milli þeirra. Unnið hefur verið að þeim undanfarin eitt til tvö ár.

Í frumvarpinu um grunnskóla ber helst að nefna breytingar á samræmdum prófum, þar sem þau verða aflögð í núverandi mynd og könnunarpróf lögð fyrir nemendur í fyrri hluta 10. bekkjar í staðinn. Leikskólafrumvarpið kveður meðal annars á um að félagsþroski og námsframvinda barna ráði því hvenær þau ljúka leikskólanámi og hefja nám í grunnskóla, en ekki eingöngu aldur eins og hefur verið.

Stytting náms til stúdentsprófs í þrjú ár og nýtt framhaldsskólapróf sem nemendur taka eftir tveggja ára nám er meðal þess helsta sem kynnt er í frumvarpinu um framhaldsskóla.

**- sþs**

**FRUMVARP UM LEIKSKÓLA:**

- Lok leikskólanáms miðist við félagsþroska og námsframvindu barna, ekki 1. september það ár sem börn verða sex ára.
- Sakavottorð eða heimild leikskólastjóra til að afla upplýsinga úr sakaskrá liggi fyrir við ráðningu í leikskóla.
- Að lágmarki tveir þriðju hlutar stöðugilda við kennslu, umönnun og uppeldi barna skuli vera menntaðir leikskólakennarar.

**FRUMVARP UM GRUNNSKÓLA:**

- Könnunarpróf komi í stað samræmdra prófa í 10. bekk. Nýju prófin verði sambærileg þeim prófum sem lögð eru fyrir nemendur í 4. og 7. bekk, og verði tekin á fyrri hluta 10. bekkjar.
- Svigrúm í skipulagi náms verði aukið, þar með talin námslengd og skil milli skólastiga. Áfram miðað við tíu ára skólaskyldu.

**FRUMVARP UM FRAMHALDSSKÓLA**

- Einingakerfinu breytt þannig að eitt námsár veiti sextíu einingar.
- Framhaldsskólapróf lagt fyrir nemendur eftir tveggja ára nám. Það nýtist ef viðkomandi vill taka hlé og halda áfram síðar.
- Til að útskrifast með stúdentspróf skuli nemandi hafa lokið að minnsta kosti 180 einingum, sem samsvarar þremur árum.
- Kjarnagreinum fækkað í þrjár; íslensku, ensku og stærðfræði.

**FRUMVARP UM MENNTUN KENNARA**

- Menntunarskilyrði til að öðlast starfsheiti og starfsréttindi leik-, grunn- og framhaldsskólakennara aukin; meistaraprófs krafist.
- Starfsheiti og starfsréttindi leikskólakennara og stjórnenda leikskóla verði lögverndað.
- Leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri skuli hafa starfsheitið leikskólakennari.

**DÓMSMÁL**

## Farbann staðfest

Hæstiréttur staðfesti í gær farbann yfir Litháa sem grunaður er um þjófnað, eignaspjöll, umferðar- og fíkniefnalagabrot hér á landi. Dómsmálaráðherra hafði áður samþykkt að framselja manninn til Litháens þar sem hann er grunaður um fleiri lögbrot. Maðurinn sætir farbanni til 10. desember.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

## Gripinn með um 50 e-töflur

Lögreglan á Akureyri handtók karlmann um tvítugt í fyrrakvöld, sem hún grunaði um að vera með fíkniefni í fórum sínum. Við leit á manninum reyndist hann vera með á fimmta tug e-taflna meðferðis. Maðurinn játaði við yfirheyrslu lögreglu að vera eigandi fíkniefnanna og var hann látinn laus að yfirheyrslunni lokinni. Málið telst upplýst.








**MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ** Formaður félags framhaldsskólakennara segir áform um að gerbreyta núverandi einingakerfi framhaldsskólans hafa verið illa útskýrð. Ítrekað hafi verið óskað eftir skýringum á tilgangi þess, en engin svör hafi fengist. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Kennarar gagnrýna styttra framhaldsnám

**Framhaldskólakennarar eru ekki sáttir við áform um styttingu náms til stúdentsprófs í nýju menntafrumvarpi. Verið sé að skera niður nám framhaldsskólanema. Veldur gífurlegum vonbrigðum, segir formaður félags framhaldsskólakennara.**

**MENNTUN** Framhaldsskólakennarar eru ósáttir með stóran hluta nýs frumvarps til laga um framhaldsskóla.

Ef áform sem voru í frumvarpinu þegar laganefnd framhaldsskólans sá það síðast ganga óbreytt eftir þýðir það niðurskurð á námi, segir Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður félags framhaldsskólakennara.

Hún segir að Alþingi þurfi að finna allt aðrar leiðir en að skerða nám til að nemendur geti útskrifast yngri en þeir gera nú, ef vilji sé til þess. Kennarasamtökin séu alfarið á móti því að skera niður nám og undirbúning nemenda.

Frumvarpið er eitt fjögurra sem tengjast menntamálum, allt frá menntun kennara til náms í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Þau voru kynnt fjölmiðlum í gær.

Meðal helstu breytinga í frumvarpinu um framhaldsskóla er upptaka nýs alþjóðlegs einingakerfis í stað þess gamla, nýtt framhaldsskólapróf sem nemendur geta þreytt eftir tveggja ára framhaldsskólanám og stytting náms til stúdentsprófs í þrjú ár.

Að sögn Aðalheiðar neituðu fulltrúar félags framhaldsskólakennara í laganefnd framhaldsskólans að skrifa undir lagatextann á fundi hinn 5. nóvember síðastliðinn.

„Ef þetta verður niðurstaðan mun hún fela í sér skerðingu á námi. Ef menn vilja á annað borð koma núverandi námsinntaki stúdentsprófsins fyrir á skemmri tíma þá þarf að lengja starfstíma skólanna miklu meira en verið er að gera,“ segir hún. „Það veldur okkur gífurlegum vonbrigðum að þetta sé í frumvarpinu.“

Aðalheiður segir áform um að gerbreyta núverandi einingakerfi framhaldsskólans einnig hafa verið illa útskýrð. „Við margóskuðum eftir skýringum á því hver tilgangurinn væri og hvaða ávinning þessar breytingar myndu hafa í för með sér fyrir nám nemenda, en við fengum þær aldrei. Þetta mál er eiginlega alveg óskrifað blað.“

Hún bætir við að framhaldsskólakennarar hafi viljað draga meira úr gjaldtöku en raunin var í frumvarpinu, og lítil bragarbót sé gerð á námsráðgjöf í framhaldsskólum. Fjar- og dreifnám fái einnig lítið brautargengi inn í þá hugsun sem felst í frumvarpinu.

„En það er líka ýmislegt ágætt í frumvarpinu, við erum ekki ósátt við allt í því,“ segir Aðalheiður. „Til dæmis horfum við með mjög jákvæðum augum á áform um að færa ábyrgð á uppbyggingu námsbrauta til framhaldsskólanna og losa um miðstýringuna. Svo er verið að gera ýmsa bragarbót á vinnustaðanámi og skýrari ákvæði um mat á skólastarfi sem við teljum vera gott.“

**salvar@frettabladid.is**






Gunnar Páll Pálsson, formaður VR, um minni líkur á áfallatryggingasjóði:

# Of snemmt að afskrifa sjóðinn

**VINNUMARKAÐUR** Verslunarmenn vilja taka varfærnari skref í átt að nýjum áfallatryggingasjóði og byggja á reynslunni. Þeir eru tilbúnir til að semja um styttingu á veikindarétti gegn hærra framlagi í sjúkrasjóði og ná samkomulagi við stjórnvöld um aukna fjármuni til endurhæfingar sem fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar gætu ráðstafað til starfsendurhæfingar á fyrri stigum en nú er gert. Þannig yrði gripið inn í tveimur til þremur mánuðum eftir veikindi eða slys hjá þeim sem talið er að endurhæfing muni nýtast.

„Ég tel að við séum að brenna á tíma og þurfum að vinna þetta betur. En mér finnst kannski of snemmt að afskrifa þetta alveg,“ segir Gunnar Páll Pálsson, formaður VR, um minnkandi líkur á nýjum áfallatryggingasjóði.



**PÁLL GUNNAR PÁLSSON**

„Ég er talsmaður þess að við tökum minni skref, fáum reynslu og ákveðum síðan áframhaldandi skref byggt á reynslunni.“

Gunnar Páll segir að verslunarmenn séu fullkomlega sammála markmiðinu að baki hugmyndum um áfallatryggingasjóð en vilji taka varfærnari skref. Hann telur að það sé umhugsunarefni ekki sé gert ráð fyrir að neinir nýir fjármunir komi inn í áfallatryggingasjóð heldur eigi einungis að greiða endurhæfingu og aukinn kostnað með sparnaði af bættri endurhæfingu. Gagnrýni hafi komið á þetta.

„Við höfum ekkert fast í hendi hvað við munum ná miklum árangri í að endurhæfa þannig að ef við náum ekki þessum árangri þá verðum við fljótlega fjárþurfi í þessum nýja sjóði. Ef markmiðið næst ekki verður gríðarlegur kostnaðarauki í kerfinu sem enginn er tilbúinn til að ábyrgjast,“ segir hann.

**- ghs**

Spá vaxandi verðbólgu
Verðbólga eykst - Hærri vísitala neysluverðs
Mikil lækkun í Kauphöllinni
Hrap á hlutabréfamarkaði
Olíuverð aldrei hærra
Gengistap
Sparneytni slær öll met

SUZUKI Way of Life!

# JEPPAGLEÐI í skammdeginu

ALLT AÐ 100% GLITNISLÁN Í 84 MÁN.
LÆKKUÐ VAXTAKJÖR OG LÁNTÖKUGJALD
AÐEINS ÞESSA VIKU

Aðeins 3 eintök

FULL FRAME 4x4



**GRAND VITARA XL7 LTD**
TILBOÐSVERÐ 3.490 ÞÚS.
(400 þús afsláttur - listaverð 3.890 þús)

Tilboðsverð á öllum notuðum og nýjum jeppum til 1. des.

Aðeins 2 eintök






**SX4 2,0 l beinskipt.**
TILBOÐSVERÐ 1.940 ÞÚS.
(200 þús afsláttur - listaverð 2.140 þús)

FULL FRAME 4x4

**ALLIR NOTAÐIR GRAND VITARA OG JIMNY SKRÁN.ÁR 2005**
GRAND VITARA 300 ÞÚS. AFSLÁTTUR FRÁ ÁSETTU VERÐI
JIMNY 200 ÞÚS. AFSLÁTTUR FRÁ ÁSETTU VERÐI

Aðeins 4 eintök

FULL FRAME 4x4



**Grand Vitara DIESEL, beinskipt.**
TILBOÐSVERÐ 2.940 ÞÚS.
(250 þús afsláttur - listaverð 3.190 þús)

AÐEINS MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS

SUZUKI
SKEIFUNNI 17. SÍMI 568 5100.

Öruggast er að mæta snemma í dag - á morgun gæti það verið of seint.

Hugtök Nov 07

# Leggjum framtíðinni lið

Lokaráðstefna tilraunverkefnisins

**Framtíð í nýju landi**

Fjölbrautaskólanum í Garðabæ
föstudaginn 30. nóvember kl. 13 – 16

Á ráðstefnunni er fjallað um hugmyndafræði, starfsaðferðir og árangur verkefnisins sem miðar að því að efla ungmenni af erlendum uppruna í námi og starfi. Þá verður fjallað um hvernig niðurstöður þess geta nýst til framtíðar, sem og öðrum minnihlutahópum, og gerð grein fyrir tillögum og ábendingum verkefnisstjórnar til stjórnvalda, skólayfirvalda, sveitarfélaga og annarra sem hafa hlutverki að gegna við aðlögun ungra innflytjenda.

Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti, ávarpar ráðstefnuna

13.00 – 14.20

Dagur B. Eggertsson flytur opnunarávarp og setur ráðstefnuna
Anh-Dao Tran verkefnisstjóri: *Hugmyndafræði og starfsaðferðir FÍNL*

**Reynslan af þátttöku og samstarfi ólíkra aðila:**

Fjölnir Ásbjörnsson, sviðsstjóri Iðnskóla Reykjavíkur
Páll Daníel Sigurðsson, sviðsstjóri framkvæmdasviðs hjá Eykt hf
Hải Anh thị Nguyễn, þátttakandi í FÍNL
Chung thị Nguyễn, foreldri þátttakanda í FÍNL
Guðmundur Erlingsson, mentor við FÍNL

14.20 **Kaffihlé / video frá málþingi**

14.40 – 15.00

Hildur Jónsdóttir: *Árangur FÍNL og tillögur verkefnisstjórnar*

**Fyrirspurnir**

15.10 – 16.00 **Hvernig munu niðurstöður verkefnisins nýtast okkur?**

Helga Halldórsdóttir sviðsstjóri RKÍ
Sigurður Bessason, formaður Eflingar
Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra
Einar Skúlason framkvæmdastjóri Alþjóðahúss: Samantekt og slit.

Aðgangur er ókeypis, en væntanlegir ráðstefnugestir eru beðnir um að skrá sig með tölvupósti á netfangið *anhdao.tran@reykjavík.is* fyrir 28. nóvember nk.


Gott ár þrátt fyrir hækkun á hrávöruverði, segir Xavier Govare, forstjóri:

# Hagnaður Alfesca yfir spám

**VIÐSKIPTI** Alfesca skilaði 0,8 milljóna evra hagnaði, jafnvirði tæpra 75 milljóna króna, á tímabilinu 1. júlí til 30. september. Það var fyrsti fjórðungur fjárhagsárs Alfesca. Greiningardeildir bankanna höfðu spáðu Alfesca tapi á bilinu 0,3 til 1,6 milljóna evra, um 28 til 150 milljónum íslenskra króna. Hagnaður á hvern hlut nam 0,013 evrusentum, um 1,22 krónum.

„Fjárhagsárið 2007 til 2008 byrjar mjög vel þrátt fyrir óvenju miklar hækkanir á hrávöruverði," er haft eftir Xavier Govare, forstjóra Alfesca, í tilkynningu. Verð á laxi hækkaði þó ekki á tímabilinu en rekstur Alfesca er sérstaklega viðkvæmur fyrir sveiflum í því.

Heildarsala á fjórðungnum jókst um tuttugu prósent samanborið við sama tímabil í fyrra. Nam hún 134 milljónum evra. EBITDA, hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, nam 7,3 milljónum evra og jókst um 108 prósent.

Í tilkynningunni kemur fram að hráefnisverð og erfiðar markaðsaðstæður muni hafa áhrif fram á næsta almanaksár. Horfur í rekstrinum séu þó góðar, þróunin á neytendamarkaði sé jákvæð og staða fyrirtækja félagsins á markaði sterk. - hhs


**XAVIER GOVARE, FORSTJÓRI ALFESCA** Alfesca skilaði jafnvirði tæpra 75 milljóna króna hagnaði á síðasta ársfjórðungi.

Hreppsnefnd Bæjarhrepps:

# Skipulagsmál á Borðeyri óleyst

**SVEITARSTJÓRNIR Minnihluti hreppsnefndar Bæjarhrepps í Strandasýslu vill ekki styðja gerð nýs skipulags fyrir Borðeyri.**

**Segjast fulltrúar minnihlutans telja feril meirihlutans í skipulagsmálum einkennast af mistökum. „Nærtækast er að benda á aðdraganda að flutningi á sumarhúsi til Borðeyrar," segir minnihlutinn og vísar þar til frístundahúss sem oddvitinn leyfði að flutt yrði á Borðeyri í trássi við skipulag þorpsins. Kveðst minnihlutinn munu senda Skipulagsstofnun greinargerð um málið og vill að beðið verði með nýtt deiliskipulag á Borðeyri þar til stofnunin hafi lýst áliti sínu í málinu.** - gar

**VELFERÐARMÁL**

## Nýr verkefnastjóri

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur ráðið Jónu Rut Guðmundsdóttur, sálfræðing og félagsráðgjafa, sem sérstakan verkefnastjóra til að vinna að færslu verkefna á sviði málefna fatlaðra frá ríki til Reykjavíkurborgar. Með því er talið að betri tækifæri gefist til að samþætta enn frekar þjónustu við þennan hóp, segir í tilkynningu.


**FUNDUR SETTUR** Mahmoud Abbas, George W. Bush og Ehud Olmert létu taka af sér nokkrar myndir í Annapolis í gær. NORDICPHOTO/AFP

# Stefna að samkomulagi fyrir lok næsta árs

**Palestínumenn og Ísraelar hafa samþykkt að hittast hálfsmánaðarlega til að ganga frá samkomulagi um stofnun Palestínuríkis og friðsamlega sambúð ríkjanna tveggja. Erfitt verk fyrir höndum, segir Bush.**

**BANDARÍKIN, AP** Við upphaf friðarfundarins í Annapolis í gær skýrði George W. Bush Bandaríkjaforseti frá því að fulltrúar Ísraela og Palestínumanna hefðu náð samkomulagi um að hefja friðarviðræður í næsta mánuði. Markmið þeirra viðræðna verði að stofna „lýðræðislegt Palestínuríki sem lifir með Ísraelsríki í friði og öryggi".

Fulltrúar Ísraela og Palestínumanna ætla að hittast fyrst 12. desember og síðan á hálfs mánaðar fresti þar til samkomulag hefur tekist, en stefnt er að því fyrir lok næsta árs.

„Þetta verk sem er hafið hér í Annapolis verður erfitt," sagði Bush, en bætti við: „Tíminn er réttur, málstaðurinn er réttlátur, og með því að leggja sig alla fram er ég viss um að þeim tekst þetta."

Mahmoud Abbas, forseti Palestínustjórnar, tók þó fram að enginn friðarsamningur gæti orðið að veruleika nema í honum fælist að austurhluti Jerúsalemborgar yrði höfuðborg Palestínumanna. Einnig krafðist hann þess að Ísraelar hættu öllu landnámi á svæðum sem Palestínumenn gerðu tilkall til. Hann hvatti alla Ísraela til að styðja friðarsamningana og sagði stríð og hryðjuverk heyra fortíðinni til.

Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, tók fyrir sitt leyti fram að nú skyldi ræða um „öll þau mál sem hingað til hefur verið forðast að ræða."

„Þótt þetta verði gríðarlega erfitt fyrir mörg okkar, þá er það engu að síður óhjákvæmilegt."

Harðlínumenn heima fyrir, bæði meðal Ísraela og Palestínumanna, hafa þó ítrekað neitað að fallast á minnstu málamiðlanir.

Talsmaður Hamas-hreyfingarinnar, sem hefur átt í átökum við Fatah-hreyfingu Abbas, sagði að Abbas hefði „ekkert umboð til að ræða, semja um eða þurrka út eitt orð sem tengist réttindum okkar." Abbas hefði farið til ráðstefnunnar í Annapolis „án nokkurs stuðnings frá eigin þjóð. Hann er einangraður og talar aðeins fyrir sjálfan sig".

Bandaríkjastjórn hefur verið gagnrýnd fyrir að hafa látið deilur Ísraela og Palestínumanna afskiptalausar allt frá því Bush tók við völdum, en efna síðan til þessa fundar á síðustu stundu, ári áður en seinna kjörtímabili forsetans lýkur. gudsteinn@frettabladid.is




ný
# inspiron™



Lífið er í lit!

Dell mælir með Windows Vista Home Premium

KR. 148.000*




## Inspiron™ 1520

Falleg og gáfuð félagsvera með öflugri myndvinnslu

- Intel®Core™2 Duo örgjörvi T5550, 1,83 Ghz, (667 Mhz FSB, 2MB L2 cache)
- Windows Vista Home Premium
- 15,4" Wide Screen WXGA TrueLife™ skjár og 2,0 MP myndavél WXGA+
- 2GB vinnsluminni
- 160GB harður diskur
- DVD+/-RW geisladrif
- nVidia GeForce Go 8600M GT skjákort með 256MB minni
- Innbyggt mótald / Bluetooth / þráðlaust netkort, Dell 1505 / netkort
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS / 1 ár á rafhlöðu

**8 LITIR. BREIÐUR HÁSKERPUSKJÁR. LANGDRÆGT ÞRÁÐLAUST NET.**

Kryddaðu tilveruna með Inspiron™ 1520. Þessi fullkomna alhliða ferðatölva er uppfull af möguleikum. Hún styður allar gerðir margmiðlunar og er með háskerpu breiðskjá, margmiðlunarhnöppum framan á, 2 MP innbyggðri vefmyndavél, langdrægu þráðlausu neti, Bluetooth®, DVD-RW og kortalesara sem les 8 gerðir korta.

**Búin Intel® Centrino® tækni með Intel® Core™2 Duo örgjörva.**
**Mikil afkastageta og betri nýtni rafhlöðuna .**

DELL™
YOURS IS HERE

* FYRIRVARAR: Verð er tilboðsverð með vsk. og gildir meðan birgðir endast. Verð miðast við gengi og getur breyst án fyrirvara. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

Dell, vörumerkið Dell, Inspiron, UltraSharp, TrueLife og TrueMobile eru vörumerki í eigu Dell Inc., Intel, Pentium og Core eru skrásett vörumerki í eigu Intel Corporation eða útibúa þess í Bandaríkjunum Norður-Ameríku og öðrum löndum. Microsoft, Windows og Windows Vista eru vörumerki eða skrásett vörumerki í eigu Microsoft Corporation. Önnur nöfn eða vörumerki sem vísað er til í þessari auglýsingu geta verið í eigu annarra. Dell gerir ekki tilkall til vörumerkja annarra.

## Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / Sími 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / Sími 463 3000

Penninn / Hallarmúla 4, Reykjavík / 540 2000 // R.Sigmundsson / Fiskislóð 84, Reykjavík / 520 0000 // Penninn Eymundsson / Sólvallagötu 2, Reykjanesbær / 421 1102 // Tölvu- og rafeindaþjónusta Suðurlands / Eyrarvegi 37, Selfoss / 480 3300 // Tölvun / Strandvegi 51, Vestmannaeyjar / 481 1122 // BVT / Austurvegi 15, Vík / 487 1510 // Bókaverslun Þórarins Stefánssonar / Garðarsbraut 9, Húsavík / 464 1234 // Penninn / Hafnarstræti 91-93, Akureyri / 540 2180 // Netheimar / Aðalstræti 27, Ísafjörður / 456 5006 // Kaupfélag Skagfirðinga / Ártorgi 1, Sauðárkrókur / 455 4500 // Mareind / Nesvegi 7, Grundarfjörður / 438 6611 // Omnis / Brúartorgi 4, Borgarnes / 433 0300 // Omnis / Dalbraut 1, Akranes / 433 0300 // Omnis / Tjarnargötu 7, Reykjanesbæ / 422 0300 // Martölvan / Litlu Brú 1, Höfn í Hornafirði / 478 1300

EJS



**FLÓÐ Í DJAKARTA** Óvenjumikið háflæði var í norðurhluta borgarinnar Djakarta á Indónesíu í gær svo flæddi allhressilega yfir götur. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Síðastliðinn aldarfjórðung hefur áfengisneysla á Íslandi aukist um 65 prósent:

# Drykkja hvergi aukist meira en hér

**ÁFENGI** Áfengisneysla á Íslandi hefur aukist um 65 prósent frá árinu 1980 til 2005. Hvergi í aðildarríkjum Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, OECD, hefur áfengisneyslan aukist jafn mikið á þessu árabili.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu um heilbrigðismál sem Efnahags- og framfarastofnun Sameinuðu þjóðanna, OECD, sendi frá sér í gær.

Aukning áfengisneyslu er næstmest á Írlandi, eða 41 prósent, og í þriðja sæti er Mexíkó með 39 prósent aukningu. Á Ítalíu hefur áfengisneysla hins vegar dregist saman um helming á árunum 1980 til 2005, um 36 prósent á Spáni og um þriðjung í Frakklandi.

Þess verður þó að geta að einungis í fjórum OECD-landanna er áfengisneyslan minni en hér á landi, nefnilega í Tyrklandi, Mexíkó, Noregi og Svíþjóð. Hér á landi mældist neyslan 7,1 lítri af hreinu áfengi á mann árið 2005, og hafði þá sem fyrr segir aukist um 65 prósent frá árinu 1980.

Mesta salan á áfengi er hins vegar í Lúxemborg, enda er áfengi þar ódýrt og fólk gerir sér gjarnan ferð þangað frá nágrannalöndunum til að kaupa sér drykkjarföng. Salan í Lúxemborg nemur að meðaltali 15,5 lítrum af hreinu áfengi á mann á ári, en næstmest er neyslan á Írlandi, 13,5 lítrar.

Meðaltalsneysla áfengis í OECD-löndunum 30 er 9,5 lítrar á mann á ári. Að meðaltali hefur hún dregist saman um 15 prósent á fyrrgreindu tímabili. Í þessum útreikningum er miðað við íbúa landanna, sextán ára og eldri. - gb



**NÓG AÐ DREKKA** Í Frakklandi hefur áfengisneyslan minnkað um helming undanfarinn aldarfjórðung. Á myndinni má sjá franskan forsetaframbjóðanda þiggja drykk á ferð sinni um kjördæmin í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP


Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Fjármálakvöld fyrir alla

Landsbankinn kynnir „Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld", röð fjármálanámskeiða fyrir almenning. Á námskeiðunum fjalla sérfræðingar bankans um þætti sem lúta að fjármálum heimilanna, fjárfestingartækifærum og lífeyrismálum. Fjármálafræðslan er öllum opin og án endurgjalds.

Námskeiðin hefjast kl. 20:00 á eftirfarandi stöðum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. nóv. | Aðalbanki | Hvar liggja fjárfestingartækifærin? | |
| 8. nóv. | Árbær | Fjármál heimilisins frá A til Ö | |
| 15. nóv. | Egilsstaðir | Fjármál heimilisins frá A til Ö | |
| 22. nóv. | Grafarholt | Lífeyrismál frá A til Ö | |
| 29. nóv. | Akureyri | Hvar liggja fjárfestingartækifærin? | á morgun |

NÓVEMBER

Á morgun: Akureyri

Lúðvík Elíasson, sérfræðingur í Greiningardeild Landsbankans og Valdimar A. Valdimarsson, sérfræðingur á Eignastýringarsviði Landsbankans fara yfir hvar fjárfestingartækifærin liggja, hvert stefnir á hlutabréfamarkaði, hvert krónan er að fara og hvað er á döfinni í vaxtamálum.

Skráning hafin á landsbanki.is

Skráning á fjármálakvöld fer fram á landsbanki.is eða í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000.

Nánari upplýsingar um námskeiðin eru á landsbanki.is

Landsbankinn

ÍSLENSKA SIA.IS LBI 40132 11.2007




**Á STRANDSTAÐ** Flutningaskipið Axel á strandstað, en björgunarskipið Ingibjörg frá Hornafirði og hafnsögubáturinn Björn lóðs aðstoðuðu á vettvangi. MYND/HORNAFJORDUR.IS

Flutningaskipið Alex strandaði við Hornafjarðarós:

# Skip steytti á skeri og varð vélarvana

**STRAND** Flutningaskipið Axel steytti á skeri við Borgeyjarboða austan við Hornafjarðarós um áttaleytið í gærmorgun. Skipið var á leiðinni til Póllands með fullfermi af frosnum fiskafurðum en talið var að í skipinu væru um 170 tonn af olíu. Ellefu skipverjar eru í áhöfn þess.

Skipið varð vélarvana við höggið þegar það steytti á skerinu og var björgunarskipið Ingibjörg sent á strandstað frá Hornafirði, ásamt því að eitt varðskip Landhelgisgæslunnar var sent af stað.

Einhver leki komst að skipinu en hann var óverulegur og var sjó dælt úr því jafnóðum. Þá lak eitthvað af olíu úr skipinu í sjóinn á strandstað, en olíulekinn reyndist lítill.

Skipverjar komu vél skipsins í gang að nýju upp úr klukkan tíu og náðu að sigla því af strandstað. Ákveðið var að sigla því til Fáskrúðsfjarðar undir eigin vélarafli í samfloti við varðskip Landhelgisgæslunnar. Þar verður skipið skoðað og lagt mat á skemmdir þess og sjóhæfni. - æþe


3

ÚTSENDING HEFST Í DAG!

STILLTU Á RÁS 12 Á DIGITAL ÍSLAND

**Hrífandi reynslusaga Aline Feuvrier-Boulanger, ungrar konu sem gekkst undir hjartaígræðslu,**
og stórmerkur vitnisburður um mátt nútíma læknavísinda.

# ÉG FÉKK NÝTT HJARTA

*„**Ég upplifði nótt án hjarta,** tengd rafknúinni dælu. Þessi bið var hræðileg. **Hjartslátturinn var hljóðnaður**, líkaminn blýþungur. Ég var heppin að komast á sjúkrahús í tæka tíð ... og vera á lista yfir líffæraþega. Ég var svo lánsöm að einhver var með hjarta sem passaði mér. Ég hef mikið velt þessu fyrir mér: hvers vegna ég?“*

**Alina er aðeins átján ára**, en mjög veil fyrir hjarta og þarf að bíða lengi eftir nýtt líffæri úr einhverjum öðrum, hjarta sem passar henni. Eftir langa og erfiða aðgerð og endurhæfingu er áralöng þrautaganga á enda. Hún getur hafið nýtt líf og lifað eðlilegu lífi eins og hver önnur ung kona. **Aline er nú yfir sig ástfangin og finnst lífið dásamlegt.**

ÚTKALL
Sími 562 2600




**LANGERFIÐASTA ÚTKALL ÁHAFNAR TF-LÍF VAR RÉTT SUNNAN VIÐ SANDGERÐI FYRIR SÍÐUSTU JÓL.**

**Sjö aðframkomnum Dönum af varðskipinu Triton var bjargað með ævintýralegum hætti** úr öldum sem voru á við þriggja hæða hús í svartamyrkri.

# ÍSLENDINGAR BJARGA DÖNUM

**Í þessari bók lýsir áhöfn TF-LÍF og Danirnir sjálfir í fyrsta skipti opinberlega því sem gerðist.** Björgunin var flókin og menn hugleiddu hvort verkefnið væri yfirleitt framkvæmanlegt. **Um tíma héldu sumir um borð að þyrlan færi í sjóinn.** Við fylgjumst með þyrluáhöfninni, ástandinu um borð í Triton, ótrúlegri leið gúmbátsins og því sem **raunverulega gerðist um borð í Wilson Muga.**

**Einstök spenna og dramatík**



Hörkuspennandi metsölubækur Óttars Sveinssonar um sanna atburði eru sívinsælt efni sem lesandinn leggur ekki frá sér fyrr en að lestri loknum. Hér fjallar hann um Dani í sjávarháska og Íslendinga sem komu þeim til bjargar á ögurstundu.

ÚTKALL
Sími 562 2600






**MÓTMÆLI GEGN OLÍUVERÐSHÆKKUN** Þessi unga manneskja tók þátt í mótmælum gegn olíuverðshækkun í Maníla á Filippseyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Störfum hjá íslenskum tæknifyrirtækjum fjölgaði um 600 á tveimur árum:

# Skortur á hæfu starfsfólki í tæknigeiranum

**ATVINNUMÁL** Skortur á hæfu starfsfólki eykst stöðugt hjá íslenskum tæknifyrirtækjum en 600 ný störf hafa skapast á síðastliðnum tveimur árum innan þeirra. Meirihluti stjórnenda er bjartsýnn fyrir hönd fyrirtækja sinna og sífellt fleiri skila hagnaði.

Þetta er meðal niðurstaðna rannsóknarverkefnisins Stofnun, vöxtur og viðgangur íslenskra tæknifyrirtækja, fyrir árið 2007, sem Rannsóknarmiðstöð Háskólans í Reykjavík í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum hefur gefið út.

Rögnvaldur J. Sæmundsson, dósent og forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvarinnar, segir greinilegt að skortur á starfsfólki liggi þungt á íslenskum tæknifyrirtækjum. „Fyrirfram hefði maður talið að skortur á fjármagni og almennt efnahagsumhverfi væri stjórnendum efst í huga.“ Rögnvaldur segir að fyrsta árið sem könnunin var gerð, árið 2005, hafi 23 prósent stjórnenda nefnt starfsmannamál sem ógnun við fyrirækin en í ár voru það 48 prósent.

Mikil gróska er innan fyrirtækjanna. Árið 2005 voru 576 störf í tæknifyrirtækjum sem eru fimm ára og yngri en í ár eru þau 1188. Af öðrum niðurstöðum nefnir Rögnvaldur athyglisvert að fyrirtækin í rannsókninni verja að meðaltali rúmum fjórðungi veltunnar í rannsóknir og þróun.

Velta fyrirtækjanna hefur aukist að meðaltali um 52 prósent á síðustu þremur árum og sífellt fleiri stjórnendur gera ráð fyrir að fyrirtækin skili hagnaði.

- shá



**TÆKNI** Ný rannsókn sýnir að skortur á hæfu starfsfólki stendur ungum íslenskum tæknifyrirtækjum fyrir þrifum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI









**ÓEIRÐIR Í PARÍS** Ungmenni í Villiers-le-Bel rústuðu þessum lögreglubíl á mánudagskvöldið, annað óeirðakvöldið í röð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Skotvopnum hiklaust beitt

**Aukin harka þykir hafa færst í óeirðirnar í Frakklandi miðað við fyrri óeirðir. Skotvopnum er nú beitt gegn lögreglunni. Mikil reiði í hverfunum.**

**FRAKKKLAND, AP** Óeirðirnar í norðurhverfum Parísar síðustu daga hafa verið óvenju harðar, mun harðari en óeirðirnar sem urðu þar fyrir tveimur árum af svipuðu tilefni. Mestu munar þar um byssur, sem sumir mótmælenda hafa beitt gegn lögreglunni.

Í gær höfðu um 80 lögreglumenn særst í átökunum, sem hófust á sunnudagskvöld eftir að tveir unglingspiltar á mótorhjóli létust þegar þeir lentu í árekstri við lögreglubifreið.

Íbúar í nágrenninu segja lögreglumennina hafa farið af vettvangi án þess að veita helsærðum piltunum aðstoð. Lögreglan segir það ekki rétt, en innra eftirlit lögreglunnar er að rannsaka atvikið.

Þetta gerðist á sunnudaginn og óeirðir brutust út strax þá um kvöldið í hverfinu Villiers-de-Bel. Á mánudagskvöld urðu óeirðirnar enn harðari og höfðu þá breiðst út til tveggja annarra úthverfa norðan til í París. Gífurleg reiði er í hverfunum út í lögregluna.

Grjóti og bensínsprengjum var kastað í lögregluna, en auk þess var skotvopnum beitt gegn henni. Ungmenni sáust nota veiðibyssur til að skjóta á lögregluna og særðist einn lögreglumaður á öxl. Í óeirðunum 2005, sem stóðu í þrjár vikur, var ekki mikið um að byssur væru notaðar.

„Ofbeldið hefur aukist,“ segir Jean-Claude Delage, formaður stéttarfélags lögreglumanna. „Ungir hrottar hika ekki við að skjóta úr byssum, jafnvel af stærra taginu, á liðsmenn lögreglunnar.“

Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti er í opinberri heimsókn í Kína, en hefur boðað til neyðarfundar í dag strax og hann kemur aftur til Parísar.

gudsteinn@frettabladid.is




Þingmenn Vinstri grænna:

## Vilja fá friðargæsluliða heim

**ALÞINGI** Formaður Vinstri grænna og þrír þingmenn flokksins hafa lagt fram á Alþingi þingsályktunartillögu þar sem það er lagt fyrir utanríkisráðherra að kalla heim íslenska friðargæsluliða í Afganistan.

Jafnframt er lagt til að þátttaka Íslands í friðargæslu og verkefnavali verði endurskipulögð í samræmi við markmið nýrra laga um friðargæslu.

Í dag starfa 15 friðargæsluliðar í Afganistan. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að hún sé byggð á þeirri skoðun að forsendur fyrir dvöl friðargæsluliðanna teljist lagalega afar hæpnar. - bj

Áform um millilandaflug frá Ísafirði:

# Nægileg frakt og farþegar

**SAMGÖNGUR** Áform eru uppi um að hefja beint millilandaflug frá Ísafirði. Haukur Vagnsson, sem átti sæti í Ferðamálasamtökum Vestfjarða, segir möguleika á slíku fyrir hendi hvort sem hugsað er um eftirspurn eða tæknileg atriði.

„Helsta hindrunin er fólgin í því að fá flugvöllinn á Ísafirði skráðan sem millilandaflugvöll,“ segir Haukur. „Til þess þarf nokkurn tækjakost sem nauðsynlegur er til að afgreiða farþega og svo þyrfti að gera nokkra breytingar á farþegasal en eins og sjá má á flugvellinum á Egilsstöðum og í Reykjavík er það ekki svo svakalegt.“



**HAUKUR VAGNSSON** Aðeins um tvö prósent erlendra ferðamanna fara á Vestfirði en því er nauðsynlegt að breyta, segir Haukur sem vinnur að því að millilandaflug hefjist frá Ísafirði.

Hann segir aðeins um tvö prósent erlendra ferðamanna koma til Vestfjarða enda geti kostnaður þeirra tvöfaldast leggi þeir leið sína vestur og þessu þurfi að breyta. „Við eigum von á rúmlega þrjú þúsund stangveiðimönnum hingað vestur næsta sumar og þeir koma allir frá frekar afmörkuðu svæði þannig að aðeins þetta er grunnur sem við gætum byggt á til að hefja allt að fimm áætlunarferðir hingað á viku yfir sumartímann. Svo er flutt út mikið af ferskum fiski héðan sem menn hafa þurft að aka með langar leiðir til að koma úr landi og því væri hagkvæmt að geta sent hann beint frá Ísafirði allan ársins hring.“

Verði af þessum áætlunum segir Haukur að byggja mætti miðstöð fyrir samgöngur til Grænlands á Ísafirði. - jse



Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 - SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS


Auglýsingasími
512 50 50

Hugmyndir verðlaunaðar:

## Hagnýtingarverðlaun afhent

**MENNTAMÁL Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, afhenti nýlega hagnýtingarverðlaun Háskóla Íslands. Megintilgangur verkefnisins er að verðlauna áhugaverðar hugmyndir sem starfsmenn og nemendur Háskóla Íslands og Landspítalans eru að vinna að.**

**Fyrstu verðlaun hlutu Halldór Þormar prófessor og Hilmar Hilmarsson doktorsnemi fyrir verkefni um þróun á aðferðum til þess að draga úr bakteríumengun í alifuglakjöti. Önnur verðlaun hlaut Sveinbjörn Gizurarson prófessor fyrir verkefni sem hann nefnir „Tækifæri hjálparefnanna“. Þriðju verðlaun komu í hlut Jóhanns P. Malmquis prófessors og Guðmundar Freys Jónassonar, meistaranema í tölvunarfræði, fyrir gítarstilli í gegnum farsíma.** - shá

Þjónustudeild lokað:

## Leiguíbúðir aldraðra seldar

**HEILBRIGÐISMÁL** Reiknað er með að þjónustudeild aldraðra á dvalarheimilinu Hlíf á Ísafirði verði lokað á næsta ári og tíu leiguíbúðir fyrir aldraða seldar. Þetta kemur fram í bréfi Ísafjarðarbæjar til eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri á Ísafirði, segir á bloggsíðu sinni að lokun deildarinnar tengist ekki beint rekstrarhagræðingu. Það sé einfaldlega betra að mati fagfólks að hætta rekstri þjónustudeildarinnar og nýta sjúkrahúsið betur þangað til búið er að reisa fullkomið hjúkrunarheimili.

Sala leiguíbúðanna kemur til vegna þess að ekki hefur verið mikil eftirspurn eftir þeim. - shá



Meistaranámskeið vor 2008
í samstarfi við deildir Háskóla Íslands
Framboð Endurmenntunar á meistaranámskeiðum hefur aukist mikið síðustu misseri. Þetta form símenntunar hefur fallið í góðan jarðveg hjá viðskiptavinum okkar og virðist höfða sterkt til þeirra sem vilja safna einingum í meistaragráðu með starfi.
Umsóknarfrestur er til og með 5. desember næstkomandi.
STJÓRNUN, HAGFRÆÐI, FJÁRMÁL
Alþjóðaviðskipti
Bankar og fjármálamarkaðir
Heilsuhagfræði II
Markaðsfræði II - MS
Skuldabréf
Stefnumiðuð stjórnun
Stjórnun þjálfunar og starfsþróunar
Verkefnastjórnun og ráðgjöf
Vinnuréttur
Vinnusálfræði
Þekkingarstjórnun
Þættir í heilsuhagfræði
Viðskiptasiðfræði*
STÆRÐFRÆÐI OG HUGBÚNAÐUR
Tölfræði líf- og heilbrigðisvísinda
Viðhald hugbúnaðar
HEILBRIGÐISSVIÐ, SIÐFRÆÐI, SÁLGÆSLA
Hugmyndafræði endurhæfingarhjúkrunar
Klínísk endurhæfingarhjúkrun I
Fjölskylduhjúkrun
Lyfjaskráningar II - Regulatory affairs
Verkefnastjórnun í lyfjafræði
Heilbrigðis- og lífsiðfræði
Sálgæslufræði: Sálgæsla og öldrun*
ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS
*Umsóknarfrestur til 8. janúar.
Nánari upplýsingar og skráning:
sími 525 4444
endurmenntun.is
H:N markaðssamskipti / SÍA



15% vaxtaauki!
Nýttu þér þetta TILBOÐ og stofnaðu reikning á spron.is

75 ára | spron


Opnum
VERSLUN
í Holtagörðum
HAGKAUP
Hanskar
TILBOÐ
999 kr.
Kjóll
TILBOÐ
1.999 kr.
Verð áður 3.999 kr.
CONCORD
Jakkaföt
TILBOÐ
6.999 kr.
Fullt verð 14.999 kr.
Tilboðin gilda til sunnudags eða á meðan birgðir endast

esilegustu

# Á ÍSLANDI

í dag kl. 12.00




**16** síðna
**tilboðsblað**
fylgir fréttablaðinu
**í dag**

# Frábær
## skemmtidagskrá

**Miðvikudag frá kl. 12.00**
**Fimmtudag frá kl. 14.00**
**Föstudag frá kl. 14.00**
**Laugardag frá kl. 13.00**

Fram koma m.a. Páll Óskar, Luxor, Sigga Beinteins, Sprengi-höllin, Latibær, Guðrún og Friðrik Ómar, Skoppa og Skrítla, Raggi Bjarna….. þetta er ekki allt!

Bylgjan í beinni og Sniglabandið á föstudag




TILBOÐ
199 kr.

4 Í PAKKA

**Coke light** - 4 í pakka




TILBOÐ
99 kr.

**Cocoa puffs** - 390 g



TILBOÐ
3.999 kr.
Verð áður 12.999 kr.

**Rosti pottasett**
3 stálpottar með loki

Rosti



TILBOÐ
2 fyrir 1

**Holta ferskur kjúklingur**

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## „ORÐRÉTT“

### Örlátur

**„Og ef hann getur notað nafnið mitt á framabrautinni er honum það velkomið.“**

HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON UM ANNAÐ BINDI „ÆVISÖGU“ SINNAR EFTIR ÓTTAR M. NORÐFJÖRÐ.

**Fréttablaðið 27. nóvember.**

### Í góðum hópi

**Sýningarstjórarnir segja hann eiga gott safn og það sé ágætt að eiga verk þar á meðal.“**

HELGI ÞORGILS FRIÐJÓNSSON MYNDLISTARMAÐUR UM FRANSKA LEIKARANN GERARD DEPARDIEU, SEM KEYPTI MÁLVERK EFTIR HELGA.

**Morgunblaðið 27. nóvember.**

**tilveran**
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA:** JÓHANN HELGASON TÓNLISTARMAÐUR

# Drekar og dómsmál um Söknuð



„Þessa dagana er ég að fara af stað með verkefni sem er samið upp úr ævintýri sem heitir Drekasaga og er eftir Iðunni Steinsdóttur,“ segir Jóhann Helgason tónlistarmaður. „Sonur minn fékk Drekasögu einhvern tíma að gjöf. Ég samdi lög og sendi Iðunni sem gerði söngtexta og söguþráð. Þetta verður tónlistarævintýri og kemur út á geisladiski á næsta ári,“ segir Jóhann.

Eldra fólkið á líka von á nýju efni frá Jóhanni á komandi ári. „Það er dúettadiskur með strengjakvartett sem ég setti aðeins í salt því mér leist ekki alveg á þetta jólaplötuflóð. Á disknum verða fjórtán lög, þar af tíu sem voru samin þegar við Maggi [Magnús Þór Sigmundsson] vorum að byrja 1972 og 73. Þessi lög voru á ensku en verða með íslenskum textum, meðal annars eftir séra Hjálmar Jónsson, Kristján Hreinsson og mig sjálfan. Ég hef ætlað Valgerði Guðnadóttur að syngja en er ekki búinn að ákveða söngvara á móti henni,“ segir Jóhann.

Eins og fram hefur komið flutti hinn heimsfrægi söngvari Josh Groban lag sem þykir vera alveg eins og lagið Söknuður eftir Jóhann sem vill að það verði viðurkennt og hefur fengið málafærslustofu til að reka málið í Bretlandi. „Þeim leist það vel á þetta að þeir tóku það að sér þannig að þeir fá ekkert greitt nema málið vinnist. Við höfum verið að búa til tóndæmi og viða að okkur gögnum til að undirbúa þetta,“ segir Jóhann.

## NÝYRÐASMÍÐ:
### UMHVERFI 100 ÁRA



Jónas Hallgrímsson þýddi bók um stjörnufræði fyrir almenning og þar birtust í fyrsta sinn á íslensk orð eins og ljósvaki, aðdráttarafl og tunglmyrkvi. Orðið umhverfi kom fyrst fyrir í tímaritinu Skírni árið 1907 og er því 100 ára á þessu ári. Lýsingarorðið vænn sem viðskeyti við umhverfi eða vist er talið koma fyrst fyrir um 1990. Umhverfisvænn og vistvænn eru alþekkt orð í dag en ekki hafa menn orðið sammála um gagnsemina. Tillögur ýmissa fræði- og áhugamanna eru til dæmis umhverfishollur, umhverfisþýður, umhverfisþjáll en einnig vistþekkur, jarðlyndur og náttúrukær.

## SJÓNARHÓLL
### WAGYU-NAUTAKJÖT Á 16 ÞÚSUND KR.



**FREYR EYJÓLFSSON** Tónlistar- og útvarpsmaður.

### *Nudduð og kennd belja*

„Ég efast stórlega um að þetta kjöt smakkist eitthvað betur en íslenska kýrin, sem unir sér vel út í haga sælleg og feit. Þetta er nú líka ekki annað en kjöt af nuddaðri og kenndri belju“, segir Freyr Eyjólfsson tónlistarmaður og ritstjóri Síðdegisútvarpsins á Rás 2.

Hann vonast til að íslenskir nautgripabændur haldi sig við gömlu íslensku aðferðirnar. „Ég vona bara að íslenskir nautgripabændur láti ekki hvarfla að sér að taka upp jafn fáránlegar aðferðir og notaðar eru við ræktun þessara nautgripa. Íslenska kýrin á að vera út í haga.“

Aðspurður um hvort hann myndi fjárfesta í steik af Wagyu-nautakjöti, var svarið einfalt. „Þetta er eiginlega bara fullkomið kjaftæði. Þetta er vottur um heimskan kapítalískan hugsunarhátt um að allt sem sé dýrt sé gott.

Ég myndi aldrei í lífinu kaupa mér nautakjöt fyrir sextán þúsund krónur kílóið, en ég myndi ekki fúlsa við þessu ef mér væri boðið þetta enda örugglega ekki verra en hvað annað. Ég hef ekki trú á því að nudduð bjórkennd belja smakkist betur en íslenska kýrin sem unir sér vel úti í haga sælleg og feit.

# Lengi býr að fyrstu gjöf

**Það eru ekki aðeins foreldrar sem ala upp börnin heldur allt samfélagið. Þetta er kjörorð í fjölskyldustefnu Grundarfjarðar. Bæjarstjórnin stendur ekki við orðin tóm heldur lætur strax til sín taka við uppeldið.**

„Við trúum því hér á Grundarfirði að það þurfi heilt samfélag til að ala upp barn,“ segir Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, bæjarstjóri þar í bæ. „Og það er hefð fyrir því hjá okkur að láta bara til okkur taka strax. Þetta er líka okkar leið til að bjóða þau velkomin í samfélagið.“

Ellefu börn hafa fæðst á árinu þar í bæ og útséð með að þau verði fleiri á þessu ári að sögn Guðmundar Inga og því var ákveðið að færa þeim gjafirnar síðastliðinn sunnudag. Þetta er liður í fjölskyldustefnu bæjarins og hefur þessi háttur verið hafður á síðustu þrjú árin. „En við bjóðum alla nýja íbúa velkomna í samfélagið, hvort sem þeir eru nýfæddir eða eldri í hettunni,“ bætir bæjarstjórinn við kankvíslega.

Börnin fengu því að stela senunni á mömmumorgninum sem haldinn var samkvæmt venju á sunnudaginn var. En mæðurnar fengu þó sitthvað fyrir sinn snúð því í gjafapakkanum var að finna fræðslubækur um uppeldi og upplýsingar sem varða leikskóla bæjarins. Svo voru í pakkanum leikföng og pollagallar sem geta komið sér vel á votviðrasömu nesinu en einnig var þar svo annar fatnaður.

En ekki virðist þetta framtak bæjarstjórnar vera nægileg hvatning fyrir foreldra til þess að fjölga enn meira í bænum sínum því nýliðunin hefur verið með minna móti síðustu ár. Ári áður en þessi hefð komst á fæddust 27 börn í bænum.



**FÖNGULEGUR HÓPUR** Bæði börn og mæður fengu hina nytsamlegustu hluti. Mæðurnar fengu fræðslubækur um uppeldi en börnin fengu meðal annars pollagalla sem getur komið sér vel á votviðrasömu nesinu. Guðmundur Ingi Gunnlaugsson bæjarstjóri stendur svo stoltur lengst til hægri.

Fyrir nokkrum árum var svipuðu framtaki hleypt af stokkunum í Akrahreppi í Skagafirði en þá var íbúafjöldinn rétt yfir 200. Mæðrum nýfæddra barna var þá veittur peningastyrkur fyrir að fjölga í hreppnum. Fékk hann fljótlega nafnið Gleðistyrkurinn og sagði Agnar Gunnarsson oddviti í viðtali við Fréttablaðið að markmiðið með honum hefði náðst. Það er því spurning hvort Grundfirðingar ættu ekki að ráðfæra sig við ráðamenn þar í sveit.

**- jse**



**YNGSTU GRUNDFIRÐINGARNIR**




**Höfuð, herðar…**




**Íbúfen®**
*– Bólgueyðandi og verkjastillandi*

**Notkunarsvið:** Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólgueyðandi, verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Íbúfen er notað við liðagigt, slitgigt, tíðaverkjum, tannpínu og höfuðverk. Einnig eftir minniháttar aðgerðir, t.d. tanndrátt. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni eða öðrum skyldum lyfjum (NSAID), með skerta lifrarstarfsemi eða alvarlegan hjarta- og nýrnasjúkdóm ætti ekki að nota lyfið. Fólk sem hefur fengið astma, nefslímubólgu eða ofsakláða eftir töku acetýlsalicýlsýru eða annarra bólgueyðandi lyfja ætti ekki að nota lyfið. Nota skal lyfið með varúð hjá fólki með tilhneigingu til magasárs eða sögu um slík sár. Lyfið er ekki ætlað barnshafandi konum. **Aukaverkanir:** Íbúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. meltingaróþægindum, niðurgangi, ógleði, útbrotum, þreytu og höfuðverk. **Skammtastærðir:** Fullorðnir: Venjulegir skammtar eru 600-2000 mg á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Ekki mælt með stærri skammti en 2400 mg. Börn: Venjulegir skammtar eru 20 mg/kg líkamsþunga á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Börnum <30 kg skal eigi gefa meira en 500 mg á dag. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Júlí 2004.

actavis
*hagur í heilsu*

# HÁTÍÐ ER Í BÆ

*Komið upp fyrir jól!*

## SETTU ÞAÐ SAMAN HTH



Vandaðar innréttingar í eldhús, baðherbergi, svefnherbergi og þvottahús

AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

**20% afsláttur af AEG eldhústækjum þegar keyptar eru HTH innréttingar.**





Þú verslar innréttinguna í dag

Þú færð hana afhenta beint af lager

Þú sparar með því að setja hana saman sjálf/ur



## GLÆSILEGAR HTH INNRÉTTINGAR

- Beint af lager – og komið upp fyrir jól
- Flatar pakkningar sem auðvelt er að flytja
- Mikið úrval eldhús- og baðinnréttinga ásamt fataskápum
- Fagleg ráðgjöf
- Sérsniðið hönnunarforrit fylgir
- Framleiðsluvörur HTH eru samkvæmt nýjustu umhverfisstöðlum
- 5 ára framleiðslu- og gæðaábyrgð





ORMSSON
AKUREYRI · Sími 461 5003

# ORMSSON

ORMSSON
SELFOSSI · Sími 480 1160

SMÁRALIND · Sími 530 2900 · Beinn sími í HTH 530 2907 og 530 2908

## Svona erum við

> Fjöldi geitfés á Íslandi.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** WAGYU-NAUTAKJÖT

## *Nautin alin á bjór og sake*

Þrjú til fjögur hundruð kíló af svokölluðu Wagyu-nautakjöti verða flutt inn til Íslands fyrir þessi jól. Kjötið er talið vera sannkallaður lúxus og eyða nautin ævinni í miklum vellystingum.

Wagyu-kjöt nýtur gríðarlegra vinsælda um heim allan og þykir sérstaklega bragðgott. Það á rætur að rekja til Japans og á japönsku þýðir wa raunar japanskt og gyu þýðir kjöt.

Eldi Wagyu-nauta þykir afar sérstakt en þau lifa meðal annars á bjór og sake-hrísgrjónavíni. Þá fá þau nudd og hlusta gjarnan á sígilda tónlist.

Vegna eldisins og erfðafræðilegra þátta er hærra hlutfall omega-3 og omega-6 fitusýra í Wagyu-nautum en í öðrum nautum. Þá halda japanskir bændur því fram að marmarakennd áferð kjötsins og það hversu sérstaklega mjúkt og safaríkt það er sé eldinu að þakka.

Í bandarískum verslunum kostar kílóið af Wagyu-kjöti rúmar sex þúsund krónur íslenskar. Gert er ráð fyrir að kílóverðið verði um 16.000 krónur á Íslandi.

Japanar hófu Wagyu-eldi um miðja nítjándu öld þegar banni gegn nautakjötsáti var aflétt.



Áður höfðu Wagyu-naut verið vinnudýr en eru nú fágætustu og dýrustu naut í heimi. Utan Japans má finna Wagyu-eldi í Bandaríkjunum, á Nýja-Sjálandi og í Ástralíu. Japanskir bændur hafa þó einir rétt til þess að kalla kjöt sitt Wagyu. Annars staðar er það gjarnan kallað Kobe, eftir héraðinu í Japan þar sem það er upprunnið.

Kjötið má þekkja á fitunni sem er með marmaraáferð og í fyrstu virðist sem kjötið sé fyllt með snjóflygsum. Mælt er með því að það sé eldað líkt og um túnfisksteik væri að ræða. Hár hiti við opinn eld, á gasgrilli eða í wok-pönnu dregur fram bragðið í Wagyu. Séu menn ekki hrifnir af rauðu kjöti má skera Wagyu í strimla, marinera í sojasósu og steikja á wok-pönnu með grænmeti.

*Heimild: Wikipedia*

## SPURT & SVARAÐ

**JÓLABÓKAFLÓÐIÐ Í ÁR**



**KRISTJÁN B. JÓNASSON** Formaður félags íslenskra bókaútgefenda.

### *Aldrei fleiri bókartitlar*

Nú er jólabókaflóðið komið á skrið og eflaust margir farnir að spá í þá bókartitla sem líta dagsins ljós fyrir þessi jól. Kristján B. Jónasson er formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.

**Er eitthvað sérstakt sem einkennir jólabókaflóðið í ár?**

Það er þá helst það hversu margar bækur eru gefnar út að þessu sinni. Þær hafa aldrei verið fleiri en nú. Það eru 800 titlar í Bókatíðindum í ár en fyrir tíu árum voru þeir 400 eða helmingi færri. Það þýðir auðvitað það að úrvalið er breiðara.

**Viltu spá einhverju um hver þeirra verður söluhæst?**

Nú þegar eru þrjár á toppnum. Þær eru Ítalskir réttir Hagkaupa, Harry Potter og nýjasta bók Arnaldar Indriðasonar, Harðskafi. Einhver þessara verður eflaust söluhæst þegar upp er staðið.

**Eru margar ævisögur gefnar út fyrir þessi jól?**

Það er nokkurn veginn eins og venjulega en hins vegar má geta þess að það eru gefnar út um 300 barnabækur fyrir þessi jól og það er hollt að minnast þess að þótt leikföng séu ódýr þá jafnast ekkert á við góða lestrarstund með barninu sínu.

# Ábyrgðin hjá ríku þjóðunum

**Ábyrgð þróuðustu ríkja heims á því að bregðast við ógnum loftslagsvandans, sem verst mun koma niður á fátækustu þjóðunum, bar hæst í umræðu um nýja Þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna á kynningarfundi um hana í Háskóla Íslands.**



**DANIEL COPPARD** Áföll af völdum loftslagsbreytinga munu gefa fjölda fólks farmiða aðra leið til fátæktar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Árleg Þróunarskýrsla SÞ var birt á sama tíma í löndum heims á hádegi í gær að íslenskum tíma. Veg og vanda af kynningu hennar hérlendis hafði Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi, en samantekt skýrslunnar var nú í fyrsta sinn birt í íslenzkri þýðingu.

Í brennidepli skýrslunnar að þessu sinni er baráttan við loftslagsbreytingar. Enda beindi Daniel Coppard, einn höfunda skýrslunnar sem hingað kom sérstaklega til að taka þátt í kynningu hennar, orðum sínum á kynningarfundinum nær eingöngu að því hvernig fólki í þróunarlöndum stafaði miklu meiri ógn af loftslagsbreytingunum en fólki í ríku löndunum.

### Ekkert land ónæmt

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra og Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra voru sammála Coppard um það mat að ábyrgðin á að bregðast við loftslagsbreytingunum og reyna að afstýra neikvæðustu afleiðingum þeirra lægi hjá ríku þjóðunum, sem með neyslukapphlaupi sínu væru mest valdar að hlýnun lofthjúpsins. Í tilefni af því að Ísland trónir nú efst á lífskjaravísitölulistanum, sem birtur er að vanda með Þróunarskýrslunni, sögðu báðir ráðherrar að Ísland mætti ekki skorast undan því að axla sinn skerf af þessari ábyrgð og því sem henni fylgir.

Coppard lagði líka áherzlu á, að „ekkert land, sama hversu auðugt eða voldugt það er, mun verða ónæmt fyrir afleiðingum loftslagsbreytinganna.“ Alvarlegastar yrðu þær þó í þróunarlöndunum. Hugsanlegar afleiðingar fyrir fólk í þeim þróunarlöndum sem verst kunna að verða úti væru jafnvel verri en hingað til hefði verið spáð. „Áföll af völdum aukinna öfga í veðurfari munu verða tíðari, þurrkar hér og flóð þar, og munu gefa ómældum fjölda fólks farmiða aðra leið til fátæktar,“ sagði Coppard.

Loftslagsbreytingarnar hvetja að sögn Coppards til íhugunar um félagslegt réttlæti þvert á landamæri og kynslóðir; þær hvettu stjórnmálaleiðtoga og almenning í velmegunarlöndum til að viðurkenna sögulega ábyrgð þeirra á vandanum og til að grípa til ráðstafana til að draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda.

**TÍU EFSTU OG TÍU NEÐSTU**

| | |
|---|---|
| 1. Ísland | 168 Lýðveldið Kongó |
| 2. Noregur | 169 Eþíópía |
| 3. Ástralía | 170 Tsjad |
| 4. Kanada | 171 Mið-Afríku-lýðveldið |
| 5. Írland | 172 Mósambík |
| 6. Svíþjóð | 173 Malí |
| 7. Sviss | 174 Níger |
| 8. Japan | 175 Gínea-Bissá |
| 9. Holland | 176 Burkina Faso |
| 10. Frakkland | 177 Sierra Leone |

### Listi til að læra af

Ingibjörg Sólrún vakti athygli á því að það skipti litlu máli hver innbyrðis röðin væri á þeim þjóðum sem röðuðu sér í efstu sætin á þessum lista og hefðu gert það allt frá því hann var fyrst búinn til. Himinn og haf skildi að þau ríki og svo hin sem væru í neðstu sætunum. „Það er að þeim sem við eigum að beina athygli okkar í dag. Við eigum að staldra við og skoða hvaða ríki það eru sem búa við lökust lífsgæði, í hvaða ríkjum ástandið fer batnandi og hvaða ríki það eru sem dragast aftur úr. Við eigum að nota listann sem tæki til að greina hvað það er, sem eftir atvikum leiðir til framfara, stöðnunar eða hnignunar,“ sagði hún.

Það sé til að mynda eftirtektarvert að þau 22 ríki sem neðst eru á listanum séu öll í Afríku. Sorglegast sé að sjá að sum af fátækustu ríkjum heims hafi nær staðið í stað í tugi ára og jafnvel farið aftur í sumum tilvikum.

Tilefni til bjartsýni

Í svipaðan streng tók Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra. Að Ísland skuli tróna efst á lífskjaravísitölulistanum kalli á að Íslendingar axli ábyrgð, líka í hinni hnattrænu baráttu gegn loftslagsbreytingunum.

Þórunn benti á að á heimsvísu hefði undanfarna áratugi heldur miðað í rétta átt. Þróunarvísitalan hafi farið hækkandi í öllum heimshornum. En það sé „vart ástæða til að gleðjast um of þegar hundruð milljóna manna svelta heilu hungri og milljarðar búa við skort á því sem við teljum vera lágmarks lífsþægindi. En þessi þróun gefur þó tilefni til bjartsýni um jörð sem getur brauðfætt öll sín börn, að hún sé innan seilingar.“

Að sögn Þórunnar eru þó blikur á lofti. „Við lifum af gæðum jarðar, og þurfum að gæta að því að ofbjóða ekki umhverfi okkar með ofnýtingu eða mengun. Við þurfum að reikna með vistkerfinu í velferðinni.“ Nú standi fyrir dyrum breytingar af stærðargráðu sem mannkynið hafi hreinlega ekki þekkt frá upphafi siðmenningar.

Ísland muni hafa burði til að aðlagast breyttum aðstæðum og vandamálum sem upp kunna að koma samfara loftslagsbreytingunum. Fátæku ríkin muni hins vegar eiga erfitt með það.

### Horft til Balí-fundar

Öll þrjú, Coppard, Ingibjörg og Þórunn, lögðu áherzlu á að á loftslagsfundi SÞ á Balí nú í desember gæfist ríkjum heims fágætt tækifæri til að stilla saman strengi og hefja víðtækar samningaviðræður um nýn hnattræna lausn.

„Þar má enginn hrökkva úr skaftinu. Og allra sízt ríkið á toppnum, Ísland,“ sagði Þórunn. „Okkar hlutskipti hlýtur að vera að bretta upp ermarnar og bjóða fram krafta okkar til lausnar á vandanum. (...) Við erum einn tíuþúsundasti af vandanum en getum verið miklu stærri hluti af lausninni.“



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

Stofnfjáreigendafundur hjá Byr sparisjóði

Stofnfjáreigendafundur hjá Byr sparisjóði verður haldinn 18. desember á Grand Hótel, Sigtúni 38, Reykjavík. Fundurinn hefst kl. 10.00.

Sparisjóðsstjórn.

BYR SPARISJÓÐUR



tab
ÍTALÍA
HEILIR STURTU-KLEFAR
SÉR TILBOÐ!
MEÐ ÖLLU
80x80 kanntaður
90x90 rúnaður
Sturtuhaus
Handsturta
Hitastýrð blöndunartæki
8 nuddstútar
Sæti
ÖRYGGISGLER
VERÐ FRÁ 88.900,-
BESTA VERÐIÐ
FLOTTARI VARA
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332
i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Sextán daga átak gegn kynbundnu ofbeldi:

# Mansal á sér stað í túnfætinum

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Erlendri konu hefur verið veitt dvalarleyfi á Íslandi vegna mansals. Þetta kom fram í hádegisviðtali Stöðvar tvö við Guðrúnu Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Mannréttindaskrifstofu, fyrr í vikunni. Hildur Dungal, forstjóri Útlendingastofnunar, hefur staðfest að dæmi sé um að erlend kona hafi fengið dvalarleyfi á Íslandi vegna vísbendinga um að hún hafi verið seld mansali hingað til lands; að aðstæður konunnar hafi verið það bágbornar að ekki hafi þótt rétt að senda hana úr landi.

Það er því ljóst að mansal snertir okkur hér á Íslandi beint. Mansal er ekki eitthvað sem á sér stað annars staðar í heiminum eða á öðrum tímum en þeim sem við lifum nú á.

Nú stendur yfir sextán daga átak gegn kynbundnu ofbeldi. Þetta er í fjórða sinn sem átakið er haldið hér á landi og segja má að því hafi vaxið fiskur um hrygg og sé meira áberandi ár frá ári enda full ástæða til. Í ár er sérstök áhersla lögð á mansal.

Vitneskja um kynbundið ofbeldi hefur vaxið mikið á undanförnum árum. Þetta merkir þó ekki endilega að kynbundið ofbeldi hafi aukist heldur fremur að meðvitundin og umræðan um það sé orðin meiri.

Fyrir ári kynnti ríkisstjórn Íslands metnaðarfulla aðgerðaáætlun gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi. Í þeirri áætlun eru reyndar engar aðgerðir til að koma í veg fyrir mansal en nýjustu upplýsingar sýna að ekki dugir lengur að skella skollaeyrum við því að mansal er raunveruleiki. Líka á Íslandi.

Talið er að hálf milljón kvenna sé ár hvert flutt frá fátækum löndum til hinna ríkari þar sem þær séu þvingaðar til starfa í kynlífsiðnaði. Þessi ríkari lönd eru nágrannalönd okkar og þau sem við höfum helst viljað bera okkur saman við.

Því hefur lengi verið haldið fram af þeim sem til þekkja að Ísland sé þar engin undantekning; að hingað komi konur sem seldar hafa verið mansali. Og nú þýðir ekki lengur að loka augunum fyrir þessu.

Það er ólíðandi að konum sé rænt, haldið nauðugum og þær niðurlægðar með margvíslegum hætti eins og gert er með konur sem seldar eru mansali. Auk þess að vera beittar kynferðislegu ofbeldi.

Mansal nærir kynlífsiðnað og þar sem kynlífsiðnaður er við lýði er hætta á mansali. Það er því sérstaklega mikilvægt að setja skýran lagaramma um allt sem snýr að starfsemi sem kenna má við kynlífsiðnað.

Stefna Reykjavíkurborgar er skýr. Í borginni er litið á súludansstaði sem óæskilega starfsemi. Hins vegar virðist ekki skýrt hvert hlutverk sveitarfélaga er þegar kemur að leyfisveitingum vegna slíkrar starfsemi og hvenær sveitarfélag getur hindrað hana.

Slíkt hlutverk þarf að vera skýrt í nauðsynlegum lagaramma um kynlífsiðnaðinn. Í þeim lagaramma þarf jafnframt að tryggja grundvöll fyrir öflugu samstarfi sveitarfélaga við lögreglu og Útlendingastofnun þegar upp kemur grunur um mansal.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871

HARALDUR BESSASON

DAGSTUND Á FORT GARRY



„Hér heldur á penna maður, sem leikur sér að tungunni. Hann er frábær sögumaður, fundvís á hið sérstaka og sérlega í röð atvika og í fari persóna …

*Dagstund á Fort Garry* er skemmtileg bók. Þar er víða komið við og á óvæntum stöðum, en alltaf forvitnilegum. Þessi bók skilur mikið eftir sig.“

Halldór Blöndal – *Mbl.*, 24. nóv. 2007

ORMSTUNGA

Vandaðar bækur fyrir vandláta lesendur

sími 561 0055 • www.ormstunga.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Breiðara langtímaöryggi

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hélt tölu fundi Samtaka um vestræna samvinnu í gær, þar sem hún drap meðal annars á framboð Íslands til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. „Við skulum einnig hafa hugfast að sjálf vinnan við framboðið skilar okkur umtalsverðum ávinningi,“ sagði ráðherra. „Framboðið er tækifæri til að dýpka þekkingu okkar á málefnum og landsvæðum sem við höfum ekki sinnt mikið til þessa, en eru ótvíræður hluti af breiðara langtímaöryggi Íslands.“



### En Gínea-Bissá?

Og hver skyldu þessi landssvæði vera sem utanríkisráðherra vísar til? Eftir að tilkynnt var um framboðið til Öryggisráðsins höfum við stofnað til stjórnmálasambands við lönd á borð við Antígva og Barbúda, Benín, Brínei Drassalam, Búrkína Fasó, Djíbútí, Erítreu, Gvæana, Kasakstan, Kíribatí, Kómoraeyjar, Máritaníu, Míkrónesíu, Narú, Palá, Samóa, Sankti Kristófer og Nevís, Sankti Vinsent og Grenadíneyjar, Súrinam, Tadsjikistan, Túvalú og Vanatú, Austur-Kongó, Salómonseyjar, Saó Tóme og Prinsípe. Við öndum léttar meðan þessi ríki eru á okkar bandi.

### Hví ekki að spyrja Árna?

Ungir framsóknarmenn héldu opinn fund í gær um húsnæðismál. Birkir Jón Jónsson þingmaður var einn frummælenda en á heimasíðu sinni skrifar hann að leita þurfi allra leiða til að bæta úr erfiðri stöðu ungs fólks á húsnæðismarkaði. „Við framsóknarmenn höfum tekið húsnæðismálin upp á vettvangi þingsins en ekki fengið nein svör um hvað ríkisstjórnin ætlar sér í þessum efnum,“ skrifar Birkir. Verst að ungir framsóknarmenn fengu  ekki Árna Magnússon, fyrrverandi félagsmálaráðherra og flokksbróður, til að leggja orð í belg. Hann hefur sjálfsagt margt merkilegt um þessi mál að segja.



bergsteinn@frettabladid.is

# Fjárhundurinn



EINAR MÁR JÓNSSON

**Í DAG** | Ráðgjafar

*Það mun nú vera nokkur siður, að þegar einhverjir voldugir forstjórar hafa farið með allt í vaskinn og komið sér svo rækilega út úr húsum í sínum samsteypum og grúppum að ekki er annarra kosta völ en leysa þá út með gjöfum, fá þeim ríkuleg eftirlaun.*

Það er í frásögur fært, að ábúðarfullur maður var nýlega á leið heim til sín úr sumarfríi á frönsku Rivíerunni, og ók í sinni glæsikerru gegnum hæðir og skóga í Miðhálendinu. Skyndilega þurfti hann að bremsa í beygju, sauðahjörð hafði lagt undir sig veginn og rann þar áfram með jarmi miklu, en samhljómur rollubjallanna endurómaði í hlíðunum í kring. Á þessu virtist enginn endir ætla að verða. Maðurinn fór fljótlega að verða óþolinmóður, hann ók sér fram og aftur í sætinu en loks gat hann ekki beðið lengur og spurði fjárhirðinn:

„Hvað á þetta eiginlega að halda áfram lengi?“

„Um það bil korter,“ sagði fjárhirðirinn.

En maðurinn var fjárglöggur á sínu sviði og sá sér nú leik á borði. „Nú skulum við veðja,“ sagði hann. „Ef ég get sagt þér nákvæmlega hvað eru margir sauðir í hjörðinni, gefur þú mér lamb.“

Fjárhirðirinn samsinnti þessu áhugalaust, en maðurinn steypti sér yfir tölvuna, náði sambandi við gervitungl á vegum CIA svo og reiknivélar Frakklandsbanka og aðra gagnagrunna og sagði svo eftir stutta stund sigri hrósandi: „Þú ert að reka 694 kindur.“

„Ja, hver andskotinn,“ sagði fjárhirðirinn, „þetta er alveg rétt,“ en maðurinn greip eina skepnuna og skutlaði henni snarlega upp í skottið.

En fjárhirðirinn var nú ekki á því að láta hann sleppa svona auðveldlega, og hann sagði: „Nú skulum við veðja aftur. Ef ég get sagt þér hvaða starf þú hefur fæ ég dýrið til baka.“ Maðurinn féllst á það.

„Ekki vænti ég að þú sért ráðunautur?“ sagði bóndinn.

„Hvernig í ósköpunum gastu vitað þetta?“ sagði maðurinn alveg hlessa.

„Það var einfalt,“ sagði fjárhirðirinn. „Þú komst hér án þess að ég bæði þig um eitt eða neitt, þú gafst mér upplýsingar sem ég hafði enga þörf fyrir, því ég vissi þær þegar, þú skammtaðir þér sjálfur laun, og lambið sem þú tókst, það er að vísu hundurinn minn.“

Þetta var einfalt mál, en þó er ekki víst að fjárhirðirinn hafi sagt alla söguna. Hann gat vafalaust ráðið starf mannsins af fleiri merkjum, og þá einkum og sér í lagi fasi hans, sjálfsöryggi og valdsmannslegu yfirbragði. Því ef það eru einhverjir sem hafa nú byr í seglin eru það ráðunautar á öllum sviðum fjármála, stjórnunarfræða, markaðsfræða og slíkra greina, að ógleymdum niðurskurðinum sem er sérgrein margra. Oft birtast þeir hörkulegir á svip að beiðni einhvers hluthafa, heimta strax bókhaldið með þjósti meðan venjulegir starfsmenn fyrirtækisins sitja hnípnir eins og önd með unga þegar hún sér svartbak í nánd.

Blaðamenn segja að í Frakklandi séu nú til ein 90 þúsund ráðgjafarfyrirtæki sem velti samtals 350 milljörðum evra, og er varla til nokkur sá geiri sem blómstrar jafn mikið. Og laun þessara ráðunauta eru ekki af skornum skammti: þau geta hæglegast verið 1500 evrur, 2000 evrur, 3000 evrur… á dag. Kannske eru til þeir menn sem láta sér fátt um finnast, en þá er þess að gæta að oft eru þetta viðbótarlaun eða einhvers konar vasapeningar.

Það mun nú vera nokkur siður, að þegar einhverjir voldugir forstjórar hafa farið með allt í vaskinn og komið sér svo rækilega út úr húsum í sínum samsteypum og grúppum að ekki er annarra kosta völ en leysa þá út með gjöfum, fá þeim ríkuleg eftirlaun, biðlaun, viðbótarlaun og aukasporslur, þá setja þessir menn á fót ráðgjafarfyrirtæki með hæstu gjaldskrá. Og þeirra ráðgjöf er mikils metin – sem sýnir að rétt er að taka ýmsum orðum fjárhirðisins með fyrirvara – því þessir menn kunna öll handbrögð til að grípa aurinn og réttan fótaburð við að spretta úr sporunum. Svo vita fjölmiðlar um menn sem eru í kyrrþey ráðunautar hjá tveimur fyrirtækjum sem keppa á sama sviði og eiga í baráttu upp á líf og dauða, og þeir geta sett sína prísa hátt.

Þetta sýnir, að jafnvel á okkar tímum er ástæða til bjartsýni, ef menn gæta þess bara að líta í rétta átt.

# Má ég segja nei?

**UMRÆÐAN**

Jafnréttismál



DRÍFA SNÆDAL

Eitt það fyrsta sem stjórnmálakonur læra er að segja aldrei nei þegar þeim býðst að fara í fjölmiðla. Fólk í jafnréttisbaráttu hefur deilt á fjölmiðlafólk í gegnum tíðina fyrir að birta skökk kynjahlutföll enda gefa rannsóknir fullt tilefni til að gagnrýna það. Sumt fjölmiðlafólk hefur á móti sagt að erfitt sé að fá konur til að mæta og einmitt til þess að taka tillit til þessarar gagnrýni hefur einfaldlega ekki verið leyfilegt fyrir konur að segja nei. Á þessum forsendum höfum við skóflað öllu öðru til hliðar – við mætum ef við erum beðnar. Auðvitað er fjölmiðlafólk með afar misjafna jafnréttisvitund. Þannig standa margir sig mjög vel en sumir fjölmiðlamenn eru svo ómeðvitaðir, ef ekki vitundarlausir, að ég velti því fyrir mér hvort þeim sé illa við konur, hræddir við þær eða telji konur bara einfaldlega ekki hafa neitt merkilegt fram að færa.

Það er viðurkennd aðferð hjá misréttissinnum að hampa fjarvistarsönnunum fyrir minnihlutahópa. Þannig er Condoleezza Rice fjarvistarsönnun fyrir aðra blökkumenn í valdastöðum í Bandaríkjunum og gott ef ekki konur líka. Lengi vel var ein kona í ríkisstjórn Íslands sem gegndi þessu hlutverki og í sumum sjónvarpsþáttum þykir enn nóg að vera með eina konu í panel, svona til að sýna að konur megi líka vera með. Hér þrífst sko ekkert misrétti, það er alveg heil kona í hverjum þætti. Þær mega sko alveg vera með, bara ekki alveg jafn mikið með og karlar.

Á einhverjum tímapunkti verður afar þreytandi fyrir konur að vera þessi fjarvistarsönnun, vera þessi eina sem má vera með til að sefa brjáluðu femínistana. Af einhverjum ástæðum þykja það nefnilega vera öfgar að krefjast algers jafnréttis milli karla og kvenna, í fjölmiðlum sem og annars staðar. Þegar jafnréttissinnar eru búnir að benda á kynjaskekkjuna árum saman kemur að því að mælirinn er fullur. Hvað er til ráða? Eigum við að halda áfram að tala fyrir daufum eyrum eða grípa til þeirra aðgerða sem við getum – neita að vera fjarvistarsönnun fyrir áframhaldandi misrétti? Höfum við á einhverjum tímapunkti rétt til að segja: „Nei, veistu, ég er ekki til í þetta fyrirkomulag lengur?“

*Höfundur er framkvæmdastýra Vinstri grænna.*

# MAX Ný verslun í Holtagörðum

## Verðhrun á báðum stöðum

Dæmi um verð!

**29.989 kr.**




40 STYKKI

40Gb

Heimsins flottasta leikjavél!

Reiknaðu með gróða hér!

## opnum í dag kl. 12!

Gefum blöðrur og Call of Duty boli
Gefum Freyju gotterí og Kók Zero

Í blaðinu sérðu aðeins
**BROT AF TILBOÐUNUM**

Tilboð gilda í Max Holtagörðum og Max Garðabæ

**Opnunartími**

| | |
|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 |
| Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Föstudaga | kl. 11-19 |
| Laugardaga | kl. 11-18 |
| Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

## Uppþvottavél



30 STYKKI

**Whirlpool ADP4450**
- 12 manna uppþvottavél
- 4 kerfi
- Hljóðlát 54 dB (A)
- Kerfisveljari rafeindastýrður
- Lætur vita ef gljáefni vantar
- 2 spaðar og 1 vatnsdreifari
- Þurrkhiti frá elementum
- Þvotthæfni A
- Vatnsflæðivörn
- Utanmál (hxbxd): 82-87x60x60sm

Já við erum að meina þetta!

**29.989 kr.**
Fullt verð ~~49.989~~

## Philips Philishave Speed rakvél



52 STYKKI

**Philips HQ8160**
- Rakvél Philishave Speed XL
- Speed XL hnífar
- Sýnir hleðslu með ljósum
- Má hreinsa með rennandi vatni
- Tekur 1 klst. að hlaða
- Bartskeri

**9.989 kr.**
Fullt verð ~~17.989~~

Sjáðu afsláttinn! Er þetta hægt?

## 1600w ryksuga



**Panasonic MCE7113**
- 1600W ryksuga
- 320W sogkraftur
- 4 filtera kerfi
- 5 metra snúra

100 STYKKI

**4.489 kr.**
Fullt verð ~~7.989~~

## Örbylgjuofn



100 STYKKI

**4.989 kr.**
Fullt verð ~~8.989~~

**Dantax M17L**
- 700W örbylgjuofn
- 17 lítra

## Disney poppari



125 STYKKI

**Ariete 6065020300**
- Disney poppari
- Nota má lok sem poppskál
- Hægt að nota smjör með

**3.489 kr.**
Fullt verð ~~6.989~~

## Hárblásari



30 STYKKI

**3.489 kr.**
Fullt verð ~~5.989~~

**Remington D3019**
- 1800W ferðahárblásari
- Tveggja hita - tveir hraðar
- Spenna - 120/230-240V
- Takki fyrir kalt loft
- Hitadreifari fyrir sítt hár
- Klær fyrir EUR/UK, EUR/USA

Já trúðu eigin augum! Gjafaverð!

## Amerískur kælir/frystir



14 STYKKI

**Whirlpool 20RUD3**
- 178sm Amerískur ísskápur
- 490 Lítra - 335L kælir, 155L frystir
- Total No Frost - hljóð: 45dB
- Orkunýting A+
- 4 glerhillur og 3 skúffur í kæli
- Kalt vatn, klakar og ískurl úr hurð
- Rafeindastýring - sjálfvirk afþýðing
- Filter sem eyðir bakteríum og lykt
- Frystigeta: 12kg á dag
- Mál (hxbxd): 178x90,2x70,9 (Dýpt án hurða 60sm)

**129.989 kr.**
Fullt verð ~~219.989~~

## 1400sn þvottavél



50 STYKKI

**Whirlpool AWOD6715**
- 1400 snúninga þvottavél
- Með stafrænu kerfisvali
- Tekur 6kg í þvotti
- Ullarkerfi - Ullarvagga
- Handþvottakerfi
- Hraðkerfi 30 mín.
- Þvotthæfni A
- Vinduhæfni B
- Orkunýting A+
- Stærð (bxhxd): 59,5x85x58sm
- Ísl. stjórnborð og leiðarvísir

**39.989 kr.**
Fullt verð ~~59.989~~

## Barklaus þurrkari



20 STYKKI

Já jólasveinninn er til!

**Whirlpool AWZ750**
- Tímastýrðu þurrkari
- Tvíátta barkalaus
- Krumpuvörn
- Tekur 5kg
- 2 hitastig
- Kaldur blástur
- Vatnshólf niðri
- Stærð (bxhxd): 60x85x59,6sm
- Orkunotkun A,B,C

**36.989 kr.**
Fullt verð ~~46.989~~


MAX RAFTÆKI

OPIÐ TIL KL. 22:00 á fimmtudögum

Tilboðin gilda í dag og á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

**Vetrardekkin** eiga að sjálfsögðu að vera komin undir bílana en góð vísa er aldrei of oft kveðin og minnum við því enn og aftur á að vera vel búin undir veturinn.

**KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA**
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

**Bílaþjónusta Magga**
Viðgerðaþjónusta - Smurþjónusta - Pústþjónusta - Hjólbarðaþjónusta - Bón og þvottur
sækjum og skilum bílum frítt fyrir alla okkar þjónustu
*TILBOÐ
á umfelgun 3.495 kr. og Alþrif 5.490 kr
*tilboðið gildir út 2007
Hvaleyrarbraut 2, Hfj • Sími. 517 0350
Opið. 9-18 og 9-16 á laugardögum

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

bfo.is
Bifreiðaverkstæði Friðriks Ólafssonar ehf bfo@bfo.is
NISSAN SUBARU HONDA ISUZU OPEL
SMIÐJUVEGI 22 (GRÆN GATA) · 200 KÓPAVOGI · SÍMI: 567 7360

ekill ehf
Ökunám í fjarnámi !!!!
Ekill ökuskóli er eini ökuskólinn á landinu sem býður upp á ökunám í fjarnámi. Þú getur unnið námskeiðin í tölvunni heima þegar þér hentar.
Skoðaðu þennan frábæra kost á ekill.is
Námskeið sem hægt er að taka nú þegar eru fyrra námskeið til almennra ökuréttinda (Ö1) og bifhjólanámskeið.
Skráning í næsta námskeið er hafin
Ekill ökuskóli. Sími 461-7800 www.ekill.is ekill@ekill.is

# Olían er bílum mikilvæg

***Við smurningu á bifreiðum er heilmargt sem huga þarf að. Smyrja þarf vélina, gírkassann, fram- og afturdrif og millikassann. Árni Jónsson, starfsmaður í Smurþjónustu Heklu, útskýrir hlutverk olíunnar.***



Árni Jónsson, starfsmaður Smurþjónustu Heklu, segir að lengra líði milli smurningar hjá nýjum bílum í dag en áður var enda sé þá notuð olía sem endist lengur. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Árni segir nýrri bíla í dag vera með lengra þjónustutímabil en áður var. „Áður voru eknir um 7.500 kílómetrar á milli smurninga en nýrri bílar þurfa ekki að koma nema á 15.000 eða 30.000 kílómetra fresti. Svo er fjöldi bíla með akstursölvu sem lætur vita þegar komið er að smurningu en olían er náttúrulega dýrari þegar svo langt er á milli smurninga,“ segir Árni og bætir því við að mismunandi sé hvaða olíutegund sé sett á bílana og fer það eftir tegund bílsins. „Við erum eingöngu með umboðsbíla frá Heklu í þjónustu hjá okkur og erum þá með allar upplýsingar í tölvu um þessa bíla, olíumagn og annað. Þannig vitum við hvaða olía fer á hvern bíl, hvaða þykkt og hvaða tegund olíu og annað.“

Árni segir alla bíla brenna olíu, allt að einum lítra á hverja þúsund kílómetra. „Þá þarf að bæta einum lítra á bílinn og þannig viðhelst fituinnihaldið í olíunni. Hún brennur og fer út um útblásturskerfið á bílnum,“ segir Árni og bendir á að nákvæmlega eins bílar geti brennt mismunandi miklu af olíu eftir því hvernig þeir eru keyrðir og fleira.

Hlutverk olíunnar er margþætt og má þar nefna að hún kemur í veg fyrir að málmfletir nuddist saman og að nýtileg orka tapist við núninginn. Þá gegnir hún einnig því hlutverki að kæla þá hreyfihluta sem kælivökvinn nær ekki til og flytur óhreinindi í olíusíuna og heldur þannig hreyflinum hreinum.

*sigridurh@frettabladid.is*



Smurolían gegnir margvíslegu hlutverki fyrir bílinn eins og að koma í veg fyrir að málmfletir nuddist saman og að nýtileg orka tapist við núning. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

TRUCK VAULT SECURE STORAGE SOLUTIONS
Öryggishirslur í alla bíla
483 3227 IMP www.imp.is

KERRUÖXLAR Í ÚRVALI
og hlutir til kerrusmíða
FJALLABÍLAR Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000



Land Rover Defender lítur vel út á afmælinu.

# Sextugur og silfraður

***Land Rover verður sextugur á næsta ári og fagnar með glæsilegum Defender.***

Enginn eftirlaunabragur er á afmælisbarni nýja ársins, Land Rover. Þessi raungóði 4x4 framleiðandi ætlar þess í stað að koma með hátíðaútgáfu af Defender sem seld verður í takmörkuðu upplagi, en fyrstu 200 stykkin af Defender SVX-jeppunum voru gefin Rauða krossinum til frekari uppboðs og fjáröflunar.

Land Rover Defender SVX verður fáanlegur með stuttu hjólhafi (90) og mjúkum toppi, eða sem 110 Station Wagon með löngu hjólhafi. Bílarnir verða allir málmsvartir með silfurlitum útbúnaði í bland, pípulaga hliðarstig, íburðarmikið framgrill og glærar framljósalinsur, Recaro-framsæti og gírstöng úr málmblendi.

Öll eintök Defenders SVX verða afhent með sérnúmeri. Kaupverð fæst uppgefið í árslok og afmælisjepparnir tilbúnir til afhendingar á vordögum 2008.

*- þlg*

PIPAR • SÍA • 70623
Sendum frítt um land allt!
Felgustærðir: 15", 16" og 17"
Úrval jeppadekkja upp í 38"
JEPPADEKK.is

**Jólaljós** eru víða komin upp enda er notalegt að lýsa upp skammdegið með fallegum ljósum. Þau eru því það jólaskraut sem einna fyrst er skreytt með og fá oft að lýsa fram á næsta ár.

# Lifandi jóladagatal



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ellen Marie Fodstad verkefnastjóri opnar jóladagatalið í Norræna húsinu alla daga í desember og býður upp á notalega aðventustemningu.

***Norræna húsið býður upp á lifandi jóladagatal alla daga í desember fram að jólum.***

„Lifandi jóladagatal er kannski það sem er mest spennandi á aðventudagskránni," segir Ellen Marie Fodstad, verkefnastjóri í Norræna húsinu. „Markmiðið er að gefa fólki andrými í jólastressinu og eitthvað óvænt menningartilboð í hádeginu á aðventunni," bætir hún við og nefnir meðal annars Megas, Mugison, Jónas Þóri, Reykjavík!, Gunnar Kvaran, Ólöfu Arnalds, Egil Ólafsson ásamt öðrum listamönnum.

Helgarnar fram að jólum verða líka undirlagðar og að sögn Ellenar verður boðið upp á barnadagskrá, jólamarkað og jólahlaðborð þar sem flestir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. „Á barnadagskránni eru jólasögur úr norrænum barnabókum og einnig verða sungin jólalög," segir Ellen og minnir líka á hönnunar- og handverksmarkað þar sem hægt er að fá tilvaldar jólagjafir frá íslenskum hönnuðum auk þess sem norrænt jólahlaðborð er í boði um helgar fram að jólum. „Danski matreiðslumaðurinn Mads Holm ætlar að galdra fram girnilegar jólakræsingar og hann kemur líka við sögu í jóladagatalinu, en það er algjört leyndarmál hvaða dag það er," segir Ellen og hlær.

Jóladagatalið opnar kl. 12.34 frá 1. desember fram að jólum, en um helgar hefst barnadagskrá kl. 13. Jólamarkaður er frá 12.00-17.00 og jólahlaðborðið frá 12.00-14.00 www.nordice.is. *rh@frettabladid.is*

## Bráðum koma blessuð jólin

JÓLADAGATAL ER ÓRJÚFANLEGUR HLUTI AÐVENTUNNAR HJÁ YNGRI KYNSLÓÐINNI.

1. desember er alveg að koma og því ástæða til þess að minna foreldra á jóladagatölin sem flestum börnum finnst nauðsynlegt að eiga í aðdraganda jólanna. Jóladagatöl geta verið margs konar og þau má jafnt fá með fallegum myndum í gluggunum sem og gómsætu súkkulaði. Mikilvægt er þó að muna að bursta tennurnar vel ef súkkulaðið verður fyrir valinu.



- eö




Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið















# skipulag & hönnun

MIÐVIKUDAGUR 28. NÓVEMBER 2007




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI















# Lifandi og lífræn efni

**Hrafnhildur Guðrúnardóttir er ungur og upprennandi fatahönnuður sem hefur mörg járn í eldinum.**


Hrafnhildur fékk hugmyndina að töskunum út frá fatalínu sem hún hannaði þegar hún var í námi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Á sýningunni BRUM sem haldin var í Laugardalshöll í tengslum við kaupstefnuna Hönnun og heimili kenndi ýmissa grasa og voru þar samankomnir margir hæfileikaríkir hönnuðir. Hrafnhildur Guðrúnardóttir var ein þeirra en á BRUM sýndi hún töskur sem voru hennar eigin hönnun og hárskraut sem hún hannaði í samstarfi við Thelmu Björk Jónsdóttur.

„Þetta er búið að vera svolítið ferli með þessar töskur. Þær hafa ekki verið í almennri sölu fyrr en nú. Fyrst voru þær á BRUM og nú eru þær fáanlegar í Trilogiu og í verslun Steinunnar Sigurðardóttur á Laugavegi en þar eru þær í örlítið breyttri útfærslu,“ útskýrir Hrafnhildur og bætir við: „Töskurnar þróuðust eiginlega út frá fatalínu sem ég gerði í skólanum en þá var ég að vinna með þessa efnisáferð. Það verður svolítið lífrænt form á efnisáferðinni og þetta lítur þá út eins og eitthvað úr náttúrunni.“ Að hennar sögn eru töskurnar frekar áberandi og verða því stór hluti af heildarútlitinu.

Hrafnhildur hefur nóg að gera um þessar mundir en hún er með vinnustofu með nokkrum öðrum hönnuðum þar sem hún vinnur að hönnun sinni. „Ég er með saumakonu og við erum báðar í þessu en það er í vinnslu að koma þessu í almenna framleiðslu,“ segir hún ákveðin.

Hrafnhildur útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands árið 2004 og hefur starfað óslitið að ýmsum hönnunarverkefnum síðan. „Ég hef verið að taka að mér ýmis sérverkefni, stílisera, aðstoða vinkonu mína Urði í Gus gus með stíliseringar og búninga og svo auðvitað hannað,“ segir Hrafnhildur sem hefur einnig hannað í samstarfi við aðra hönnuði. „Síðasta vor unnu ég og Thelma Björk saman og hönnuðum vor- og sumarlínuna 2008 í hárskrauti fyrir Thelma Design.“

Hrafnhildur og Thelma Björk selja báðar vörur sínar í Trilogiu og laugardaginn 8. desember verður kokteilboð frá fjögur til sex og er öllum velkomið að mæta. Þar munu þær stöllur sýna nýjar vörur og er því kjörið fyrir gesti og gangandi að kynna sér þessa spennandi fatahönnun.

-hs


Dásamlega blómstrandi töskur Hrafnhildar verða í raun hluti af klæðnaðinum. MYND/GULLI


Töskurnar fást í ýmsum litum. MYND/GULLI

# Hönnuðir í fjársjóðsleit

Í dag eru spennandi tímar í íslenskri vöruhönnun og sýndi BRUM, nýafstaðin sýning í Laugardalshöll, svo ekki verður um villst að það ólgar allt og kraumar hjá hönnuðum.

Fólk er óhrætt við að stofna eigin fyrirtæki og hönnunarstofur og fara af stað með eigin línur í sölu. Það eru talsverðir möguleikar á framleiðslu á Íslandi en framleiðslufyrirtækin eru oft smá í sniðum og sérhæfð og erfitt að leggja út í framleiðslu á nýrri vöru þannig að margir framleiða vörurnar sjálfir eða leita til einyrkja og þúsundþjalasmiða sem leynast um allt land.



Blóðbergsdrykkur, samvinna hönnuða og bænda.

Það er ákveðin rómantík í því að leita í aldagamla handverkshefð á Íslandi. Einu sinni hefði kannski þótt lummó að leita í gamalt bændasamfélag en það er í rauninni fjársjóðskista, sem sjálfsagt er að vinna úr. Það gerir framleiðsluna líka áhugaverða.

Á Íslandi er vöruhönnunin ekki eins rótgróið fag og til dæmis í Hollandi eða Danmörku. Íslenskir vöruhönnuðir lærðu í útlöndum og það var kannski ekkert séreinkenni á íslenskri hönnun. En eftir að farið var að kenna fagið hér á landi og búið að opna leiðina ofan í fjársjóðskistu íslenskrar menningar er nú kominn spennandi grundvöllur fyrir eitthvað séríslenskt.










Verslun Fagurkerans

**GEGNUM GLERIÐ**

Ármúla 10
108 Reykjavík
S: 568 9950



Í mörgum verkefnum hefur meðferð á framhlið hússins verið uppspretta rannsókna og hugmynda, hvernig megi útfæra 21. aldar framhlið sem tengist við 19. aldar byggingar, en framhliðin er andlit hússins.

# Nýjung sett í sögulegt umhverfi

**Arkitektanemar Listaháskóla Íslands hanna tillögur að íbúðarbyggingu í gömlu hverfi í Istanbúl.**

„Þetta er í fyrsta sinn sem arkitektanemendur hanna fyrir aðra staðhætti en í Reykjavík, en það er mikilvægt fyrir þá að fá að kynnast mismunandi sjónarhorni á borgarumhverfi,“ segir Sigrún Birgisdóttir, fagstjóri í arkitektúr við hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands, um verkefni sem þriðja árs nemar vinna nú að.

Farið var að vinna að verkefninu eftir ferð nemenda og kennara skólans til Istanbúl í Tyrklandi, þar sem þeir kynntu sér borgina, menningu og listir.

„Verkefni nemanna felst í því að vinna hönnunartillögu að íbúðarhúsnæði í gömlu hverfi í Istanbúl og hafa þeir til þess nokkuð frjálsar hendur,“ segir Sigrún. „Nemendurnir skoðuðu og rannsökuðu borgarumhverfið í Istanbúl, en greiningin leiðir nemendur að ákveðinni nálgun að eigin hönnun, sem svarar vissum umhverfisaðstæðum.“

Sigrún bendir á að meðal arkitekta sé í vaxandi mæli fjallað um þéttbýli og borgarþróun, eins og á arkitektúr-tvíæringnum í Feneyjum 2006 þar sem þemað var borgin.

„Sýningin í Feneyjum fjallaði um eðli, uppbyggingu og þróun borga, en tíu borgir voru rannsakaðar sérstaklega og Istanbúl var ein þeirra vegna stærðar sinnar. Hún er í hröðum vexti, þar sem borgarbúum fjölgar um nítján manns á hverri klukkustund og borgin hefur vaxið um 900 prósent á síðustu 50 árum.“

Sigrún segir kennara við LHÍ hafa þótt Istanbúl tilvalinn rannsóknar- og hönnunarvettvangur, þar sem hún er í þróun og endurmótun eins og Reykjavík. „Istanbúl á sér langa sögu og byggðarmunstur einkennist af gamalli götumynd með yngri innskotum. Kennarar við Háskólann í Istanbúl vísuðu á borgarhluta, Galata, sem áhugavert rannsóknarsvæði en hann á að endurskipuleggja mikið á næstu árum. Þar fundust lóðir sem við notum sem rannsóknarvettvang.“

Sigrún segir að borgir þurfi reglulega að endurhugsa, þróa og móta og eldri borgarhlutar Istanbúl séu einmitt komnir að þeim tímamótum. „Borgir eru eins ólíkar og þær eru margar, og alltaf spila saman ólíkir þættir sem hafa áhrif á mótun borgarumhverfisins, bæði menningarlegir og staðbundnir.“

Sigrún bætir við að eitt af einkennum lifandi borga sé að þær verði aldrei fullmótaðar heldur endurnýjast og umbreytast með tímanum. „Við það verða oft átök á milli eldra byggðarmunsturs og nýju skipulögðu byggðarinnar og misjafnt hvernig þættirnir fléttast saman,“ segir hún. „Þróunin er einstök fyrir hverja og eina borg, en í átökunum geta grunneiningar borgarlandslagsins verið mjög ólíkar. Annars vegar er það byggingareiningin og hins vegar opna rýmið sem mótast af byggingunum.“

Sigrún segir að nemendurnir telji verkefnið vera mjög skemmtilega áskorun, því þeir hafi þurft að rannsaka vel aðstæður og hugmyndaforsendur verkefnisins áður en hafist var handa við það. „Það þarf að taka mikið tillit til þéttleika byggðarinnar og sögunnar, einnig eru veðurfarslegir þættir ólíkir því sem á að venjast á Íslandi,“ bendir hún á. „Í mörgum verkefnum hefur meðferð á framhlið hússins verið uppspretta rannsókna og hugmynda. Það er segja hvernig megi útfæra 21. aldar framhlið sem tengist við 19. aldar byggingar, en framhliðin er andlit hússins.

Nú hafa nemendurnir fáeinar vikur enn til að ljúka við verkefnið og útfæra leiðir til að skeyta nýjungum inn í sögulegt umhverfi og finna viðræðugrundvöll við mörg hundruð ára gamla byggð.“

*- rve*



Arkitektanemar Listaskóla Íslands vinna nú hörðum höndum að því að ljúka við verkefnið.



Sigrún Birgsdóttir og aðrir kennarar við Listaháskóla Íslands þótti Istanbúl ákjósanlegur rannsóknar- og hönnunarvettvangur fyrir nemendur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Skyssumódel af íbúðarhúsnæði sem nemandinn Baldur Kristjánsson vinnur að. Uppspretta hugmyndarinnar er að finna ró í hringiðju borgarinnar. Framhlið snýr að borg, bakhlið að sjó.

# Skipuleggðu notalegheitin í skammdeginu

**Á aðventunni vilja flestir slappa af yfir mynd eða glugga í blöð og þá er ekki verra að hlutirnir séu á vísum stað. Skammdegið hentar vel til að koma skipulagi á hlutina og fá sér góðar hirslur og kassa.**

Hægt er að raða í rólegheitunum uppáhalds DVD-myndunum og koma jóladiskunum í möppu. Setja hvort tveggja í rekka úr gagnsæju plasti, í fallegum litum. Eins má setja tímarit og bæklinga, sem koma inn um lúguna í desember, í möppu. Á baðherberginu er oft lítið pláss en þar er samt gott að geta gripið í tímarit að lesa og því tilvalið að henda þar upp litlum blaðarekka. Í desember þarf líka að halda vel utan um jólakort og því gott að geyma þau í fallegum kassa.



Rauð og jólaleg geisladiskamappa fæst í Eymundsson á 1.200 krónur.



Blaðagrind frá Umbra og fæst í Tekk Company á 4.900 krónur.



Mond-tímaritaboxin fást í Habitat á 4.900 krónur.



Sniðugir geymslukassar á 400 krónur stykkið í Tiger.



DVD-rekki á 8.900 krónur frá Habitat.


Violino dagar
Allt fyrir falleg heimili
Nýjar vörur daglega til jóla!
Nýir stólar, sófar, borð og gjafavara á hreint frábæru verði
Dalsbraut 1 – 600 Akureyri
Verið velkomin
Opið
Mánudaga til föstudaga kl. 10:00 - 18:00
laugardaga kl. 11:00 - 16:00
HÚSGÖGNIN
HEIM
Sími 461 5200 - Fax 461 1121

# Andapollurinn tákn Akureyrar

**Landslagsarkitektar hafa þá vandasömu en skemmtilegu vinnu með höndum að skipuleggja útivistarsvæði. Einn þeirra er Halldór Jóhannsson í fyrirtækinu Teikn á lofti við Skipagötu á Akureyri.**



Andapollurinn og nánasta umhverfi hans fá andlitslyftingu ef tillögur Halldórs ná fram að ganga.

Halldór er framkvæmdastjóri fyrirtækisins Teikn á lofti og lýsir fúslega helstu verkefnum stofnunar sem sinnir skipulags-, arkitekta- og hönnunarþjónustu. Fyrst lýsir hann hinu umdeilda svæði í Glerárdal sem ætlað er skot- og akstursíþróttum og var að fara í gegnum deiliskipulag.

„Verkefnið í Glerárdal er afar skemmtilegt,“ segir Halldór. „Þarna er verið að tala um ökugerði fyrir unga ökumenn og brautir fyrir mótorhjól. Einnig skotsvæði sem er þegar komið að hluta til.“

Halldór segir hestamenn hafa vissar áhyggjur af hinni fyrirhuguðu starfsemi í Glerárdal en telur þær óþarfar. „Við tökum tillit til hestamanna og annarra íbúa,“ bendir hann á. „Það er búið að leggja mikla vinnu í hljóðvarnir, líklega með því mesta sem þekkist. Línuhönnun er okkar samstarfsaðili í því og þar er langskólagengið fólk í hljóðvistarfræðum.“ Halldór segir engar íslenskar reglugerðir taka á svona málum og því sé unnið eftir sænskum reglugerðum sem þykja með þeim öruggustu.

Annað verkefni nefnir hann en það eru frumhugmyndir að siglingasvæði á Akureyri sem er ekki síður spennandi. „Siglingasvæðið er í kverkinni við Leiruna. Aðstaða bátanna er mjög bágborin eins og er en Pollurinn og fjörðurinn eru afar spennandi til siglinga. Við vinnum þetta í samstarfi við siglingaklúbbinn Nökkva,“ lýsir hann.

Endurhönnun Andapollsins og umhverfi hans er þriðja viðfangsefni stofunnar Teikn á lofti. „Andapollurinn hefur lengi verið visst tákn á Akureyri og við ætlum að sjálfsögðu að halda í helstu formin en breyta aðgenginu þannig að allir komist þar um, líka þeir sem eru bundnir við hjólastól. Gróðurinn verður endurgerður, það verða gerðar tröppur niður að pollinum og rampar. Einnig kemur lýsing og ný sæti,“ lýsir Halldór. „Það er alveg kominn tími til að hressa upp á þetta svæði og við erum með grunnmynd af því á teikniborðinu.“ *-gun*



Skotveiðimenn hafa þegar tekið hluta síns svæðis í notkun.



Siglingar á Pollinum eru sjálfsagt sport á Akureyri. Bátasvæðið í Leirunni verður tekið í gegn á næstunni.






Halla Bogadóttir er framkvæmdastjóri Kraums sem selur eingöngu handverk og hönnun íslenskra hönnuða í gamla Fógetahúsinu í Aðalstræti 10. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ornametrica í Kraumi

„Íslendingar eru í auknum mæli að uppgötva Kraum, en við opnuðum 1. júní í sumar og höfum fengið dásamlegar viðtökur,“ segir Halla Bogadóttir, framkvæmdastjóri Kraums, sem er afar falleg og freistandi hönnunarverslun með sérstökum sýningarsal í Aðalstræti 10 í Reykjavík.

„Við erum í gamla Fógetahúsinu sem hefur verið gert upp í sinni forkunnarfögru og upprunalegu mynd, og á baklóðinni var byggt enn frekar við það,“ segir Halla, sem sunnudaginn 2. desember opnar fyrstu hönnunarsýningu Kraums þar sem sýnd verður hönnun Erlu Sólveigar Óskarsdóttur, Aðalsteins Stefánssonar og Aleksejs Iskos.

„Erla Sólveig er orðin vel þekkt í okkar samfélagi fyrir hönnun sína á húsgögnum, en Aðalsteinn er nýtt nafn í íslensku flórunni og sýnir nú Ornametrica sem hann hannaði með Aleksej Iskos og er framúrskarandi flott loftljós sem hægt er að sveigja til og frá eftir eigin geðþótta svo úr verður manns eigin útgáfa af ljósinu,“ segir Halla, en á sýningunni verða stólarnir Formel D, Jaki og Bessi úr smiðju Erlu Sólveigar einnig til sýnis og sölu.

„Við munum reglulega halda hönnunarsýningar og allt sem við sýnum verður einnig til sölu. Kraum einsetur sér að sýna og selja eingöngu verk eftir íslenska hönnuði og nú fást vörur 73ja hönnuða í Kraumi,“ segir Halla, en til gamans má geta að Kraum í allri sinni dýrð er í eigu þrjátíu íslenskra hönnuða og fjárfesta. *-plg*



Ljósið Ornametrica eftir Aðalstein Stefánsson og Alexsej Iskos.

# Fullkomin hvíld



## Heilsurúm sem veita vellíðan, frelsi og hámarksöryggi

Sérstök hönnun rúmbotnsins sem samanstendur af svo kölluðum **fiðrildum (MIS®)** sem tryggir þrýstingsjöfnun og bætir blóðflæði sem skilar sér í bættum svefni og betri líðan.

Hægt er að hækka fætur í lárétta stöðu sem kemur sér sérstaklega vel fyrir þreytta og bólgna fætur.

Völker rúmin eru afar auðstillanleg með fjarstýringu þar sem hæð og mismunandi stillingum leguflatarins er stjórnað eftir þörfum hvers og eins. Hægt er að setja rúmið í setstöðu.







**Tvískiptar hliðargrindur** veita hámarksöryggi þar sem þær fylgja legufleti við hækkun/lækkun ásamt því að nýtast einstaklega vel þegar farið er fram úr rúminu. Sé þeirra ekki þörf er þeim rennt undir rúmflötin og fyrirferð þeirra verður engin.



FASTUS

**Fastus ehf.** Síðumúli 16, 108 Reykjavík
Sími 580 3900, Fax 580 3901
fastus@fastus.is, www.fastus.is

# Gúmmískart, skraut og aðrir fylgihlutir

**Rósa Helgadóttir hannar skart og fylgihluti sem tekið er eftir. Hún býður viðskiptavinum einnig upp á sérsniðnar flíkur. Hún sneri sér að hönnun fyrir nokkrum árum en fékkst áður við allt aðra hluti.**



Rósa við búðarborðið í Verksmiðjunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Globus-hálsmen 44.000 krónur. MYND/ARNALDUR HALLDÓRSSON



Globus-armband 88.000 krónur. MYND/ARNALDUR HALLDÓRSSON

Rósa Helgadóttir er einn sex hönnuða í Verksmiðjunni á Skólavörðustíg 10. Hún hannar gúmmískart og fylgihluti og auk þess boli með mismunandi gúmmíþrykki. Þá sérhannar hún kjóla í samvinnu við viðskiptavinina.

„Ég gerði kúlutöskur úr gúmmíi fyrir sýningu í Frakklandi árið 2003 og er skartið svolítið unnið út frá þeirri hugmynd. Ég hef mikið unnið með gúmmí, ál og silfur og er Globus-línan, sem samanstendur af kúluhálsmenum, hringjum og armböndum, í þeim anda,“ segir Rósa. Þá hefur hún einnig unnið með gúmmíteygju og gert úr henni blúndumunstur á úlnliði, upphandlegg og ökkla.

Rósa er tiltölulega nýfarin að hanna en hún vann áður á verðbréfamarkaði í fimmtán ár. „Árið 1998 fór ég í fornám í Myndlistarskólann með dóttur minni og útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands árið 2002. Þá fór ég sem skiptinemi í iðnhönnun til Hollands í eina önn og myndi segja að ég væri svolítill iðnhönnuður í mér.

Árið 2003 stofnaði ég síðan Verksmiðjuna í félagi við fleiri aðila,“ útskýrir Rósa.

Starfsemi Verksmiðjunnar hefur tekið töluverðum breytingum frá upphafi en í dag starfa þar sex hönnuðir. Þeir eru með mismunandi áherslur og í búðinni er að finna ýmiss konar fatnað, skart, skó og töskur. „Ég er síðan með verkstæði hér fyrir aftan og bý sjálf á efri hæðinni,“ segir Rósa.

Hún er önnum kafin og eru bolirnir sem hún þrykkir með gúmmíþrykki til í 25 mismunandi gerðum. Þeir fást í Verksmiðjunni en einnig má finna þá í fjölmörgum ferðamannaverslunum.

Þá býður hún konum að koma til sín í Verksmiðjuna þar sem hún tekur af þeim mál og skapar í kjólfarið kjóla og aðrar flíkur í samvinnu við þær. Hún segir þá þjónustu hafa fallið í góðan jarðveg og að æ fleiri viðskiptavinir nýti sér hana.

*- ve*


Elipex
EINANGRUÐ PEX PLASTRÖR



Miklar breytingar hafa orðið við lagningu hitaveitna þar sem foreinangruð plaströr eru nú notuð í grennri lögnum í meiri mæli, í stað hefðbundinna hitaveituröra úr stáli. Röraverksmiðjan SET er eitt fárra fyrirtækja í heiminum sem framleiðir foreinangruð PEX rör.



SET

GÆÐAKERFI VOTTAÐ VOTTUN HF ÍST ISO 9001

SET ehf. Röraverksmiðja • Eyravegur 41 • 800 Selfoss
Sími: 480 2700 • Fax: 482 2099 • Netfang: set@set.is • Vefsíða: http://www.set.is

# ÖJ-ARNARSON EHF

## www.trukkur.is

☎ 893 8327




- Gámakeyrsla
- Efnisflutningar
- Vélaflutningar
- Flatvagnaflutningar
- Dráttabílar
- Vörubílar
- Gröfur og tæki
  til allra annarra jarðvinnu

Mbl 914732

**ÖJ-ARNARSON EHF**

www.trukkur.is trukkur@trukkur.is
Símar 893 8327, 863 8327, fax 587 4832.

# Menningarhús byggt út í sjó

**Miðbær Akureyrar er nú í hraðri uppbyggingu. En áður en framtíð hans var ráðin litu ýmsar skemmtilegar tillögur dagsins ljós og ein þeirra gekk út á að færa bæinn út í sjó.**



Akureyri að næturlagi minnir helst á framtíðarborg í meðförum Zeppelin arkitekta, sem vildu færa byggðina út í sjó.

Það getur verið gaman að velta fyrir sér hvernig heimurinn liti út ef hlutirnir væru með örlítið breyttu sniði. Hvernig væri til dæmis skakki turninn í Pisa útlits yrði hann réttur við? Eða Sykurtoppurinn í Rio de Janeiro ef þar stæði stytta af Múhameð en ekki Jesú? Ef við horfum okkur nær mætti eins hugleiða hvernig Akureyri myndi líta út hefðu Zeppelin arkitektar sigrað í samkeppni um miðbæinn.

„Okkar hugmynd var að byggja út í haf, þar sem það er tiltölulega grunnt þarna og því auðvelt að byggja. Við töldum að með því að fjölga bæði atvinnuhúsnæði og íbúabyggð gætum við styrkt miðbæinn verulega. Svo skyggir heldur ekki á útsýnið frá Strandgötunni þótt heilu hverfin yrðu látin ná út í sjó.“

Þetta segir Orri Árnason, arkitekt hjá Zeppelin arkitektum, um tillögur að breyttu bæjarskipulagi á Akureyri, sem þeir útbjuggu tveimur árum áður en samkeppni um miðbæinn var haldin. Samkvæmt tillögunni hefði jafnframt verið reist menningarhús með hvolfþaki sem næði út í sjó. Skiptistöð og hótel hefðu komið á bakkann þar sem nú hefur verið samþykkt að byggja menningarhús. Byggðin hefði í sinni endanlegu mynd orðið fremur lágreist ef frá er talinn turn sem gnæfði yfir öllu saman.

Arkitektarnir létu sér þó ekki nægja að kasta fram einni hugmynd, heldur útbjuggu þeir aðra tillögu og er sú ekki síður áhugaverð fyrir margar sakir. „Við unnum aðra tillögu í líkanaformi, sem gekk út á að fylla betur upp í svæðið,“ segir Orri og bætir við að þá hefði verið gert ráð fyrir viðlegukanti fyrir skemmtiferðaskip á svæðinu. „Íbúabyggð hefði orðið á uppfyllingunni ásamt verslunum, veitingastöðum, skrifstofum og fleiru á jarðhæðum,“ segir hann.

Fyrri tillögurnar voru kynntar fyrir bæjaryfirvöldum á Akureyri og síðan við opnunina á kosningabaráttu Sjálfstæðisflokksins fyrir norðan. Þetta var tveimur árum áður en samkeppni um miðbæinn var haldin. Tillögurnar lágu því á borði hjá bæjaryfirvöldum og þótti Zeppelin arkitektum ástæðulaust að senda þær sérstaklega inn í keppnina.

Hvort það hafi kostað Zeppelin sigurinn verður aldrei hægt að segja með vissu. Víst er að bærinn hefði að minnsta kosti orðið ansi áhugaverður hefðu þeir sigrað, eins og sést á meðfylgjandi myndum. *- rve*



Önnur tillagan miðaði við að fylla betur upp í svæðið. Þá hefði líka verið gert ráð fyrir viðlegukanti fyrir skemmtiferðaskip.



Orri Árnason og félagar hjá Zeppelin arkitektum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Gefðu allt í stíl

Úrvalið af Rosendahl vörum er hjá okkur í Skeifunni og í Leifsstöð.









Epal er
umboðsaðili
Rosendahl
á Íslandi





Epal hf. / Skeifunni 6 / Sími 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is














# Já, við erum hreykin enn og aftur!

## **PHILIPS** VINNUR **EISA** VERÐLAUNIN 2007-2008 FYRIR **HÁSKERPU FLATSKJÁ** OG **HEIMABIÓKERFI**

Hin virta dómnefnd óháðra blaðamanna frá **European Imaging & Sound Association (EISA)** hefur veitt **Philips** viðurkenningu fyrir tækniþróun og nýsköpun á sviði afþreyingartækni fyrir heimili með tveimur eftirsóttum tækniverðlaunum.




**European Full-HD LCD-TV 2007-2008**
„...skilar hreint ótrúlegum gæðum í fullri **High Definition** upplausn. Jafnvel fíngerðustu smátriði eru skýr og greinileg í 1920x1080p upplausn. Öll hreyfing er skýrari og eðlilegri með hjálp hinnar framúrskarandi **Perfect Pixel HD Engine** myndtækni frá **Philips**", eins og segir í skýrslu **EISA** nefndarinnar um **47PFL9732D**.

**SJÓNVARPIÐ FÆST Í 37", 42" OG 47" ÚTFÆRSLUM**

Powered by ambi light

EISA AWARD Best Product 2007-2008
FULL-HD LCD-TV
Philips 47PFL9732D



EISA AWARD Best Product 2007-2008
HOME THEATER COMPACT SYSTEM
Philips HTS8100

**European Home Theater Compact System 2007-2008**
Ólíkt hefðbundnum heimabíókerfum með aðskildum hátölurum er **HTS8100** grundvallað á **Ambisound** tækninni frá **Philips** sem skilar alvöru 5.1 rása hljóðgæðum úr einu sambyggðu tæki.

**EISA dómnefndin lofar hönnunina sérstaklega**
„Þessi hönnun virkar einstaklega vel með flatskjám og skilar öllu sem til er ætlast.
Afgerandi heimabíóupplifun".

PHILIPS
sense and simplicity




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 36 | GARÐARSBRAUT 18A | EYRARVEGI 21 |
| SÍMI 569 1500 | 460 3380 | 464 1600 | 480 3700 |

Heimilistæki

ht.is

## Varahlutir

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault Kangoo. Viðgerðir. Einnig airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Japanskar Vélar/Bílstart, Bílapartasala**
Erum að rífa flestar gerðir japanskra og kóreskra bíla, Fiat, Opel, VW ofl, sérstök áhersla á Nissan og MNC. Opið 08-18. S. 893 2284 & 565 3400, partasolur.is

# ÞJÓNUSTA

## Jólaskemmtanir




Erum með skemmtilegustu jólasveina landsins, sjáum um jólaskemmtanir frá a til ö. Hafðu samband í S. 692 6020 & 692 6010, gryla@jolasveinarnir.is

## Hreingerningar




Hreingerningar ehf. S: 868 5599




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

Fyrirtækja- flutnings- og nýbyggingarþrif. Svæði ehf. S. 848 7367.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

## Garðyrkja




## Fjármál

Íslenskir málarar ehf. Öll málningarþjónusta. www.mala.is S. 517 7335. Löggildir málarameistarar.

## Málarar




**Þarftu að láta mála?**
**Alhliða málningarþjónusta. Gerum föst verðtilboð ykkur að kostnaðarlausu.**
**Upplýsingar í síma 862 2413.**

**Villtu láta mála & gera fínt fyrir jólin. Góður staðgreiðslu afst.**
**Málarameistari getur bætt við sig verkefnum. Stigagangar, sameignir og íbúðir, gamalt og nýtt.**
**Upplýsingar í síma 869 3934 Ingimundur Málarameistari.**

**Sandspörtlun og málun**
Mála stigahús, íbúðir eða blokkir. Uppl. í s. 893 5537 Arnar Málarameistari.

Málarameistari getur bætt við sig verkefnum Uppl. Í s. 869 3934.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

## Húsaviðhald




**Magnhús ehf**
Alhliða viðhald fasteigna, innan og utan. S. 847 6391 & 891 9890.

**Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

**Húsaviðhald!**
Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

**Flísalagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í múrverki og flísalögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

**Pípulagnir**
Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

**Faglærður múrari**
getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 862 5477.

## Stífluþjónusta







## Tölvur

**Tölvuþjónusta**
Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

## Dulspeki-heilun

Hefurðu Prófað Heilun Fyrsti tíminn aðeins 500 krónur. Traustur aðili. Sími: 8564714

## Nudd

Massage, whole body massage. Maria, tel. 862 0283.

## Rafvirkjun

**Sigurtak ehf. Rafvirkjar**
**Getum bætt við okkur verkefnum, tökum að okkur skrifstofusem og íbúðahúsnæði, viðhald og nýtt.**
**Upplýsingar í síma 698 1838 eða á sigurtak@internet.is**

## Spádómar




**Stína Lóa Spámiðill**
**Tarrot & draumráðningar. Leiðsögn um ástir, viðskipti og fjármál.**
**Sími 908 2008 & 462 2811 - Visa/MasterCard Opið til 02 alla daga. Geymið þessa auglýsingu.**







**Englaljós S. 908 5050 & 863 1987**
**Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 11-01.**
**Lára spámiðill. Visa/Euro.**

**Alspá 445 5000 & 823 8280**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

**Dulspekisíminn 908 6414 & 553 5395**
Spennandi tími fram undan? Spák. Yrsa: símaspá, draumaráðningar, fjarheilun, Visa/MC. Símatími 10-24 alla daga. Hringdu núna!

## Önnur þjónusta




# KEYPT & SELT

## Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bilað. Uppl. í s. 896 8568.

## Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. Vélaverkstæði JS. Vesturhrauni 3. Garðbæ. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502.

**Til sölu**
**Ýmis tæki til veitinga- og verslunarreksturs, s.s djúpsteikingarpottur, 20 gastro gufuofn, 90 og 120 cm pönnur, uppþvottavél, eftirlitsmyndavélakerfi, 15 myndavélar, kælar frá frostverki og margt fleira.**
**Upplýsingar gefur Árni í síma 897 6966.**

**ICEBIKE auglýsir**
**Opið á laugardögum í desember.**

**Jólagjöf hjólamannsins fæst hjá okkur.**

**Mikið úrval : Mótorhjól - Fjórhjól - Hlífðarfatnaðaur - Skór - Hjálmar - Hanskar Aukahlutir frá Kuryakyn.**

**Gjafakort Icebike.is**

**Iðavöllum 10 , sími 421 5452 230. Keflavík**

ICEBIKE auglýsir opið á laugardögum í desember Jólagjöf hjólamannsins fæst hjá okkur. Mikið úrval af Mótorhjól - Fjórhjól Hlífðarfatnaður Skór Hjálmar Hanskar Aukahlutir frá Kuryakyn Gjafakort Icebike.is Iðavöllum 10 230 Keflavík sími 421 5452

3.ja sæta sófi ljóst microf. sem nýr 40þ. toppgrind 15þ og tré-rennibekkur kenso með járnasetti.20þ. uppls. 557-4413/823-8494/661-9513

**Járnrúm og kommóða**
Nýlegt sófarúm kr. 13þ. og kommóða m/6 skúffum kr. 10þ. Ikea. Uppl. 864 9707

**Þvottavélar og þurrkarar**
Til sölu nokkrar yfirfarnar þvottavélar, þurrkarar, uppþvottavélar og frystikista. Tökum bilaðar upp í. Einnig varahlutir í þvottavélar. S. 847 5545.

BRETTAREKKAR, til sölu fyrir uþb. 250 Europalla. Seljast ódýrt, ef samið er strax. Uppl Síma 661 3131 og 897 2000.

## Hljóðfæri



Da Cabo þjóðlagagítar, poki og stilliflauta. Kr.13.900,- Gítarinn, Stórhöfða 27. Sími 552 2125 www.gitarinn.is - gitarinn@gitarinn.is

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. EG tónar, RVK 824 7610 & Ak 660 1648

## Vélar og verkfæri




CMT sagarblöð og fræsitennur í mjög miklu úrvali, góð verð. Ásborg, vélar+verkfæri. Smiðjuvegi 11 S. 564 1212

## Til bygginga

Ný mótaborð (dokar) til sölu 1.545 kr/m2 m.vsk, uppl. í s: 847-3798 Halldór og ulfurinn.is

Hunnebeck veggjamót, 140 flekar (alls 433 m2) ásamt fylgihlutum, verð: 3.000.000 kr.m/vsk. Uppl. í síma 866 4643, Bjarni.

850 lm af nýju girðingarefni með steyptum undirstöðum, kjörið í kringum byggingasvæði, verð 5.500 kr. stk. m/vsk (girðing og steypt undirstaða). Uppl. í síma 866 4643, Bjarni.

Til sölu tveir WC skúrar, sitthvor eining ca. 1m x 1m, verð 150.000 m/vsk. stk. Uppl. í síma 866 4643, Bjarni.

**Iðnaðarhurðir**
Hef til sölu 5 stk. Flekahurðir, verð 250.000 kr. stk m/vsk. Um er að ræða 4,7m háar og 3,4m breiðar hurðar með brautum og mótor, innfluttar frá Danmörku. Uppl. í síma 866 4643, Bjarni.

## Verslun






Flottir öklaskór fyrir dömur í úrvali. Stærðir. 35 - 40 Verð 12.500.- Misty skór Laugavegi 178 sími 551 2070

# HEILSA

## Heilsuvörur



— 5 - 7 Kíló á 9 Dögum — Clean 9 Verð. 14.690 kr Uppl. í síma 697 8928 Sigga.

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu fríann prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Léttist um 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki fylgir. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig s. 862 5920.

**Viltu léttast hratt og örugglega?**
www.diet.is — www.diet.is Margrét s. 699 1060.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

# SKEMMTANIR



# Auglýsing um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogs á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.

Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

**Furugrund 44. Deiliskipulag.**
Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðar breytingum, hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt þann 28. nóvember 2006 tillögu að deiliskipulagi við Furugrund 44.

Skipulagstofnun hefur yfirfarið málsgögnin sbr. bréf dags. 14. nóvember 2007 þar sem ekki er gerð athugasemd við að birt verði auglýsing um samþykkt deiliskipulagsins sbr. skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997. Hverjum þeim sem telur rétti sínum hallað með samþykkt þessari er heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar með kæru sbr. 8. gr. skipulags- og byggingarlaga. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um samþykkt deiliskipulagsins, sjá B-deild Stjórnartíðinda 23. nóvember 2007

**Smári Smárason.**
**Skipulagsstjóri Kópavogs.**

HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Verðkönnun vegna innleiðingar á nýjum ytri vef Háskóla Íslands

Háskóli Íslands óskar eftir verðupplýsingum vegna fyrirhugaðrar innleiðingar á vefumsjónarkerfi og smíði á nýjum ytri vef.

Opinn kynningarfundur verður þann 4. desember næstkomandi klukkan 15:00 í stofu 207, Aðalbyggingu Háskóla Íslands. Fyrirspurnafrestur rennur út þann 6. desember 2007.

Skila þarf inn verðupplýsingum fyrir kl. 12:00 á hádegi þann 10. desember 2007.

Gögn um verkið er hægt að nálgast á slóðinni http://sameining.hi.is/ytri-vefur

ATVINNA

HAMRAFELL EHF

# Vélstjóri óskast!

Vélstjóra vantar á ísfisktogara.
Uppl. í síma 899 0830 og 896 3939



# Má bjóða þér?

**Perlan býður þér:**
· Vaktavinnu í kaffiteríu Perlunnar.
· Aukavinnu í kaffiteríunni og/eða í veitingahúsi Perlunnar sem hjálp í sal (þjónar).
Í Perlunni, einu besta veitingahúsi landsins, er gott vinnuumhverfi og jákvæður starfsandi.
**Umsóknir: perlan@perlan.is**

**The Pearl offers you:**
· Shifts in the Pearl's Cafeteria.
· Side job in the Cafeteria and/or the Pearl's Restaurant as waiters.
The Pearl, one of Icelands best reastaurants, offers a good and positive work environment.
**Apply via eMail: perlan@perlan.is.**

PERLAN

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

# AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með eftirfarandi deiliskipulagsbreytingu skv 1. mgr. 26. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

**Urriðaholt vesturhluti, 1. áfangi.**
Mörk svæðisins á móts við Kauptún breytast lítillega, sem og lega stíga þar.
Gerðar eru breytingar á nokkrum húsagerðum. Einkum varðar það möguleika á láréttri íbúðaskiptingu húsa í stað lóðréttrar í 3ja hæða raðhúsum sem standa ofan götu við Hraungötu, Kinnargötu og Keldugötu. Afmörkun lóða og byggingarreita breytist, sem og mögulegar íbúðagerðir. Íbúafjöldi á svæðinu verður 342-374 í stað 349-377.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 28. nóvember til og með 9. janúar 2008. Þær eru ennfremur aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 9. janúar 2007. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir þeim.

*Arinbjörn Vilhjálmsson*
*skipulagsstjóri Garðabæjar*

**Tækni- og umhverfissvið**

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

**Naustareitur, reitur 1.132.1.**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Naustareits sem afmarkast af Grófinni, Vesturgötu, Norðurstíg og Tryggvagötu.
Breytingin nær yfir lóðir að Tryggvagötu 10 – 14 og Vesturgötu 14 – 18. Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að götumynd Vesturgötu verði styrkt með byggingu hornhúss að Vesturgötu 18, húsið að Tryggvagötu 10 er fært til upprunalegs horfs með byggingu turns og svala og Gröndalshús verði flutt í Árbæjarsafn. Þannig myndast umgjörð um svæði sem verður skjólsæll garður fyrir íbúa með aðkomu frá Norðurstíg.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Vesturgata 2A, Grófartorg**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Grófartorgs vegna staðsetningar Zimsenhúss á lóðinni að Vesturgötu 2A.
Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að lóðin að Vesturgötu 2A verði stækkuð um 28,9m² í norðurhorni, leyfilegt verði að lækka yfirborð lóðar að hluta til þannig að gryfja myndist framan við húsið og verði þá yfirborð neðan við aðliggjandi gangstétt og mun tengjast umhverfi með tröppum. Veggir gryfju verða hlaðnir grágrýti.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Öskjuhlíð**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Öskjuhlíðar vegna afmörkunar lóðar fyrir starfsemi Ásatrúarfélagsins. Lóðin verður í suðurhlíð vestan megin við vatnstanka frá stríðsárunum og er stærð lóðar 2600m² og er heildarbyggingarmagn áætlað 800m². Tillagan gerir ráð fyrir m.a. að lagður verði nýr vegur meðfram göngustíg frá núverandi vegi sem liggur í gegnum Öskjuhlíðina. Samtals er gert ráð fyrir fimmtán bílastæðum innan lóðar en að öðru leyti verði bílastæðaþörf mætt með samnýtingu bílastæða við Öskjuhlíð og Nauthólsvík.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 28. nóvember 2007 til og með 11. janúar 2008.** Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar.
**Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 4. janúar 2008. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**.
Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 28. nóvember 2007
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚN 3 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 3000 - MYNDSENDIR 411 3090

# Yfirmaður Serrano og Síam í Hafnarfirði

**Serrano mun opna veitingastað í Hafnarfirði á næsta ári við hliðiná veitingastaðnum Síam. Við leitum að yfirmanni til að stjórna báðum stöðum, Serrano og Síam í Hafnarfirði.**

**Starfssvið**
- Ráðningar starfsfólks og umsjón með starfsmannamálum
- Uppgjör
- Afgreiðslustörf
- Umsjón með vöktum og gerð vaktaplana
- Pantanir og birgðahald
- Skýrslugerð til eigenda

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Reynsla af störfum í verslun eða á veitingastöðum
- Viðkomandi verður að vera mjög þjónustulundaður
- Viðkomandi verður að vera sterkur í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af rekstri mikill kostur.

**Góð laun í boði auk árangurs- og veltutengdra bónusa.**

Vinsamlegast sækið um á www.serrano.is/atvinna eða sendið umsóknir á steingerdur@serrano.is
Allar nánari upplýsingar veitir Steingerður, rekstrarstóri Serrano, í síma 899-8947

serrano

Serrano er ungt íslenskt fyrirtæki. Staðurinn í Hafnarfirði verður fjórði Serrano staðurinn, en auk þess rekur fyrirtækið veitingastaðinn Síam. Fyrirtækið er búið að vera í miklum vexti undanfarið og framundan eru virkilega spennandi tímar.

# DVD ferðaspilari

88 STYKKI

12 og 220v



Spilar DVD, DVD+R/RW - Spilar CD, CD+R/RW, MP3 og JPEG

**Lenco MES210**
- Ferða DVD spilari
- Tveir 7" LCD breiðtjaldsskáir
- Fjölkerfa DVD spilari
- Heyrnartólstengi
- Dolby Digital
- Hristivörn
- Fjarstýring
- 12 og 220v

19.989 kr.
Fullt verð ~~32.989~~

# 7.1 megapixela



**Olympus MJU760SIL**
- Digital myndavél
- 7.1 milljóna punkta upplausn
- 3x Optical og 5x Digital Zoom
- 6.5 - 19.5mm linsa
- 2,5" LCD skjár
- DIS hristivörn
- Hreyfimyndataka
- Tímarofi og miklu fleira
- USB tenging við tölvu
- 18mb innbyggt minni
- Tekur xD kort

29 STYKKI

19.989 kr.
Fullt verð ~~29.989~~

Halló! Erum við að reikna rétt?



59.989 kr.
Fullt verð ~~99.989~~

32 tommur

35 STYKKI

**Mirai DTL-632E500**
- 32" HD LCD sjónvarp
- HD Ready
- Upplausn: 1366 x 768
- Skerpa: 1500:1
- Svartími: 6.5 ms
- Birta: 500 cd/m2
- 2x10W hljóðkerfi
- Tengi: 2x Scart, HDMI, RCA, VGA,
- Loftnet, S-Video,
- Heyrnartólstengi
- Stærð: (BxHxD) 80,4x58,0x22,4sm
- Textavarp

# 320GB flakkari



**Philips SPE3030CC**
- Flakkari með 320GB hörðum diski
- Háhraða USB 2.0 tenging
- Hágæða og sterkbyggt álhús
- Auðveldur í notkun
- Styður Windows 2000/XP

7.989 kr.
Fullt verð ~~14.989~~

Jóla gott verð!

# Heimabíósett DivX

10 STYKKI



**JVC THP5**
- Heimabíókerfi með DivX
- 360w Dolby Digital/DTS magnari
- 5 umhverfishátalarar og bassabox
- Fjölkerfa DVD spilari
- Progressive Scan
- Spilar DVD, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX
- Spilar CD, CD-R/RW, MP3/WMA og JPEG
- USB 2.0 tengi að framan
- Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II
- NTSC afspilun á PAL sjónvarp
- FM útvarp með stöðvaminnum
- Video útgangar: Component, SCART (RGB, Y/C, Composite)

19.989 kr.
Fullt verð ~~39.989~~



349.989 kr.
Fullt verð ~~499.989~~

52 tommur

LCD

10 STYKKI

**Philips 52PFL7762D**
- 52" Full HD 1080p LCD breiðtjald
- Upplausn: 1920x1080 punktar
- Pixel Plus 2 HD
- Digital Natural Motion
- HD Ready og Progressive Scan
- Skerpa: 12.000:1 - Svartími: 6ms
- Ljósskynjari og Active Control
- Innbyggður digital DVB-T móttakari
- 40w Nicam Stereó með BBE bassa
- 2 Scart (með RGB), 3 HDMI, Component, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi
- Textavarp og fjarstýring

# Tölvuskjár

19 STYKKI

19 tommur



16.989 kr.
Fullt verð ~~22.989~~

**Philips 190WV7CS**
- 19" LCD breiðtjalds tölvuskjár
- Upplausn: 1440x900 punktar
- Skerpa: 850:1 og svartími: 5ms
- Birta: 300cd/m2 og sjónsvið (H/V): 170/160°
- Hámarksupplausn: 1440x900 @ 75 Hz
- VGA tengi

Taktu eftir þessu! Gjafaverð!



75 STYKKI

**LOGITECH X-240**
- 2.1 margmiðlunarhátalarar
- Fyrir MP3 spilara og tölvur
- Aux og MP3 tengi
- Heyrnartólstengi
- Tveir hátalarar og Subwoofer
- Vagga fyrir Ipod ofl

4.989 kr.
Fullt verð ~~9.989~~

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI




# DVD MYNDIR ÞÚSUNDIR TITLA

200 STYKKI

Sjáðu afsláttinn! Er þetta hægt?

**1.489 kr.**

Fullt verð ~~2.299~~

Ódýrt! Stendur jólasveinninn fyrir þessu?




Nýtt á PS2

40 STYKKI

**3.989 kr.**

Fullt verð ~~5.989~~

# TÖLVULEIKIR OG TÓNLIST HUNDRUÐIR TITLA




40 STYKKI

Nýtt á PS2

**2.289 kr.**

Fullt verð ~~5.989~~




Nýtt á PS3

70 STYKKI

**2.989 kr.**

Fullt verð ~~5.989~~

75 STYKKI



**1.289 kr.**

Fullt verð ~~2.989~~

Max gæða verð!




75 STYKKI

**1.489 kr.**

Fullt verð ~~2.489~~

## KOMDU Í MAX OG SRÁÐU ÞIG Í SKO FÁÐU 2000 KR. INNEIGN Á SÍMANN

Þér að kostnaðarlausu.

Með öllum GSM símum hjá okkur fylgir frí áskrift hjá Sko og 2000 kr. inneign!




Sko! Nú erum við að tala saman ...

## GSM og inneign




33 STYKKI

**Samsung E380**
- GSM 900/1800/1900 með Diktafóni
- Þyngd 75 grömm
- 65.000 lita TFT skjár
- Rafhlaða - 4 klst. í tali - 320 í bið
- 1.3 megapixel myndavél
- Hreyfimyndataka og afspilun
- MP3 stereó spilari
- Fjölradda og MP3 hringitónar
- Titrari og handfrjáls hátalari
- Innbyggt 40 MB minni
- Java leikir, skipuleggjari ofl.
- Bluetooth, USB, innrautt tengi,
- Vinnur með Outlook
- EDGE og GPRS, WAP, xHTML, Java
- SMS/MMS/EMS, POP3, IMAP
- Handfrjáls búnaður fylgir

**9.989 kr.**

Fullt verð ~~19.989~~

**Sony Ericsson W610i**
- GSM 850/ 900/1800/1900 með Diktafóni
- Þyngd 95 grömm
- 256.000 lita TFD skjár
- Rafhlaða - 7 klst. í tali - 350 í bið
- 2 megapixel myndavél
- Hreyfimyndataka og afspilun
- MP3 Walkman spilari
- Tónlistargreinir
- FM útvarp með RDS
- Raddhringing
- Fjölradda og MP3 hringitónar
- Titrari og handfrjáls hátalari
- Java leikir, skipuleggjari ofl.
- Innbyggt 64 MB minni
- (M2) 512 MB fylgir
- Bluetooth, USB, innrautt tengi,
- Vinnur með Outlook
- EDGE og GPRS, WAP, HTML, Java
- SMS/MMS, POP3, IMAP
- Íslenskt valmyndakerfi

50 STYKKI

**19.989 kr.**

Fullt verð ~~29.989~~




MAX RAFTÆKI

## OPIÐ TIL KL. 22:00 á fimmtudögum

Tilboðin gilda í dag og á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

# Lífeyrissjóðir og búsetumál

**UMRÆÐAN**

Kjör aldraðra

Fyrir skömmu stóðu Landssamtök lífeyrissjóða ásamt Samtökum fjármálafyrirtækja og fjármálaráðuneytinu fyrir fundi um alþjóðlegan lífeyrissjóðarekstur á Íslandi. Salurinn var fullur af fólki og frummælendur vegsömuðu íslenska lífeyrissjóðakerfið sem fyrirmynd fyrir aðrar þjóðir. Hvergi er lífeyrissparnaður hærri nema kannski í Hollandi. Sparnaðurinn nemur nú 137% af landsframleiðslu og gert er ráð fyrir, að hann verði 300% af landsframleiðslu árið 2020. Hvers vegna þá ekki að bjóða öðrum þjóðum í veisluna og fá fyrirtæki vítt um heim til að ávaxta lífeyri starfsmanna sinna á Íslandi?.

Í lok árs 2006 voru heildareignir lífeyrissjóðanna um 1.500 milljarðar og jukust um 276 milljarða það ár. Á sama ári jukust lífeyrisgreiðslur um 6 milljarða. Munurinn er fjörutíuogsexfaldur.

Nú stefnir í það að eignir lífeyrissjóðanna aukist um milljarð á hverjum einasta degi ársins.

**Barátta Helga í Góu**

Sá ágæti maður, Helgi Vilhjálmsson og kenndur við Góu, hefur undanfarin ár barist fyrir því að lífeyrissjóðirnir komi að byggingu hjúkrunarheimila og leysi þann stórkostlega vanda, sem við er að glíma í dag. Hann stóð m.a. fyrir skoðanakönnun um þessa spurningu og svörðu um 71% því játandi, að lífeyrissjóðirnir ættu að taka þátt í byggingu og rekstri hjúkrunarheimila og íbúða fyrir sjóðfélaga.

Í núgildandi lögum um lífeyrissjóði er þeim bannað að eiga annað húsnæði en eigin skrifstofuhúsnæði. Hins vegar er fjárfest í hlutabréfum og skuldabréfum vítt um heim, en hér á landi blómstra fjárfestinga- og eignarhaldsfélög sem aldrei fyrr. Erlendis er það sjálfsagður hluti af ávöxtunarleiðum lífeyrissjóða, að fjárfesta í margvíslegu húsnæði, bæði atvinnuhúsnæði og íbúðarhúsnæði. Má þar nefna orlofsbyggðir fyrir lífeyrisþega. Forsvarsmenn lífeyrissjóða hérlendis leggja áherslu á að hafa eggin ekki öll í sömu körfunni. Þess vegna er það nær óskiljanlegt, hvers vegna ekki má opna fyrir fjárfestingar í húsnæði. Stjórnvöld, greiðendur í lífeyrissjóði og lífeyrisþegar verða að sameinast um þá kröfu, að lög um lífeyrissjóði verði rýmkuð í þessu tilliti.

Nú er hinum öflugu lífeyrissjóðum á Íslandi stjórnað af fulltrúum stéttarfélaga og atvinnulífs. Hinn almenni greiðandi kemur þar hvergi nærri og lífeyrisþegar hafa engar beinar leiðir til að gæta sinna hagsmuna. Það er orðið löngu tímabært að huga að leikreglum lýðræðisins, þegar lífeyrissjóðirnir eiga í hlut. Vald þeirra er mikið og hærri upphæðir streyma í gegnum þá en ríkiskassann.

Hinir kjörnu fulltrúar almennings, alþingismennirnir, verða að fara að beina sjónum sínum að lagaramma lífeyrissjóðanna, ekki aðeins gagnvart ávöxtunarleiðum og lífeyrisréttindum, heldur einnig stjórnunarformi þeirra. Það hljóta að vera til aðgengilegar leiðir sem tryggja hvorutveggja: aðkomu sjóðfélaga að kjöri í stjórnir og traust stjórnunarform með aðkomu fyrirtækja og stéttarfélaga. Hugsa mætti sér að einstakir sjóðfélagar ávinni sér atkvæðisrétt og kjörgengi með greiðslum í tiltekinn lágmarkstíma. Rækilega sé auglýstur framboðsfrestur og kosningafyrirkomulag miðist við póstkosningu og/eða netkosningu. Með þessu fyrirkomulagi eru þeir sem greiða í sjóðina vaktir til ábyrgðar um réttindi sín og skyldur og samábyrgð myndi aukast.



REYNIR INGIBJARTSSON

**Dýrmæt lífsreynsla lífeyrisþega**

Staða lífeyrisþeganna er kapítuli út af fyrir sig. Þeir eru að taka út sinn sparnað til framfærslu og eiga að sjálfsögðu að hafa eitthvað með það að segja. Hver sá sem hafið hefur töku lífeyris á um leið að öðlast atkvæðisrétt, nú sem neytandi en ekki sem greiðandi. Erlendis eru samtök lífeyrisþega víða mjög öflug og allar breytingar á lífeyriskerfinu eru á þeirra borðum. Hér er hagsmunagæsla þeirra í reynd engin og allt traust sett á stjórnir sjóðanna án aðildar að þeim. Hugsanlega geta félög og samtök eldri borgara komið hér að málum, en þá eru ekki til staðar hin beinu tengsl milli sjóðfélagans og stjórnar sjóðsins. Með hækkandi lífaldri lengist sá tími sem fólk fær greiðslur úr sínum lífeyrissjóðum. Lífsreynsla og starfskraftar fólks á eftirlaunaaldri geta orðið lífeyrissjóðunum mjög dýrmætur reynslubanki og lýðræði getur líka borgað sig.

Aðstandendafélag aldraðra – AFA hefur frá stofnun félagsins snemma árs 2006 lagt áherslu á aðkomu lífeyrissjóðanna að hinum gríðarlega búsetuvanda aldraðs fólks hér á landi, þegar kemur að hjúkrun og aðgengilegum íbúðum. Allir stjórnmálaflokkar hétu miklum úrbótum fyrir alþingiskosningarnar sl. vor. Stjórnarsáttmáli nýrrar ríkisstjórnar lofaði líka góðu. Það er lítið farið að sjá í efndirnar, fjármagnið áfram í smáskömmtum og næsta nýtt hjúkrunarheimili mun tæpast komast í gagnið fyrr en á árinu 2009 í fyrsta lagi. Á eldri hjúkrunar- og dvalarheimilum er verið að breyta fjölbýli í einbýli í samræmi við kröfur fólks á nýrri öld og þá fækkar dvalarrýmum. Áfram liggja svo hundruð aldraðs fólks í sjúkrahúsunum, komast ekki annað og margfalda kostnaðinn fyrir þjóðfélagið. Er eitthvert vit í þessu? Spyr sá sem þykist vita svarið – það er ekkert vit í þessu.

*Höfundur er formaður AFA.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




**ED HARRIS KVIKMYNDALEIKARI ER 57 ÁRA**

*„Ég dái Bandaríkin og er stoltur af mínu heimalandi. Hins vegar finnst mér núverandi ríkisstjórn vera mjög öfgasinnuð og þetta er ekki bara íhaldssamt fólk. Þetta eru öfgasinnaðir hægrimenn.“*

***Ed Harris hefur leikið í myndum á borð við Apollo 13, A Beautiful Mind og A History of Violence.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 28. NÓVEMBER 1994

## *Þjóðaratkvæðagreiðsla um inngöngu í Evrópusambandið felld í Noregi*



Þjóðaratkvæðagreiðsla um inngöngu Norðmanna í Evrópusambandið var haldin þennan dag árið 1994. Atkvæði féllu mótmælendum í vil því tillagan var felld með 52,2 prósentum atkvæða.

Helsti mótmælandi tillögunnar var Anne Enger Lahnstein, leiðtogi Miðflokksins, en hennar helstu rök voru að Norðmenn myndu missa sjálfsákvörðunarrétt sinn við inngöngu í bandalagið. Auk þess sem bandalagið hafði allt annað efnahagskerfi en Norðmenn sem treystu á náttúruauðlindir á borð við olíu og fisk en Evrópusambandið á iðnað.

Forsætisráðherra Noregs á þeim tíma, Gro Harlem Brundtland, var hins vegar í forsvari fyrir meðmælendur tillögunnar. Hennar flokkur, norski Verkamannaflokkurinn, var hins vegar klofinn í skoðun sinni á tillögunni. Margir bjuggust við því að Brundtland myndi segja af sér ef tillagan yrði felld, en hún neitaði að beita slíkum aðgerðum á þeim forsendum að það gæti stuðlað að alvarlegri klofningi innan flokksins. Helstu rök þeirra sem hlynntir voru inngöngu voru þau að Noregur ætti þar heima sem evrópskt land og að hagkerfi landsins myndi hagnast á sambandinu. Margar skoðanir hafa verið á lofti um hvers vegna tillagan var felld. Þar á meðal er bent á slæma markaðssetningu og tortryggni í garð bandalagsins auk þess sem Noregur var þegar hluti af Evrópska efnahagssvæðinu sem veitti aðgang að sama markaði og Evrópusambandið.

### MERKISATBURÐIR

1660 Eitt elsta lærdómsfélag heims, Konunglega enska vísindafélagið, er stofnað í London. Félagið er enn starfrækt.

1700 Gregoríska tímatalið gengur í gildi á Íslandi. Þá voru dagarnir 17. til 27. nóvember felldir út svo eftir 16. nóvember kom 28. nóvember það árið.

1821 Panama í Mið-Ameríku fær sjálfstæði frá Spáni.

1960 Máritanía fær sjálfstæði frá Frakklandi.

1971 Palestínsku hryðjuverkasamtökin Svarti september taka forsætisráðherra Jórdaníu, Wasfi Tel, af lífi.

1971 Bústaðakirkja er vígð við hátíðlega athöfn.

2004 Kísilgúrverksmiðjunni við Mývatn er lokað.



LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Mikið úrval fallegra fylgihluta. Ljósker, blómavasar, englar, styttur, kerti og margt fleira.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S. HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677

### AFMÆLI



**MARÍA REYNDAL** leikkona 37 ára.



**KLARA ÓSK ELÍASDÓTTIR** söngkona 22 ára.



**JUDD NELSON** leikari 48 ára.



**JON STEWART** sjónvarpsmaður 45 ára.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**KLUKKAN GÓÐA** Axel Eiríksson, úrsmíðameistari og formaður félags úrsmiða, sýnir Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra klukkuna sem félagið gaf fyrir sextíu árum.

ÚRSMÍÐAFÉLAG ÍSLANDS: ÁTTATÍU ÁRA AFMÆLI

# Pílagrímsferð til Greenwich

Félag úrsmiða á Íslandi fagnaði á dögunum áttatíu ára afmæli. Félagar eru um 30 talsins en að sögn Axels Eiríkssonar, úrsmíðameistara og formanns félagsins, eru um 20-25 starfandi við fagið.

Tímamótunum var fagnað með ýmsum hætti, meðal annars með Englandsferð.

„Við fórum til London í náms- og kynnisferð þar sem við skoðuðum stjörnuathugunarstöð Greenwich Mean Time. Þetta var sannkölluð pílagrímsferð þar sem við skoðuðum svokallað Harrison-úr sem var fyrsta úrið sem gat gengið á sjó,“ segir Axel og heldur áfram: „England var mikið flotaveldi en hins vegar vantaði úr sem gekk á sjó. Skip fórust vegna þess að ekki var hægt að reikna út staðarákvörðun. Þess vegna efndi Georg þriðji Englandskonungur til samkeppni og þessum Harrison tókst á endanum að smíða slíkt úr, árið 1764.“

Að sögn Axels hafa yfirvöld hérlendis einnig haft puttana í klukkum landsmanna. „Flest Evrópuríki breyta tímanum tvisvar á ári. Á sínum tíma ákvað Alþingi hins vegar að við myndum ekki ráða við slíkar breytingar, en í dag veit ég að sumir myndu vilja vera í takt við önnur Evrópuríki, sérstaklega varðandi viðskipti,“ segir Axel, sem hefur verið í fjörutíu ár í faginu.

„Það hafa orðið miklar breytingar, fyrir það fyrsta með tilkomu rafdrifna úrsins, en síðan á fólk líka orðið fleiri en eitt úr enda ódýrari og líka tískuvara, ekki síður en nytjahlutur. Samt er alveg jafn mikið að gera í faginu.,“ útskýrir Axel sem segir mestan hluta námsins í útlöndum, þótt verklegi hluti námsins fari fram á Íslandi.

Auk Lundúnaferðarinnar hittist svo skemmtilega á að klukka Tækniháskóla Íslands var endurnýjuð á afmælisárinu, en upprunalega klukkan var gjöf frá félaginu fyrir sextíu árum.

„Klukkan kostaði álíka mikið og þriggja herbergja íbúð á sínum tíma. Hins vegar fannst okkur ekki borga sig að halda henni við og því varð úr að við ákváðum að fá rafdrifið verk í hana. Gömlu klukkuna gerðum við upp í samstarfi við Ásgeir Long vélfræðing og nú er búið að koma henni varanlega fyrir í anddyri skólans,“ segir Axel sem sjálfur hannaði kassann utan um gömlu klukkuna og hafði mikið yndi af. Í tilefni af tímamótunum var einnig ákveðið að heiðra einn félaga sem hefur verið lengur að en flestir. „Jón Kornelíus Jónsson úrsmíðameistari var valinn heiðursfélagi í tilefni af afmælinu. Hann rekur úraverslun í Bankastræti ásamt sonum sínum og mætir á hverjum degi, þrátt fyrir að vera elsti starfandi úrsmiður landsins, 92 ára að aldri,“ segir Axel og bendir á heimasíðu félagsins fyrir nánari upplýsingar: www.ursmidur.is

**rh@frettabladid.is**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Einar Valdimar Ólafsson,**

Lambeyrum, Laxárdal,

verður jarðsunginn frá Hjarðarholtskirkju laugardaginn 1. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á minningarkort Sjúkrahússins á Akranesi.

**Daði, Jónína, Skúli, Jóhanna Lilja, Valdimar, Valdís, Ólöf Björg, Svanborg Þuríður, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabarn.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Guðjónsson**

rafvirkjameistari, Hjúkrunarheimilinu Eir, áður Brautarlandi 6, Reykjavík,

lést 21. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju 29. nóvember kl. 13.00.

**Arndís Guðjónsdóttir**
**Guðjón Magnús Jónsson** **Sigríður Þorláksdóttir**
**Margrét Katrín Jónsdóttir**
**Hrönn Guðjónsdóttir** **Björn Baldvinsson**
**Magnea Ólöf Guðjónsdóttir** **Halldór Kjartansson Björnsson**
**Arndís Guðjónsdóttir** **Magnús Örn Guðmarsson**
**Jón Þór Guðjónsson** **Eva Björg Torfadóttir**
**Hrafn Eyjólfsson**
**Hrafnhildur Eyjólfsdóttir** **Halldór Ingi Hákonarson**
**Jón Örn Eyjólfsson**
**og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, tengdasonur, bróðir og vinur,*

**Ari Þórðarson**

Rósarima 2,

varð bráðkvaddur á heimili sínu þann 23. nóvember. Útförin fer fram frá Neskirkju föstudaginn 30. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á stuðningsreikning 0324-261864, kt. 260278-2909, fyrir maka.

**Eva Björk Elíasdóttir**
**Aníta Líf Aradóttir, Rut Aradóttir og Andri Már Magnússon.**
**Þórður Eydal Magnússon** **Kristín Guðbergsdóttir**
**Halla Ólöf Kristmundsdóttir**
**Magnús Þórðarson** **Björn Eydal Þórðarson**
**og aðrir aðstandendur.**

# Yfir milljón undirskriftir

Á aðra milljón undirskrifta söfnuðust til stuðnings sérstakri lagasetningu Evrópusambandsins um réttindi fatlaðra og bann við hvers konar mismunun á grundvelli fötlunar. Framkvæmdastjórn sambandsins voru afhentar undirskriftirnar, 1.288.022 talsins, síðastliðinn fimmtudag. Íslendingar voru meðal þeirra þjóða sem tóku þátt í átakinu og hér á landi söfnuðust hlutfallslega flestar undirskriftir, miðað við höfðatölu.

Evrópusamtök fatlaðra – EDF – sem Öryrkjabandalag Íslands er aðili að stóðu að undirskriftasöfnuninni. Milljón undirskriftir þurfti að lágmarki til að það teldist bindandi fyrir ESB að bregðast við kröfunni.




Í tillögum að nýrri tilskipun er rík skylda lögð á stjórnvöld að skapa fötluðum jöfn tækifæri á við ófatlaða.

## Veiðar á villtum fuglum og spendýrum

# BÓK SEM ALLIR GÓÐIR VEIÐIMENN ÞURFA AÐ EIGA

*Í bókinni er að finna flest það sem íslenskum skotveiðimönnum ber að kunna skil á. Meðal annars er fjallað um veiðiaðferðir, veiðibráð, siðfræði og lög og reglur sem gilda um veiðar.*

- Hreindýraveiði
- Refaveiði
- Minkaveiði
- Fuglaveiði
- Veiðiaðferðir
- Meðferð skotvopna
- Náttúruvernd
- Stofnvistfræði
- Lög og reglur




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is



*Í bókinni eru á fjórða hundrað ljósmynda, teikninga og skýringarmynda.*

## Íslensk bók fyrir íslenska skotveiðimenn




# STUÐ MILLI STRÍÐA Hátíð umburðarlyndis

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** ÞRASAR UM PLAST OG BLIKKANDI REGNBOGA



Opinberlega á ég ekki að vera farin að tala um jólin, en ég er löngu, löngu búin að brjóta það þagnarbindindi. Þó að jólin séu ekki komin er aðdragandi þeirra svo sannarlega byrjaður. Hann er nefnilega ansi langur á mínu heimili, og eflaust fleirum.

Ég áttaði mig á því um daginn að í dag eru jólin kannski ofar öllu hátíð umburðarlyndis og málamiðlana. Í mörgum tilvikum þarf ekki meira en að líta í kringum sig í stofunni til að sjá sannanir þess – nefnilega, í hvaða stofu er setið. Engar hefðir eru jafn sterkar og þær sem snúast um jólahald fjölskyldna, nema verið gæti í kringum vígslu páfa. Einn verður að hafa rjúpur og annar kalkún. Einn verður að vera í Reykjavík, annar á Raufarhöfn, þriðji í Rio. Annars eru ekki jól.

Mitt jólahald hefur flækst dulítið á síðustu árum, eins og oft vill verða þegar maður þarf að fara að taka tillits til einhvers annars. Aðdragandinn hefst því gjarnan í ágúst, þegar þarf að fara að semja um hvar skal vera þegar hringt er inn. Svo á eftir að semja um jólaskreytingar (hvítar eða blikkandi regnboga sem gæti framkallað flogakast hjá blindum manni), smákökubakstur og jólatré.

Nú er mig einmitt farið að óa fyrir jólatréskaupum. Í fyrra þurfti að miðla málum um skreytingar, hvort gular baunir ættu að vera heitar eða kaldar, og svo kaupin á jólatrénu. Mér hefur alltaf fundist plastjólatré vera eins og jurtarjómi í spreybrúsa: í hæsta máta óeðlileg fyrirbæri. Í fyrra brá hins vegar svo við að hinn þrjóskupúkinn vildi óður og uppvægur kaupa slíkt tré, í anda þeirra sem hann hafði alist upp við. Eftir nokkurra vikna samningaviðræður fékk ég að ráða. Ég var hins vegar að átta mig á því, mér til mikillar skelfingar, að ég féllst um leið á að plastskrímslið yrði ofan á í ár.

Ég hugga mig við að umburðarlyndi og málamiðlanir séu í það minnsta ansi fallegar hugsjónir. Þras um jólatré sýnir þannig fram á að jólin snúast aldeilis ekki bara um neyslu.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





NOTAÐIR BÍLAR
Notaðir bílar. Fislétt kaup - Engin útborgun.
Engir ábyrgðarmenn. Lægra verð - lægri afborgun.*
Aðeins í 4 daga. Komdu strax.
Fislétt kaup
Aðeins 43 bílar í 4 daga.
Lægra verð. Lægri afborgun.*
Komdu strax.
100 þús. eða 50 þús. kr.
Gjafabréf með tilboðsbílum.
Þú færð gjafabréf í Kringluna þegar þú kaupir tilboðsbíl hjá Brimborg fyrir 2. des. 2007. Ef bíllinn er dýrari en milljón þá færðu 100 þús. kr. gjafabréf í Kringluna. Þú færð 50 þús. kr. gjafabréf ef hann kostar minna en milljón. Komdu strax og tryggðu þér bíl og gjafabréf.**
Opið kl. 9-18
20.414 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði.
Ford Focus C-Max Trend 1,8 bsk. skrd. 04/2004 ek: 64.000 km.
Verð 1.340.000 kr. Tilboðsverð 1.230.000 kr. Engin útborgun.
20.414 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. RA992.
Engin útborgun - afborgun undir 19.000 kr. á mán.
14.675 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði.
Skoda Fabia Comfort 1,4 bsk. skrd. 05/2003 ek: 52.000 km.
Verð 870.000 kr. Tilboðsverð 750.000 kr. Engin útborgun.
14.675 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. ZR995.
14.879 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði.
Ford Fusion Trend 1,4 bsk. skrd. 07/2004 ek: 55.000 km.
Verð 1.020.000 kr. Tilboðsverð 890.000 kr. Engin útborgun.
14.879 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. UN454.
17.339 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði.
Citroën Picasso 1,8 bsk. skrd. 02/2003 ek: 57.000 km.
Verð 1.070.000 kr. Tilboðsverð 890.000 kr. Engin útborgun.
17.339 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 60 mánuði. TR237.
18.135 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði.
Ford Focus Trend 1,6 bsk. skrd. 07/2004 ek: 80.000 km.
Verð 1.220.000 kr. Tilboðsverð 1.090.000 kr. Engin útborgun.
18.135kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. EO550.
Engin útborgun - afborgun 19.000 - 23.000 kr. á mán.
19.112 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði.
Citroën C5 SX Ambiente 2,0 ssk. skrd. 06/2004 ek: 104.000 km.
Verð 1.290.000 kr. Tilboðsverð 1.150.000 kr. Engin útborgun.
19.112 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. AV692.
19.762 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði.
Renault Megane 1,6 bsk. skrd. 09/2004 ek: 45.000 km.
Verð 1.450.000 kr. Tilboðsverð 1.190.000 kr. Engin útborgun.
19.762 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. RD275.
19.762 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði.
Ford Focus Trend 1,6 bsk. skrd. 10/2004 ek: 64.000 km.
Verð 1.320.000 kr. Tilboðsverð 1.190.000 kr. Engin útborgun.
19.762 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. SJ279.
20.414 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði.
Ford Mondeo Trend 2,0 ssk. skrd. 07/2004 ek: 66.000 km.
Verð 1.530.000 kr. Tilboðsverð 1.390.000 kr. Engin útborgun.
23.019 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. SU171.
Engin útborgun - afborgun 24.000 - 31.000 kr. á mán.
24.468 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði.
Ford Focus Ghia 1,6 bsk. skrd. 10/2005 ek:28.000 km.
Verð 1.810.000 kr. Tilboðsverð 1.690.000 kr. Engin útborgun.
24.468 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. NV554.
26.903 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði.
Ford Focus C-Max Trend 2,0 ssk. skrd. 12/2005 ek: 25.000 km.
Verð 2.060.000 kr. Tilboðsverð 1.860.000 kr. Engin útborgun.
26.903 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. ZZ839.
30.171 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði.
Subaru Forester 2,0 ssk. skrd. 02/2005 ek: 34.000 km.
Verð 2.240.000 kr. Tilboðsverð 2.090.000 kr. Engin útborgun.
30.171 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. FL213.
Engin útborgun - afborgun yfir 31.000 kr. á mán.
40.150 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði.
Subaru Forester Luxury 2,0 ssk. skrd. 11/2006 ek: 14.000 km.
Verð 2.960.000 kr. Tilboðsverð 2.790.000 kr. Engin útborgun.
40.150 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. DB898.
57.258 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði.
MMC Pajero GLS 3,5 ssk. skrd. 10/2005 ek: 31.000 km.
Verð 4.250.000 kr. Tilboðsverð 3.990.000 kr. Engin útborgun.
57.258 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 84 mánuði. TT372.
66.978 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði.
BMW X3 3,0 ssk. skrd. 12/2004 ek: 53.000 km.
Verð 4.360.000 kr. Tilboðsverð 4.090.000 kr. Engin útborgun.
66.978 kr. á mán. Meðalgreiðsla í 72 mánuði. OZ212.
NATURALIS
Þig vantar bíl. Komdu núna.
Kíktu á netið. Lækkaðu mánaðargreiðslurnar.
Vertu á betri bíl frá Brimborg.
Aflaðu þér frekari upplýsinga www.notadir.brimborg.is
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.notadir.brimborg.is
*Engir ábyrgðarmenn ef viðkomandi er eldri en 18 ára og er fasteignaeigandi. Nánari upplýsingar um vexti og lánskjör hjá söluráðgjöfum Brimborgar. Lán háð samþykki viðkomandi fjármögnunarfyrirtækis. **Gjafabréf verða afhent hjá Brimborg Bíldshöfða 6, eftir 5. Desember.

**!** **Kl. 16**

*Sýningin Sjálfsmyndir í anda gamalla meistara opnar í Listasal Mosfellsbæjar í dag kl. 16. Á sýningunni má sjá sjálfsmyndir sem nemendur í Lágafellsskóla og Varmárskóla hafa unnið með aðferðum og litavali gamalla meistara myndlistarinnar. Sýningin stendur til 8. desember.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Günter Grass ekki sjálfviljugur í SS*

Nóbelsverðlaunaskáldið áttræða Günter Grass hefur höfðað mál gegn bókaforlaginu Goldman Verlag vegna endurbættrar útgáfu af ævisögu skáldsins eftir Þjóðverjann Michael Jurgens. Bókin hefur komið út áður, en í þessari nýju útgáfu er því haldið fram að Grass hafi sótt um inngöngu í SS-sveit nasista í seinni heimsstyrjöldinni.

Paul Hertin, lögfræðingur Grass, segir rithöfundinn hafa farið fram á útgáfu- og dreifingarbann á ævisögunni í síðustu viku. Fulltrúar bókaforlagsins taka þessum fregnum með jafnaðargeði enn sem komið er og segjast ekki hafa í hyggju að svo stöddu máli að taka bókina úr hillum bókabúða. Sú afstaða verður aftur á móti endurskoðuð verði úrskurður dómstóla Grass í hag.

Grass hefur löngum hvatt þýsku þjóðina til þess að horfast í augu við fortíð sína og stríðsglæpi. Árið 2006 olli hann gríðarlegum úlfaþyt þegar hann viðurkenndi að hafa barist með SS-sveit nasista. Hann hefur þó staðfastlega haldið því fram að hann hafi verið kvaddur til starfa með SS og að þátttaka hans í starfsemi sveitarinnar hafi verið gegn vilja sínum.

Í kjölfar lögsóknarinnar sendi Grass frá sér tilkynningu. Í henni stendur meðal annars að hann hafi fimmtán ára gamall boðið sig fram til þess að berjast með þýska hernum og hefði helst viljað starfa um borð í kafbát eða skriðdreka. Hann gerir skýran greinarmun á þýska hernum og SS-sveitunum og segir að umsókn sín um að ganga í herinn hafi ekki verið umsókn um að ganga í sveitina alræmdu. Hann var svo kvaddur til þjónustu við SS árið 1944.

Í tilkynningunni kemur enn fremur fram að rithöfundurinn vilji segja réttilega frá fortíð sinni vegna þess að hann sé þjakaður af skömm og samviskubiti vegna þátttöku sinnar í hernaði nasista. **- vþ**



**GÜNTHER GRASS** Segist ekki hafa sótt um inngöngu í SS-sveit nasista.

# Samtímatónskáld stýrir Sinfóníuhljómsveitinni

**Einn af stærstu viðburðum tónleikaársins hérlendis fer fram í Háskólabíói annað kvöld þegar Thomas Adès, eitt helsta samtímatónskáld heimsins í dag, stýrir Sinfóníuhljómsveit Íslands og Hamrahlíðarkórnum í flutningi á eigin tónlist og verkum eftir Ígor Stravinskí.**



**ÆFING** Sinfóníuhljómsveitin æfir undir stjórn Thomas Adès. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Sinfóníuhljómsveitin reynir að taka virkan þátt í hringiðu samtímatónlistar á heimsvísu. Liður í þeirri starfsemi er að fá hingað erlend samtímatónskáld til þess að stýra eigin verkum. Það er mikill fengur að því að fá Thomas Adès til landsins þar sem hann er oft talinn í hópi merkustu tónsmiða samtímans þrátt fyrir ungan aldur. Fólk hefur jafnvel gengið svo langt að kalla hann snilling. Svo mikið er víst að hann er ákaflega fær og virtur sem píanóleikari, tónskáld og stjórnandi,“ segir Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Tvö verk eftir Adès verða á efnisskránni annað kvöld. Fluttur verður fiðlukonsertinn Concentric Paths og verður það einn athyglisverðasti ungi fiðluleikari Þjóðverja, Carolin Widmann, sem fer með einleikshlutverkið. Hljómsveitin flytur einnig verkið Asyla, en það telst fyrsta stórvirki Adès. Verkið var frumflutt árið 1997 og þykir eitt af lykilverkum síðasta áratugar.

„Asyla er samið fyrir gríðarstóra hljómsveit og það er mikið um óvenjuleg hljóðfæri í verkinu, til dæmis er leikið á poka fullan af hnífapörum. Verkið ber þess sterk merki að vera samið af ungum manni í nútímanum þar sem í því má finna ýmsar tilvísanir til samtíðar okkar, svo sem áhrif frá raftónlist. Þetta er nútímatónverk sem er svo gríðarlega vel samið og gert í alla staði að það hrífur hlustandann með sér. Adès er einfaldlega fyrsta flokks tónskáld og Asyla ber það með sér.“

Auk verkanna eftir Adès verða á dagskránni tvö verk eftir Ígor Stravinskí. Annars vegar flytur hljómsveitin Scherzo Fantastique og hins vegar Sálmasinfóníuna, sem sækir innblástur sinn og texta í Davíðssálma og er löngu viðurkennd sem eitt af meistaraverkum 20. aldarinnar. Í Sálmasinfóníunni nýtur hljómsveitin fulltingis Hamrahlíðarkórsins og Kórs Menntaskólans við Hamrahlíð, en sá síðarnefndi fagnaði nýverið 40 ára afmæli sínu.

„Þessir kórar eru algjörlega á heimsmælikvarða, enda hafa þeir unnið til fjölda verðlauna um allan heim. Það er Sinfóníuhljómsveitinni mikil ánægja að vinna með þeim að flutningi þessa magnaða verks og fá þannig að taka þátt í að halda upp á fertugsafmælið. Þorgerður Ingólfsdóttir er stórkostlegur kórstjórnandi og hefur tekist að skapa þessa kóra sem eru sannarlega einstakir að gæðum meðal íslenskra skólakóra. Kórarnir koma erlendum tónlistarmönnum iðulega mikið á óvart, enda eiga fæstir von á miklu frá íslenskum menntaskólakór. Thomas Adès hafði sjálfur orð á því eftir að hafa æft með kórunum nýverið að hann væri eiginlega steinhissa yfir gæðum söngsins. Það er því vel þess virði að heyra þessa kóra taka þátt í flutningi á hinni stórbrotnu Sálmasinfóníu Stravinskís“ segir Árni að lokum.

Tónleikarnir hefjast kl. 19.30 annað kvöld.

**vigdis@frettabladid.is**








**VOX ACADEMICA** Metnaðarfullur kór.

# Jólatónar tuttugustu aldar

Vox academica heldur aðventutónleika í Langholtskirkju næstkomandi föstudag ásamt barnakór og 50 manna hljómsveit.

Á dagskrá tónleikanna eru tvö verk eftir franska tuttugustu aldar höfunda, þá Francis Poulenc og Arthur Honegger. Báðir voru þeir félagar í Les Six en það var hópur ungra franskra tónskálda sem samanstóð af þeim Poulenc og Honegger, ásamt Milhaud, Auric, Duey og Tailleferre.

Kórinn flytur í þetta sinn tvö jólaverk, annars vegar Gloriu eftir Poulenc og hins vegar Cantate de Noël eftir Honegger.

Gloriu samdi Poulenc árið 1959 aðeins fjórum árum fyrir dauða sinn, og er það eitt vinsælasta verk hans. Gloria er fallegt, hjartnæmt verk sem tvinnar nútíma ferskleika saman við klassíska tækni. Verkið skiptist niður í sex kafla og er langt frá því að vera þreytandi trúarlegt verk enda tekur verkið aðeins um 25 mínútur í flutning.

Jólakantata Honeggers er síðasta verk tónskáldsins sem hann samdi 1952. Verkið lýsir jólasögunni og er skipt niður í þrjá hluta. Textann sauð Honegger saman úr nokkrum þekktum jólasögum og jólasöngvum en þar má heyra allt frá Heims um ból til Það aldin út er sprungið.

Tveir einsöngvarar taka þátt í tónleikunum, þau Benedikt Ingólfsson bass-barítón og Bylgja Dís Gunnarsdóttir sópran. Aðrir flytjendur eru Barnakór Biskupstungna og hljómsveitin Jón Leifs Camerata. Stjórnandi er Hákon Leifsson

Vox academica er á sínu ellefta starfsári. Kórinn hefur undanfarin ár skapað sér nafn og virðingarsess í íslensku tónlistarlífi og eignast traustan hóp áheyrenda. Kórinn heldur að jafnaði tvenna tónleika á ári, auk fastra aðventutónleika, og hefur lagt áherslu á að flytja að minnsta kosti eitt stórt kórverk með hljómsveit ár hvert. Í ár líkt og á síðasta starfsári verða verkin tvö en Sálumessa Verdi verður flutt á vordögum.

Aðventutónleikar Vox academica fara fram á föstudaginn í Langholtskirkju og hefjast klukkan 20.00. **- sg**


Nýárstónleikar
Bubba
og Stórsveitar Reykjavíkur
Laugardalshöllinni 5. janúar 2008
Sérstakir gestir
Garðar Thór Cortes
Raggi Bjarna
Kóngurinn í smóking
og lögin hans í nýjum
„big band" búningi.
Útsetningar: Þórir Baldursson.
Fagnaðu nýju ári með sannkölluðum glæsibrag!
MasterCard forsala hefst í dag kl. 10
Almenn sala hefst á morgun
TUBORG
LÉTTÖL
MasterCard
20% afsláttur af öllum viðburðum Concert
ef greitt er með MasterCard á sérstökum
MasterCard forsöludegi
Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef
tónlistarklúbbs Mastercard, www.borgun.is/klubbar
FORSALA AÐGÖNGUMIÐA
Á WWW.MIDI.IS OG Í
VERSLUNUM SKÍFUNNAR
Einnig í verslunum BT á landsbyggðinni
CONCERT




# Sönglög Jóns flutt í Salnum

Flaggskipið í útgerðinni í Salnum eru Tíbrár-tónleikarnir. Þar er boðið upp á viðameiri dagskrár en oftast eru í boði á Kársnesinu og hefur sú hefð skapast hjá forráðamönnum Tíbrár að helga einu tónskáldi fyrsta dag desember – fullveldisdaginn, svona rétt til að minna okkur á fullveldið sem við búum yfir í tónlist: Á fyrsta starfsári Salarins varð Emil Thoroddsen fyrir valinu, þá Karl Ottó Runólfsson, Sigvaldi Kaldalóns, Jórunn Viðar, Jón Þórarinsson, Atli Heimir Sveinsson, Árni Björnsson og nú þetta árið, tónskáldið ástsæla, Jón Ásgeirsson.

Á Tíbrár-tónleikunum, sem verða í Salnum laugardaginn 1. desember kl. 17, flytja þau Auður Gunnarsdóttir sópransöngkona, Bergþór Pálsson barítón og Jónas Ingimundarson píanóleikari lög eftir Jón Ásgeirsson sem eru löngu orðin þjóðareign, auk fjölda annarra sönglaga eftir hann sem heyrast alltof sjaldan en Jón er eitt ástsælasta sönglagaskáld okkar daga. Nægir þar að minna á Maístjörnuna sem var upphaflega samin fyrir leiksýningu Þjóðleikhússins á Húsi skáldsins og lag hans við vísur Vatnsenda-Rósu sem flestum eru tamar, nánast ósjálfrátt hefur þjóðin numið þann tónskáldskap og ljóðin um leið.

Jónas Ingimundarson segir efnisskrá hljómleikanna afar fjölbreytta og þar sé margt forvitnilegt: sex laga flokkur við ljóð úr Heimsljósi verður fluttur, fjórar útsetningar á þjóðlögum og fjórir söngvar úr óperum Jóns, þrír úr Galdra-Lofti og einn úr Gesti. Þá eru nokkur stök lög og hefur skáldið leitað víða í ljóðasöfn: þar vekur athygli lag við Söknuð eftir Jóhann Jónsson, Svanurinn sem er kvæði eftir Þorstein Valdimarsson um Inga T. Lárusson. Jakob Flyer leikur sónötu eftir Chopin er kvæði sem lýsir hughrifum Vilborgar Dagbjartsdóttur eftir tónleika þar sem Flyer lék, en Jón nýtir Sorgarmarsinn eftir tónskáldið í lagasmíð sína. Þá eru í þessum hópi stakra laga tvö lög við ljóð eftir Jónas Árnason, Ofsjónir og Ástarjátning, en fáum er kunnugt um samstarf þeirra. „Þar syngjast þau Bergþór og Auður á,“ segir Jónas, „og ég leik undir“. Sem fyrr segir hefjast tónleikarnir kl. 17 í Salnum og er miðasala hafin.

pbb@frettabladid.is


MYND/HILMAR

**TÓNLIST** Jón Ásgeirsson hefur samið fjölda sönglaga og á fullveldisdaginn verða tónleikar í Salnum honum helgaðir.




ÓPERUPERLUR

AUKASÝNING!!!
FÖSTUDAGSKVÖLD, 30. NÓVEMBER, KL. 20

WWW.OPERA.IS
MIÐASALA 511 4200

ÍSLENSKA ÓPERAN

FABRIKAN




Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið um helgina

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00.
Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

**Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is**




Fræðslukvöld fyrir innflytjendur

Fræðslukvöld verða haldin fyrir innflytjendur en námskeiðin eru samvinna sérfræðinga hjá Alþjóðahúsi og Landsbankanum. Námskeiðin eru opin öllum án endurgjalds og verða kennd á íslensku en eitt markmið námskeiðanna er að flétta saman íslenskukennslu og fjármálafræðslu.

Fræðslukvöldin hefjast kl. 20

| | | | |
|---|---|---|---|
| 29. nóv. | Laugavegur 77 | Tryggingar og sparnaður | á morgun |

Wieczory nauki dla obcokrajowców

Wieczory nauki są przeznaczone dla obcokrajowców a zajęcia są wynikiem współpracy pomiędzy Centrum Międzynarodowym Alþjóðahús a bankiem Landsbanki. Kursy są bezpłatne i otwarte dla wszystkich. Zajęcia są prowadzone po islandzku a jednym z celów tych zajęć jest połączenie nauki języka islandzkiego z nauką o finansach.

Wieczory nauki rozpoczynają się o godz. 20

| | | | |
|---|---|---|---|
| 29 listopada. | Laugavegur 77 | **Ubezpieczenia i oszczędności** | jutro |

Financial Instruction Evenings for Newcomers to Iceland

Landsbanki and the Intercultural Centre (Alþjóðahús) have jointly arranged Thursday evenings information sessions for newcomers to Iceland. Open to all without charge, the evening sessions, held in Icelandic are intended to combine basic language instruction with information on financial matters.

All sessions start at 8:00 pm.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 29 Nov. | Landsbanki on Laugavegur 77 | Insurance and savings | tomorrow |

Skráning og nánari upplýsingar eru á www.landsbanki.is eða í síma 410 6856.
Zapisy i bliższe informacje na stronie internetowej www.landsbanki.is lub pod numerem tel. 410 6856.
To enrol for the sessions or obtain further information, contact www.landsbanki.is or telephone 410 6856.

Landsbankinn

ÍSLENSKA SIA.IS LBI 40115 11.2007

# MÖMMUMATUR FYRIR NÚTÍMAFÓLK

*Allar gömlu góðu íslensku uppskriftirnar*
*– hversdags og spari – kjötsúpan, baunirnar,*
*plokkfiskurinn, kleinurnar og kakósúpan*

*– en líka humarsúpa, jólarjúpa,*
*léttsteiktar lundabringur, skyrterta og sörur.*




Maturinn okkar
– einfaldur, góður
og girnilegur

**Þegar þig langar í eitthvað íslenskt og gott (og mamma er utan þjónustusvæðis)**

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is








*„Ég held þeir geti litið fram hjá ákveðnum hlutum ef maður getur sannað að maður muni dæla nokkrum dollurum inn í hagkerfið.“*

**PETE DOHERTY** er vongóður um að bandarísk yfirvöld gleymi lagalegum vandamálum hans og heimili tónleikaferð um Bandaríkin.



*„Hún sagði að hún elskaði mig, elskaði rassinn á mér og að hún vildi vera lesbísk ástkona mín. Ég meina, hvað segir maður við því annað en „Nei, takk.“ Reyndar myndi ég kannski gera það fyrir milljón dollara.“*

**PARTÍPRINSESSUNNI KIM KARDASHIAN** brá við þegar Britney Spears lýsti yfir miklum áhuga á henni.



*„Ég mun sleikja það aftur og ríða inn í sólsetrið.“*

**KID ROCK** er bara að tala um væntanlega klippingu, en hann ætlar að losa sig við víðfrægan hárlubba.

# Fólk

folk@frettabladid.is

# Britney vill stærri brjóst

**Britney Spears vill endurheimta línurnar og hefur farið fram á það við lýtalækna að þeir stækki á henni brjóstin. Þá er hún sögð vilja ættleiða kínverska tvíbura.**

En „góðu“ fréttirnar í lífi söngkonunnar eru vafalítið þær að hún fær að hafa þá Jayden James og Sean Preston hjá sér yfir jólin. Samkvæmt breska blaðinu The Sun var þetta ákveðið á fundi lögfræðinga Spears og fyrrverandi eiginmanns hennar, Kevins Federline, á mánudaginn.

Samkvæmt heimildum slúðurblaðsins er Britney þegar farin að skipuleggja heljarinnar jólateiti þar sem drengirnir eiga að fá allt það sem þeir vilja og meira til. „Þessi jól eiga ekki eftir að líða bræðrunum úr minni,“ sagði heimildarmaður The Sun. „Kevin er líka búinn skipuleggja eitthvað ógnarstórt en Britney hyggst slá við öllu sem honum dettur í hug. Hún ætlar að sýna það í eitt skipti fyrir öll að hún er góðir móðir,“ bætir heimildarmaðurinn við.

Kevin er sem fyrr með fullan umgengnisrétt og fær Britney eingöngu að sjá strákana sína undir eftirliti dómskipaðs tilsjónarmanns. Kevin hyggst ganga alla leið með að krefjast fulls forræðis og stendur nokkuð vel að vígi enda hefur Britney gengið illa að mæta í sérstök lyfjapróf.

En Britney ætlar ekki bara að láta strákana sína hafa allt sem hugurinn girnist heldur vill hún líka sjálf líta vel út á jólamyndunum. Samkvæmt erlendum slúðurvefjum er Britney nú sögð vera á höttunum eftir lýtalækni sem vilji stækka á henni brjóstin en þó nokkrir hafa gefið það vandasama verkefni frá sér sökum þess að Britney væri vís til þess að ljúga um sjúkrasögu sína. Spears hyggst þó ekki láta andstöðu læknanna mikið á sig fá og ætlar að finna einhvern hæfan í verkið. Og til að kóróna vitleysuna þá hefur það kvisast út að Britney vilji ættleiða kínverska tvíbura en telja verður líklegt að fyrst hún hefur verið úrskurðuð vanhæf móðir í heimalandi sínu eigi kínversk stjórnvöld erfitt með að samþykkja hana hjá sér.



**ÓLÍKINDATÓL** Britney fær að halda jólin með sonum sínum en hún vill líka stærri brjóst og hyggst ættleiða kínverska tvíbura.

# Helgi syngur á Múlakaffi

Hljómsveitin SSSól hefur fengið nóg af skammdeginu sem leggst iðulega þungt á sálartetur Íslendinga á veturna. Í dag boðar hljómsveitin því til dags sólarinnar í tilraun til að flæma myrkrið burt.

„Skammdegið leggst þungt í mig eins og fleiri, myrkrið heltekur mann á þessum árstíma,“ segir Helgi Björnsson söngvari SSSól. „Þegar er til dagur íslenskrar tungu, dagur hljóðfærisins og allt það á milli. Það er löngu kominn tími á dag sólarinnar. Við ætlum að skera upp herör gegn skammdeginu og athuga hvort myrkrið lúti ekki í lægra haldi fyrir sólinni með jákvæðum hugsunum og gjörðum fólks,“ segir Helgi.

Af tilefni dags sólarinnar flakkar SSSól víða um höfuðborgina í dag til að boða fagnaðarerindið um hækkandi sól. Byrjað verður í Hallarmúla á hádegi þar sem hljómsveitin spilar fyrir matargesti á Múlakaffi. „Klukkan þrjú færum við okkur yfir á Austurvöll og bjóðum heimilislausum heitan mat í von um að góðverk hjálpi til við að lýsa upp sálina,“ segir Helgi.

Hljómsveitin mun einnig safna undirskriftum á bænaskjal sem fært verður Össuri Skarphéðinssyni iðnaðarráðherra klukkan 17. Þannig vill SSSól þrýsta á ráðherrann að beita sér af fullri hörku fyrir því verkefni að lyfta sólinni hærra. „Klukkan tíu um kvöldið sláum við svo upp balli á skemmtistaðnum Sólon þar sem stigin verður andstæða regndansins, nefnilega ákall til sólarinnar um að halda sér lengur á lofti,“ segir Helgi.

- eá



**HELGI BJÖRNSSON** Vill hrekja myrkrið úr sálum landsmanna með jákvæðum hugsunum og gjörðum.




Myndband af lögregluinnrás í mótorhjólaklúbb Fáfnis.

# „Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg og VefTV – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

vísir.is

...ég sá það á visir.is




Nýtt í bíó

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



| LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| RENDITION | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 16 |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 7 og 10 | 16 |
| MR. WOODCOCK | kl. 6 og 8 | L |
| ROGUE ASSASSIN | kl. 10 | 16 |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| DAN IN REAL LIFE | kl. 3.40 - 5.45 - 8 - 10.15 | |
| DAN IN REAL LIFE LÚXUS | kl. 3.40 - 5.45- 8 - 10.15 | |
| WEDDING DAZE | kl. 3.40-5.50- 8 -10.10 | 10 |
| BALLS OF FURY | kl. 4 - 6 - 8 | 7 |
| ÆVINTÝRAEYJA IBBA 600 KR. | kl. 4 - 6 | |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| LIONS FOR LAMBS | kl. 10 | 14 |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| | | |
|---|---|---|
| DAN IN REAL LIFE | kl. 5.45- 8 - 10.15 | |
| LA VIE EN ROSE/LÍF RÓSARINNAR | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| LIONS FOR LAMBS | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THIS IS ENGLAND | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| RENDITION | kl. 3 - 5:30- 8 -10:30 | 16 |
| WEDDING DAZE | kl. 3 | 10 |
| EASTERN PROMISES | kl. 10.40 | 16 |
| SYNDIR FEÐRANNA SÍÐUSTU SÝN. | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 16 |
| VEÐRAMÓT SÍÐUSTU SÝN. | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10:20 | 14 |
| ELIZABETH | kl. 5.30 | |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| DAN IN REAL LIFE | kl. 8 - 10 | 10 |
| RENDITION | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| WEDDING DAZE | kl. 6 | |
| ROGUE ASSASSIN | kl. 6 | |

SAMBÍÓIN www.SAMbio.is 575 8900 midi.is




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF 3D | kl. 5:30 - 8 - 10:30 DIGITAL | |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 5 - 8 | |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 5 - 8 | VIP |
| JESSE JAMES | kl. 8 | |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 8 - 10:30 | |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 8 - 10:30 | |
| SPRÓTAHETJAN | kl. 6 | |
| STARDUST | kl. 5:30 | |
| ASTRÓPÍA | kl. 6 | |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF 3D | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | |
| AMERICAN GANGSTER | kl. 60 - 90 DIGITAL | |
| FORELDRAR | kl. 6 - 8 | |
| THE INVASION | kl. 10 | |

SAMBÍÓIN SELFOSSI

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF | kl. 8 - 10:20 | |
| MR. WOODCOCK | kl. 8 - 10 | |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF | kl. 8 -10:10 | |
| IN THE LAND OF WOMEN | kl. 8 | |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 10 | |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BEOWULF | kl. 8 - 10:30 | |
| WEDDING DAZE | kl. 8 | |
| 30 DAYS OF NIGHT | kl. 10 | |

GEFÐU GJAFABRÉF Í BÍÓ Í JÓLAGJÖF

# Védís Hervör með útgáfutónleika

Söngkonan Védís Hervör Árnadóttir heldur tónleika í Austurbæ í kvöld til að fagna útgáfu nýrrar plötu sinnar, A Beautiful Life - Recovery Project.

Þetta er önnur sólóplata Védísar, sem stendur sjálf að útgáfunni hjá útgáfufyrirtæki sínu Nymph ehf. Platan hefur fengið mjög góðar viðtökur og mikla spilun á öldum ljósvakans. Védís gerði einnig stafrænan dreifingarsamning við AWAL (Artists Without a Label) og mun platan líta dagsins ljós á iTunes á heimsvísu 4. desember.



**VÉDÍS HERVÖR** Heldur tónleika í kvöld til að fagna útgáfu plötu sinnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Með Védísi á sviði er einvalalið íslenskra tónlistarmanna, m.a. Sigtryggur Baldursson, Ómar Guðjónsson, Þórhallur Bergmann, Róbert Þórhallsson, Margrét Eir og Seth Sharp. Einnig koma fram gamlar kórsystur Védísar í nokkrum lögum og óhætt er að fullyrða að hér er á ferðinni sannkölluð tónlistarveisla.

Tónleikarnir hefjast klukkan 21. Miða má nálgast á midi.is og miðasölu Austurbæjar. - eá



# Kiddi kanína snýr aftur

**ÚTI Í GARÐI** Kiddi kanína tekur sér frí frá garðyrkjustörfum til að skipuleggja komu breska plötusnúðsins DJ Cheeba til landsins.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

**Kiddi kanína hefur tekið sér frí frá garðyrkjustörfum til að flytja til landsins breska plötusnúðinn DJ Cheeba. Lítið hefur farið fyrir Kidda síðustu ár en hann var brautryðjandi í tónleikahaldi hér á landi fyrir aldamótin.**

„Ég er bara að rifja upp gamla takta. Þetta er eins og „old boys“ í fótbolta sem koma saman á fimm ára fresti og taka hjólhestaspyrnur,“ segir Kiddi kanína, sem stendur fyrir komu DJ Cheeba hingað til lands um helgina.

### Skuggahliðar jólaskreytinga

Kiddi var á árum áður áberandi í skemmtanabransanum auk þess sem hann var eigandi plötubúðarinnar Hljómalind. Lítið hefur aftur á móti sést til hans undanfarin ár enda á garðyrkjan hug hans allan. „Ég hyggst helga mig henni í ellinni,“ segir Kiddi, sem heitir réttu nafni Kristinn Sæmundsson. „Ég fíla mig í botn í garðyrkjunni enda hef ég alltaf verið svolítið grænn í puttunum. Ég fékk fimm hundruð fermetra garð í Holtunum og er búinn að vera að leika mér í honum í fjögur eða fimm sumur. Svo starfa ég í þessu líka,“ segir hann.

Þessa dagana er einmitt sérlega mikið að gera hjá honum við að koma upp jólaskreytingum úti um allan bæ. „Það er allt vitlaust að gera. Mér finnst jólaskreytingar samt vera skuggahliðar garðyrkjunnar. Ég vil frekar vera með skófluna að vopni.“

### Í afmæli vinar síns

Kiddi ákvað að fá DJ Cheeba, sem kallar sig einnig Spinning Detective, til Íslands til að spila í afmæli fyrir vin sinn. „Hann bað mig um að finna einhvern til að spila til að reyna að ýta mér í gang aftur en það á ekki eftir að takast,“ segir hann og hlær. „Ég vildi ekki fara dýpra í það en að bjóða þessum DJ í afmælispartíið.“ DJ Cheeba, sem er án efa sá vinsælasti í hinni rómuðu danssenu Bristol, spilar fyrst á Kaffi Kúltúra á fimmtudagskvöld og kvöldið eftir heldur hann uppi stuðinu í afmælinu. Á laugardagskvöld verður hann síðan gestaplötusnúður í útvarpsþættinum Party Zone á Rás 2 og eftir það þeytir hann skífum á Organ þar sem miðaverð er 1.500 krónur.

„Þetta er meiriháttar DJ á kaliberi við Coldcut og það gengi en með Wall of Sound-stuðið í settinu sínu. Hann er með skemmtilegri DJ-um sem ég hef heyrt,“ segir Kiddi, sem vonast til að stemningin verði álíka góð og á Bíóbarnum hér á árum áður þar sem svitanum rigndi úr loftinu af einskæru stuði. „Menn leyfðu sér allt á spilurunum og voru ekkert að pæla í kúl eða hipp heldur bara stuði. Svo er hann líka með húmor, það finnst mér mikill plús hjá plötusnúði.“

freyr@frettabladid.is

# Fyrsta fullorðinsplatan

**TÓNLIST**
**Ein**
Birgitta Haukdal
★★★

Þessi fyrsta fullorðinsplata Birgittu Haukdal er mjög ólík því sem hún hefur verið að gera fram að þessu. Þetta er ljúft og notalegt popp borið uppi af smekklegum útsetningum og góðum söng. Og Birgitta sýnir að hún er efnilegur lagasmiður.

Ein er fyrsta sólóplata Birgittu Haukdal ef frá er talin barnaplatan Perlur sem kom út í fyrra. Það má segja að þetta sé fyrsta fullorðinsplatan hennar. Tónlistin á Ein er rólegt og melódísk popp og mjög ólík því sem Birgitta hefur verið að gera fram til þessa.

Lögin á plötunni eru öll ný ef frá er talið lagið Án þín sem er útgáfa af Scorpions-ofursmellinum Wind of Change með nýjum texta eftir Birgittu sjálfa. Hún semur alla textana nema einn, og fjögur laganna.

Platan hefst á fyrrnefndu Án þín í rólegri og ljúfri útsetningu sem er borin uppi af kassagítar, píanói og sellói. Ágæt útsetning sem gefur tóninn fyrir það sem á eftir kemur. Næstu tvö lög, Kaflaskil og Móðir, eru bæði eftir Birgittu og þau sýna að hún er fínn lagasmiður.

Kaflaskil og fimmta lagið, Örmagna, sem er samið af Birgittu og upptökustjóra plötunnar, Vigni Snæ Vigfússyni, eru kántrískotin og minna svolítið á kántrípoppið hennar Noruh Jones.

Á plötunni eru fleiri fín lög, t.d. titillagið Ein eftir Bryndísi Jakobsdóttur og lagið 1. okt eftir föður Bryndísar og félaga Birgittu í Stuðmönnum, Jakob Frímann Magnússon. Ég er hins vegar ekki jafn hrifinn af lagi Trausta Bjarnasonar, Landið. Það er eitthvað Eurovision-klisjulegt við það. Höfðar a.m.k. ekki til mín.

Textarnir eru einlægir og blátt áfram. Móðir er t.d. kærleiksóður til mömmu Birgittu. Annars virðist rómantíkin vera söngkonunni ofarlega í huga. Söngurinn er fínn, Birgitta er greinilega enn að vaxa sem söngkona.




Á heildina litið er þetta ágæt poppplata. Útsetningar og hljómur eru vel heppnuð og platan hefur góðan heildarsvip. Vignir Snær, sem bæði útsetur og stjórnar upptökunum, sýnir á sér nýja hlið og gerir þetta allt mjög vel. Hann notar t.d. bæði blásara og strengi í útsetningunum, en passar sig að ofnota þessi hljóðfæri ekki eða bakraddirnar. Lögin eru aðeins misgóð eins og gengur, en það eru fleiri góð lög en slæm.

Trausti Júlíusson


Allt sem þarf...
Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins og það eina sem kemur út alla daga vikunnar. Lesendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir opna Fréttablaðið.
FRÉTTABLAÐIÐ
ÞRIÐJUDAGUR
...alla daga
FRÉTTABLAÐIÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Skútumenn játuðu að vera burðardýr
2.790.000 kr.

WEST HAM
ASTON VILLA
Verð á mann í tvíbýli frá
47.600 KR.
10.–12. MAÍ 2008
Icelandair er samstarfsaðili West Ham og býður ferðir á alla heimaleiki liðsins í vetur. Fjölmargir leikir framundan, s.s. á móti Newcastle, Derby og Portsmouth.
+ Nánari upplýsingar: www.icelandair.is/ithrottaferdir
WWW.ICELANDAIR.IS
ÍSLENSKA SIA.IS ICE 39326 11/07

**LEIKUR FLENSBURG OG GUMMERSBACH:** ÍSLAND FÆR GRÆNT LJÓS Á AÐ HALDA STÓRLEIK ÍSLENDINGALIÐANNA

# *Á að verða flottasti handboltaleikur sögunnar*

Stjórn þýska handknattleiksliðsins Flensburg samþykkti á fundi sínum í gær að gefa Hlyni Sigmarssyni, athafnamanni og stjórnarmanni hjá HSÍ, umboð til þess að undirbúa stórleik Flensburg og Gummersbach hér á landi. Leikurinn fer fram 2. febrúar næstkomandi og er liður í þýsku deildarkeppninni. Hlynur fær nú einhvern tíma til þess að safna fjármagni og ganga frá öðrum nauðsynlegum hlutum varðandi leikinn. Gangi það eftir hjá Hlyni mun þessi stórleikur í þýska boltanum verða spilaður á Íslandi og það að öllum líkindum í Egilshöll.

**sport**
sport@frettabladid.is




„Ég er auðvitað himinlifandi með ákvörðun Flensburg. Ég sóttist stíft eftir þessu umboði og þeir hjá Flensburg eru mjög spenntir að halda leikinn hér. Nú er bara vonandi að það fáist fjármagn og annað svo hægt sé að halda þennan mikla viðburð hér á landi," sagði Hlynur við Fréttablaðið frá Litháen þar sem hann er staddur með kvennalandsliðinu.

Næst á dagskrá hjá Hlyni er að fara yfir málin með Fynn Holpert, framkvæmdastjóra Flensburg, og svo þarf hann að fara á stúfana í leit að styrktaraðilum.

„Það verður vonandi vel tekið á móti mér því við höfum einstakt tækifæri hér í höndunum. Þetta yrði sannkallaður stórviðburður," sagði Hlynur sem hefur háleitar hugmyndir um framkvæmd leiksins.




„Ég vil gera þetta að flottasta handboltaleik sem sögur fara af í heiminum. Ég vil blása til sannkallaðrar stórhátíðar. Ég er að tala um þétta dagskrá allan daginn sem höfðar bæði til fjölskyldufólks og einstaklinga. Það væri gaman að vera með grill og bjór líkt og tíðkast í Þýskalandi. Vera svo með þekktar íslenskar hljómsveitir til að troða upp. Svo yrði mikil ljósasýning og reykur fyrir leik. Allt sem þarf til að þetta verði flottasti leikur sögunnar. Það á að tjalda öllu til," sagði Hlynur en eðlilega kostar slíkt verkefni mikla peninga og því þarf Hlynur góða styrktaraðila til að dæmið gangi upp.

Með Gummersbach leika þeir Guðjón Valur Sigurðsson, Róbert Gunnarsson og Sverre Jakobsson en Alfreð Gíslason þjálfar liðið. Einar Hólmgeirsson og Alexander Petersson leika með Flensburg.

# Eiður fékk tvö frábær færi

**Barcelona tryggði sér sæti í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu í gær líkt og Sevilla, Roma og Internazionale. Cristiano Ronaldo tryggði Manchester aftur sigur á sínum gömlu félögum en þetta var fimmti Evrópusigur liðsins í röð.**

**FÓTBOLTI** Fjögur lið komust í gær í 16 liða úrslit Meistaradeildar Evrópu þegar næstsíðasta umferðin fór fram í riðlum E, F, G og H.

Manchester United og Arsenal voru þegar komin áfram en nú bættust í hópinn ítölsku liðin Roma og Internazionale og spænsku liðin Barcelona og Sevilla. Tvö sæti eru laus í þessum riðlum, Rangers og Lyon berjast um annað sæti í riðli Barcelona og Fenerbahçe og PSV Eindhoven berjast um annað sætið í riðli Internazionale.

Barcelona gerði 2-2 jafntefli gegn Lyon í Frakklandi og stigið nægði Börsungum til þess að tryggja sér sigur í riðlinum þar sem Stuttgart vann Rangers. Stigið kom Lyon einnig vel en Frakkarnir eru nú með jafn mörg stig og skoska liðið fyrir lokaumferðina en þau mætast þá á heimavelli Rangers.

Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Barcelona annan leikinn í röð og fékk tvö úrvalsfæri áður en honum var skipt út af á 71. mínútu. Það var ekki ómerkari maður en sjálfur Ronaldinho sem kom inn fyrir okkar mann.

Líkt og í fyrri leiknum var það Cristiano Ronaldo sem tryggði Manchester United sigur á hans gömlu félögum í Sporting. Nú skoraði Portúgalinn sigurmarkið þegar tvær mínútur voru liðnar af uppbótartíma eftir að Carlos Tévez hafði jafnað leikinn á 61. mínútu en portúgalska liðið komst yfir um miðjan fyrri hálfleik.

Manchester United hefur þar með unnið alla fimm leiki sína en 4-1 sigur Roma á Dynamo Kiev í Kænugarði þýðir að liðin mætast í úrslitaleik um efsta sæti riðilsins í Róm. Bæði liðin eru hins vegar komin áfram. Svartfellingurinn Mirko Vucinic skoraði þrennu fyrir ítalska liðið.

Arsenal fékk á sig sín fyrstu mörk í Meistaradeildinni þegar liðið sótti spænska liðið Sevilla heim og 3-1 tap Lundúnaliðsins þýðir að Sevilla er komið á topp riðilsins en bæði liðin eru örugg inn í sextán liða úrslitin. Þegar Malíbúinn Seydou Keita kom Sevilla yfir á 24. mínútu var Arsenalvörnin búin að halda hreinu í 564 mínútur en áður en yfir lauk höfðu Luis Fabiano og Frédéric Kanouté bætt við mörkum og tryggt sitt lið áfram.

Internazionale tryggði sér bæði sæti í 16 liða úrsltum og sigur í sínum riðli með 3-0 heimasigri á Fenerbahçe en PSV Eindhoven á enn möguleika á að komast áfram eftri 1-0 sigur á CSKA í Moskvu. PSV heimsækir Inter í lokaleiknum á sama tíma og Fenerbahçe tekur á móti CSKA en Tyrkirnir hafa eins stigs forskot á Hollendingana eftir leiki gærkvöldsins.

**ooj@frettabladid.is**



**Á FLEYGIFERÐ** Eiður Smári Guðjohnsen sést hér stökkva yfir varnarmann í leik Barcelona og Lyon í gær. NORDICPHOTOS/AFP



**AFTUR** Cristiano Ronaldo skoraði sigurmark United gegn sínum gömlu félögum í Sporting. NORDICPHOTOS/AFP

## ÚRSLITIN Í GÆR

**E-riðill**
Stuttgart-Rangers 3-2
0-1 Charlie Adam (27.), 1-1 Cacau (45.), 2-1 Pável Pardo (62.), 2-2 Barry Fergusson (70.), 3-2 Ciprian Marica (85.).
Lyon-Barcelona 2-2
0-1 Iniesta (3.), 1-1 Juninho (7.), 1-2 Lionel Messi (58.), 2-2 Juninho (80.). Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Barcelona en var skipt af leikvelli á 71. mínútu.

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Barcelona** | **5** | **3** | **2** | **0** | **9-2** | **11** |
| Rangers | 5 | 2 | 1 | 2 | 7-6 | 7 |
| **Lyon** | **5** | **2** | **1** | **2** | **8-10** | **7** |
| Stuttgart | 5 | 1 | 0 | 4 | 6-12 | 3 |

**F-riðill**
Dynamo Kiev-Roma 1-4
0-1 Mirko Vucinic (4.), 0-2 Ludovic Giuly (32.), 0-3 Mirko Vucinic (36.), 1-3 Ismael Bangoura (63.), 1-4 Mirko Vucinic (78.).
Man. United-Sporting 2-1
0-1 Abel (21.), 1-1 Carlos Tevéz (61.), 2-1 Cristiano Ronaldo (90.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. Utd.** | **5** | **5** | **0** | **0** | **12-3** | **15** |
| Roma | 5 | 3 | 1 | 1 | 10-5 | 10 |
| **Sporting** | **5** | **1** | **1** | **3** | **6-8** | **4** |
| Dynamo Kiev | 5 | 0 | 0 | 5 | 4-16 | 0 |

**G-riðill**
CSKA Moskva-PSV 0-1
0-1 Jefferson Farfan (39.).
Inter-Fenerbahçe 3-0
1-0 Julio Ricardo Cruz (55.), 2-0 Zlatan Ibramovic (66.), 3-0 Luis Antonio Jimenez (90.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Inter** | **5** | **4** | **0** | **1** | **11-4** | **12** |
| Fenerbahce | 5 | 2 | 2 | 1 | 5-4 | 8 |
| **PSV** | **5** | **2** | **1** | **2** | **3-5** | **7** |
| CSKA Moskva | 5 | 0 | 1 | 4 | 6-11 | 1 |

**H-riðill**
Sevilla-Arsenal 3-1
0-1 Eduardo (11.), 1-1 Seydou Keita (24.), 2-1 Luis Fabiano (34.), 3-1 Frédéric Kanouté (88.).
Steaua-Slavia 1-0
1-0 Valentin Badea (12.).

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Sevilla** | **5** | **4** | **0** | **1** | **11-7** | **12** |
| Arsenal | 5 | 3 | 1 | 1 | 12-3 | 10 |
| **Slavia Prag** | **5** | **1** | **2** | **2** | **5-13** | **5** |
| Steaua | 5 | 0 | 1 | 4 | 3-8 | 1 |



UEFA CHAMPIONS LEAGUE
FRÁBÆRT BOÐGREIÐSLUTILBOÐ!
TVÆR STÖÐVAR AÐ EIGIN VALI Á AÐEINS 6.790 KR. Á MÁNUÐI Í DESEMBER OG JANÚAR.
MasterCard
512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE
Í KVÖLD KL. 19:30
LIVERPOOL – PORTO
Rosenborg – Chelsea Sýn Extra
Werder Bremen – Real Madrid Sýn Extra 2
MEISTARADEILDIN
Upphitun hefst kl. 19:00
Umfjöllun um alla leiki kvöldsins kl. 21:40
sýn besta sætið
GOTT FÓLK

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Kvennalandsliðið í handbolta*

Ísland-Litháen 19-35 (8-21)

**Mörk Íslands:** Rakel Dögg Bragadóttir 8/5, Dagný Skúladóttir 3, Ragnhildur Guðmunds dóttir 2, Arna Sif Pálsdóttir 2, Hildigunnur Einarsdóttir 2, Þórey Stefánsdóttir 1 og Rut Jónsdóttir 1. Berglind Íris Hansdóttir varði 15 skot.

### *Evrópukeppnin í körfubolta*

Banvit BC-KR 95-83 (47-34)

**Stig KR:** Joshua Helm 22 (10 frák.), Avi Fogel 16, Jovan Zdravevski 13, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 10 (6 frák.), Fannar Ólafsson 10, Skarphéðinn Freyr Ingason 5, Darri Hilmarsson 5, Helgi Már Magnússon 2.

### *Iceland Express kvenna*

Valur-Grindavík 56-66

**Stig Vals:** Molly Peterman 26 (8 fráköst, 5 stoðs., 4 stolnir), Signý Hermannsdóttir 9 (12 frák., 4 varin), Lovísa Guðmundsdóttir 7, Þórunn Bjarnadóttir 6, Hafdís Helgadóttir 4, Tinna Björk Sigmundsdóttir 3, Berglind Ingvarsdóttir 1.
**Stig Grindavíkur:** Tiffany Roberson 26 (18 fráköst), Joanna Skiba 15 (7 stoðs.), Ólöf Helga Pálsdóttir 14 (10 frák., 3 stoðs., 3 stolnir), Petrún ella Skúladóttir 10, Jovana Lilja Stefánsdóttir 6 (7

Áskorendakeppni Evrópu:

## Framarar fara til Rúmeníu

**HANDBOLTI** Karlalið Framara er eina íslenska liðið sem er enn inni í Evrópukeppnunum í handbolta og í gær dróst það gegn CSU Poli-Izometal Timisoara frá Rúmeníu þegar dregið var í 16 liða úrslit áskorendakeppninnar.

Rúmenarnir slógu út svissneska liðið Wacker Thun með þriggja marka mun, 54-51, í 32-liða úrslitunum.

Fyrri leikur liðanna verður leikinn helgina 9. til 10. febrúar á Íslandi og sá seinni viku síðar í Rúmeníu.

Framarar mættu rúmenska liðinu Uztel SC Ploiesti í sömu keppni fyrir þremur árum og töpuðu þá 51-59 samanlagt en báðir leikirnir voru spilaðir í Rúmeníu. **- óój**



**GÓÐ** Tiffany Roberson var með 20 stig og 18 fráköst í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Iceland Express kvenna:

## Þristar Grindavíkur dýrmætir

**KÖRFUBOLTI** Grindavíkurstúlkur eru að rétta úr kútnum eftir þrjár tapleiki í röð og unnu sinn annan leik í röð í Iceland Express deild kvenna í gær þegar þær sóttu tvö stig í Vodafone-höllina að Hlíðarenda.

Grindavík vann Val 56-66 eftir að hafa verið undir framan af leik. Grindavík skoraði 11 þriggja stiga körfur í leiknum þar af setti liðið niður síðustu fimm þriggja stiga skotin sín. Þessar körfur vógu þungt í ekki hraðari leik.

Molly Peterman skoraði 26 stig, tók 8 fráköst og gaf 5 stoðsendingar hjá Val og Signý Hermannsdóttir var með 9 stig, 14 fráköst og 4 varin skot.

Hjá Grindavík var Tiffany Roberson með 20 stig og 18 fráköst, Joanna Skiba skoraði 15 stig og gaf 7 stoðsendingar og Ólöf Helga Pálsdóttir var með 14 stig og 10 fráköst. Þá má ekki gleyma Petrúnellu Skúladóttur sem skoraði öll stigin sín þegar Grindavík lagði grunninn að sigrinum á síðustu ellefu mínútum leiksins. **- óój**

KR tapaði 95-83 gegn tyrkneska liðinu Banvit BC í Evrópubikar FIBA í gærdag.

# KR-ingarnir gáfust aldrei upp

**KÖRFUBOLTI** KR tapaði með tólf stiga mun, 95-83, gegn tyrkneska liðinu Banvit BC í seinni leik liðanna í Evrópubikar FIBA og er því úr keppni. Munurinn í hálfleik var þrettán stig, 47-34, og KR-ingar höfðu því betur í seinni hálfleik.

KR skoraði fyrstu tvö stig leiksins en eftur það tók Banvit BC forystu 3-2 og leit aldrei til baka eftir það.

„Við misstum þá fram úr okkur strax í fyrsta leikhluta og staðan var 23-10 þegar honum var lokið og við vorum því dálítið að elta þá eins og í fyrri leiknum í DHL-höllinni um daginn,“ sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, í viðtali við Fréttablaðið í gær. Leikurinn jafnaðist svo í öðrum leikhluta.

„Við náðum svo að vinna okkur inn í leikinn og héldum vel í við þá í öðrum leikhluta og munurinn var áfram þrettán stig, 47-34, í hálfleik. Í þriðja leikhluta misstum við þá aftur fram úr okkur og Tyrkirnir komust mest í 21 stig mun, en það var sautján stiga munur á liðunum eftir þriðja leikhluta. Við náðum svo að svara ágætlega fyrir okkur í síðasta leikhlutanum og leikurinn endaði með tólf stiga mun, 95-83, sem er ágætt úr því sem komið var,“ sagði Benedikt og var virkilega ánægður með baráttuna hjá sínum mönnum í gær.



**BARÁTTA** Joshua Helm, hjá KR og Andrew Adeleke, hjá Banvit BC, voru atkvæðamiklir og háðu mikið einvígi í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Ég er mjög sáttur og stoltur með að KR-ingarnir gáfust aldrei upp í leiknum. Þetta er því klárlega búin að vera góð reynsla fyrir okkur að spila gegn svo sterkum mótherja eins og Banvit BC er. Ég tel að við munum klárlega draga lærdóm af þessu, sem á svo vonandi eftir að nýtast okkur í deildinni heima og í keppnum sem þessarri í framtíðinni,“ sagði Benedikt og kvað tyrknesku aðdáendurnar þó ekki hafa neitt í stuðningsmannalið KR, Miðjuna, að gera.

„Umgjörðin í kringum leikinn var fín, en mér fannst tyrknesku áhorfendurnir vera heldur til of prúðir og ég var búinn að búa mig undir miklu meiri læti. Engin blys og ekkert hrækt á mann eða neitt, þannig að ég er fullviss um að Miðjan hefði farið létt með að syngja þá í kaf,“ sagði Benedikt í léttum dúr.

Joshua Helm var atkvæðamestur hjá KR í leiknum með 22 stig og 10 fráköst, Avi Fogel kom næstur með 16 stig, Jovan Zdravevski skoraði 13 stig og Pálmi Sigurgeirsson og Fannar Ólafsson voru með 10 stig hvor.

Hjá heimamönnum í Banvit BC var Andrew Adeleke drjúgur með 21 stig og 21 frákasts. **- óþ**



**ÖFLUG** Rakel Dögg Bragadóttir átti fínan leik fyrir Ísland í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Júlíus Jónasson, þjálfari:

## Við spiluðum alveg skelfilega

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið tapaði illa fyrsta leik sínum í undankeppni Evrópumótsins gegn heimamönnum í Litháen í gær. Leikurinn endaði 35-19 fyrir Litháen, sem leiddi í hálfleik 21-8 og Júlíus Jónasson, þjálfari landsliðsins, var ekki kátur eftir leikinn.

„Við spiluðum alveg skelfilega. Við vorum reyndar að spila við gott lið, en munurinn var allt of mikill fannst mér. Það voru vitanlega nokkuð mörg atriði sem ég var óhress með. Sóknarleikurinn hjá okkur var fremur slakur og við gerðum okkur erfitt fyrir varnarlega með því að tapa boltanum trekk í trekk og fá á okkur um 12-15 hraðaupphlaup,“ sagði Júlíus óhress. Íslenska landsliðið mætir Ísrael í dag. **-óþ**




## > Tyra Banks



Tyra er á fullu í skemmtanaiðnaðinum og heldur úti tveimur sjónvarpsþáttum. Annar þeirra heitir The Tyra Banks Show en þar býður Tyra fólki í stólinn til sín og ræðir ýmis málefni. Fyrir nokkru síðan fékk Tyra lækni til að koma og þreifa á brjóstunum sínum en tilgangurinn var að drepa niður sögusagnir um sílikonfyllingar. Læknirinn fullyrti að brjóstin væru alveg ekta, hvort sem það er nú satt eða ekki. Hinn þátturinn sem Tyra bæði stjórnar og framleiðir er Americas Next Topmodel en hann er Íslendingum vel kunnur og verður sýndur á Skjáeinum í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HEFUR MISST TENGSLIN VIÐ HEROES OG PRISON BREAK

# *Kvennabósinn Charlie stendur fyrir sínu*

Ekki hef ég náð að tengjast nýju Heroes-seríunni sömu tryggðaböndum og ég gerði við þá fyrri. Enda kom það nýlega upp úr kafinu að framleiðandi þáttanna er engan veginn sáttur við niðurstöðuna og hefur beðið aðdáendur sína afsökunar á hægri byggingu söguþráðarins og óþarfa ástarvellu. Áhorfstölur vestanhafs hafa verið undir væntingum en vonandi fara þær að glæðast á næstunni með auknum hasar. Efniviðurinn fyrir góða framhaldsseríu er vissulega fyrir hendi en því miður hefur hann verið alltof illa nýttur.

Sömu sögu er að segja um þriðju Prison Break-þáttaröðina. Í annarri seríu fannst mér eins og verið væri að draga mig á asnaeyrunum því aldrei sluppu fangarnir þrátt fyrir að vera sífellt hársbreidd frá því. Hélt ég hana þó út en varð fyrir vonbrigðum með endalokin. Ég hef satt best segja ekki enn lagt í þessa nýju þætti þó svo að eflaust séu þeir ágætlega spennandi. Einhver rödd segir mér þó að halda mig fjarri þeim og eyða tímanum í eitthvað annað.

Einn þáttur sem alltaf er hægt að treysta á er Two and a Half Men. Charlie Sheen leikur þar sama kvennabósann og hann gerði í Spin City, sem virðist eingöngu líta á konur sem leikföng og forðast skuldbindingu eins og heitan eldinn. Gamall kunningi úr Suddenly Susan, Brooke Shields, birtist í gestahlutverki í síðasta þætti. Komst hún vel frá sínu sem drykkjusjúklingur sem reyndi að velja á milli bræðranna tveggja. Shields var einnig með buxurnar á hælunum í síðasta gestahlutverki sínu í Nip/Tuck og virðist hún föst í þannig hlutverkum. Nýjustu þættir hennar nefnast aftur á móti Lipstick Jungle og vonandi verður aðeins meiri reisn yfir henni í þeim.



**CHARLIE** Þátturinn Two and a Half Men stendur alltaf fyrir sínu.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.55 Liljur** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.25 Oprah** STÖÐ 2



▶ **22.00 The Woodsman** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **22.00 NCIS** SIRKUS



▶ **21.00 America's Next Top Model** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fréttahaukar** (4:6)e.
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Herkúles** (38:56)
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Fínni kostur** (10:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Bráðavaktin** (20:23) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Aðalhlutverk Laura Innes, Mekhi Phifer, Goran Visnjic, Maura Tierney, Parminder Nagra og Scott Grimes. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
▶**20.55 Liljur** (3:8) Nýr breskur myndaflokkur. Þroskasaga þriggja kaþólskra systra í Liverpool sem hafa misst mömmu sína og feta sig áfram í lífinu á árunum eftir fyrri heimsstyrjöld. Aðalhlutverk leika Catherine Tyldesley, Kerrie Hayes og Leanne Rowe.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar. Kolbrún Bergþórsdóttir og Páll Baldvin Baldvinsson eru álitsgjafar þáttarins. Ragnheiður Thorsteinsson sér um dagskrárgerð. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**23.10 Fagra Beirút** Dönsk heimildamynd þar sem lífið í Beirút er séð með augum tveggja ungra líbanskra kvenna.
**00.10 Kastljós**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06:00 The Producers**
**08:10 Fun With Dick and Jane**
**10:00 Diary of a Mad Black Woman**
**12:00 The Pink Panther**
**14:00 The Producers**
**16:10 Fun With Dick and Jane**
**18:00 Diary of a Mad Black Woman**
**20:00 The Pink Panther**
▶**22:00 The Woodsman** Sérstaklega áleitin og áhrifamikil verðlaunakvikmynd. Kevin Bacon leikur barnaníðing sem sleppt er úr fangelsi eftir að hafa afplánað 10 ára dóm. Aðalhlutverk: Kevin Bacon, Kyra Sedgwick, David Alan Grier, Eve.
**02:00 Control**
**04:00 The Woodsman**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Stubbarnir, Magic Schoolbus, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar
**08.15 Oprah**
**09.00 Í fínu formi**
**09.15 The Bold and the Beautiful**
**09.35 Wings of Love** (73:120)
**10.20 Numbers** (24:24)
**11.15 Veggfóður** (1:20)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12:45 Nágrannar**
**13.10 Það var lagið** (e)
**14.20 Extreme Makeover: Home Edition** (24:32)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.25 The Simpsons** (21:22) (Monkey Suit)
**19.50 Friends**
**20.15 Örlagadagurinn** (26:31)
**20.50 Grey´s Anatomy** (5:22) Komið er að fjórðu seríu Grey´s Anatomy. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum. Allir nema aumingja George sem féll á lokaprófinu og verður nú að slást í hóp með nýju læknanemunum - sem eru laglega blautir á bak við eyrun. Bönnuð börnum.
**21.40 The Closer NÝTT** (2:15) Það er komið að þriðju seríu þessara geysilega vinsælu þátta þar sem Kyra Sedgwick fer á kostum í hlutverki yfirlögreglukonunnar Brendu Leigh Johnson sem þarf stöðugt að glíma við íhaldssemi og ofríki karlanna í lögreglunni. Bönnuð börnum.
▶**22.25 Oprah** Skemmtilegur þáttur með vinsælustu spjallþáttadrottningu heims.
**23.10 Stelpurnar**
**23.35 Kompás**
**00.10 Silent Witness** (3:10)
**01.05 Tales From The Crypt: Demon Knight** (e)
**02.35 Grey´s Anatomy** (5:22)
**03.30 The Closer NÝTT** (2:15)
**04.25 Numbers** (24:24)
**05.10 The Simpsons** (21:22)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Meistaradeildin**
**07.40 Meistaradeildin**
**08.20 Meistaradeildin**
**09.00 Meistaradeildin**
**16.40 Meistaradeild Evrópu - endursýning** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**18.20 Meistaradeildin**
**19.00 Meistaradeildin** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
**19.30 Meistaradeild Evrópu** (Liverpool - Porto) Bein útsending frá leik Liverpool og Porto í Meistaradeild Evrópu. Sýn Extra: Rosenborg - Chelsea
**21.40 Meistaradeildin**
**22.20 Meistaradeild Evrópu** (Rosenborg - Chelsea) Útsending frá leik Rosenborg og Chelsea í Meistaradeild Evrópu sem fór fram miðvikudaginn 28. nóvember.
**00.10 Meistaradeild Evrópu** (Werder Bremen - Real Madrid) Útsending frá leik Werder Bremen og Real Madrid í Meistaradeild Evrópu sem fór fram miðvikudaginn 28. nóvember.
**02.00 Meistaradeildin**

## SÝN2

**17.10 Birmingham - Portsmouth** (Enska úrvalsdeildin)
**18.50 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
**19.20 Coca Cola-mörkin** (Coca Cola mörkin 2007-2008) Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola-deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
**19.50 Blackburn - Aston Villa** (Enska úrvalsdeildin)
**21.55 Leikur vikunnar** (Leikur vikunar)
**23.35 4 4 2** Þáttur sem er ekkert minna en bylting í umfjöllun um enska boltann á Íslandi. Tvíeykið Heimir Karlsson og Guðni Bergsson standa vaktina ásamt við völdum sparkspekingum og saman skoða þeir allt sem tengist leikjum dagsins á skemmtilegan og nákvæman hátt. Íslensk dagskrárgerð eins og hún gerist best.
**01.00 Newcastle - Liverpool** (Enska úrvalsdeildin)

## SKJÁREINN

**07.30 Allt í drasli** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Óstöðvandi tónlist**
**15.45 Vörutorg**
**16.45 Ertu skarpari en skólakrakki?**(e)
**17.45 Dýravinir** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Innlit / útlit** (e)
**20.00 Less Than Perfect** (7:11)
**20.30 Giada´s Everyday Italian** (14:26) Að þessu sinni sýnir Giada hvernig matreiða má auðveldar, léttar og hollar máltíðir úr sjávarréttum sem munu kitla bragðlaukana. Hún býður upp á grillaðan sverðfisk með sítrónu, mintu og basil, spagettí með arugula-pestói og grilluðum risarækjum og steiktan rauðfisk með rósmaríni.
▶**21.00 America's Next Top Model** (10:13) Stúlkurnar fara til Kína og það byrjar strax rifrildi um svefnpláss. Bardagameistari kennir stelpunum hvernig þær eiga að beita líkama sínum og lofthræðsla kemur einni stúlkunni illa þegar þær þurfa að hanga í vírum í myndatöku.
**22.00 How to Look Good Naked** (6:8) Leanne er 27 ára og þarf nauðsynlega á hjálp að halda. Hún hefur ekkert sjálfsálit og finnst fótleggirnir það ljótasta við líkama sinn. Hún er alltaf í þykkum sokkabuxum, jafnvel í steikjandi sumarhita.
**22.50 Krókaleiðir í Kína** Íslensk þáttaröð í fjórum hlutum þar sem fylgst er með feðgum á ferð um Kína. Daníel heldur upp á afmælið sitt í SOS-barnaþorpinu, klifur Kínamúrinn og innritar sig í Kung Fu-klaustur.
**23.40 Heroes** (e)
**00.40 State of Mind** (e)
**01.30 C.S.I.**
**02.15 Vörutorg**
**03.15 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### SÝN KL. 19.30

### Liverpool - Porto



Í kvöld lýkur fimmtu umferðinni í Meistaradeild Evrópu og eru þrír leikir í beinni útsendingu á Sýn, Sýn Extra og Sýn Extra2. Á Sýn verður sýnd viðureign Liverpool og Porto en rauði herinn verður að vinna leikinn til að eiga möguleika á að komast áfram í 16 liða úrslit. Leikur Rosenborg og Chelsea verður sýndur á Sýn Extra. Rosenborg náði jafntefli á Stamford Bridge í fyrri leik liðanna og í kjölfarið var Mourinho látinn fara. Á Sýn Extra 2 verður leikur Werder Bremen og Real Madrid sýndur.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**How To Look Good Naked**

**Skjáreinn kl. 22.00**

Í kvöld kemur Leanne í heimsókn. Hún er 27 ára og þarf nauðsynlega á hjálp að halda. Hún hefur ekkert sjálfsálit og finnst fótleggirnir það allra ljótasta. Hún er alltaf í þykkum sokkabuxum, jafnvel í steikjandi sumarhita. Eiginmaðurinn hefur ekki séð hana nakta í fimm ár þótt hann sé duglegur að kaupa kynæsandi undirföt handa henni. Tekst Gok að klæða hana úr sokkabuxunum?



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Skáldað í skörðin
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.15** Vindur, vindur, ljá mér lið
**23.00** Gárur
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks** (67:260)
**16.30 Hollyoaks** (68:260)
**17.00 Hollywood Uncensored**
**17.30 Janice Dickinson Modelling Agency**
**18.15 E-Ring** (18:22)
**19.00 Hollyoaks** (67:260)
**19.30 Hollyoaks** (68:260)
**20.00 Hollywood Uncensored** 2007.
**20.30 Janice Dickinson Modelling Agency**
**21.15 E-Ring** (18:22) Spennuþáttur úr smiðju Jerrys Bruckheimer með Dennis Hopper og Benjamin Bratt í aðalhlutverkum. J.T. Tisnewski (Benjamin Bratt) er fyrrverandi CIA-maður sem vinnur í Pentagon fyrir bandaríska herinn.
▶ **22.00 NCIS** (13:24) Hörkuspennandi framhaldsþáttur frá framleiðendum Jag. Hér segir frá sérsveit sem rannsakar alla glæpi sem tengjast á einhvern hátt sjóliðum, hvort sem um er að ræða þá háttsettu eða nýliðana. 2006.
**22.45 Arrested Development 3** Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna og þó víðar væri leitað. 2005.
**23.10 Tru Calling** (3:6)
**23.55 Totally Frank**
**00.20 The Starlet** (4:6)
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## INN

**20.00 Mörður** Mörður Árnason skoðar pólítíska landslagið eins og honum einum er lagið.
**20.30 Randver** Randver Þorláksson tekur tali fólk, sem er áhrifavaldar í íslensku lista- og menningarlífi.
**21.00 Reynslunni ríkari** Ásdís Olsen og Nonni fjöllistamaður fara ofan í saumanna á tilverunni.

## DR 1

**11.10** Kontant **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet 2. del **12.25** Dødens detektiver **12.50** Ha' det godt **13.20** Rig ved et tilfælde **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med Vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Flemmings Helte **15.15** Skum TV **15.30** Pucca **15.35** That's so Raven **16.00** Junior **16.30** Skæg med tal **16.55** KatjaKaj og BenteBent **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Hvad er det værd **19.00** DR1 Dokumentaren - Ravsøstre **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Kriminalkommissær Barnaby **22.40** Onsdags Lotto **22.45** OBS **22.50** Lær - på livet løs **23.20** Flemmings Helte **5.30** Gurli Gris

## NRK 1

**11.15** Faktor: Lensmannen, Allah og kjærligheten **11.45** Standpunkt **12.30** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **13.00** Urter: Brennesle **13.20** Presidenten **14.00** Baby Looney Tunes **14.25** Thomas P. **14.50** Absalons hemmelighet **15.15** Kid Paddle **15.30** Fabrikken **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Typisk norsk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Nysgjerrige Nils **17.15** Karlson på taket **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Forbrukerinspektørene **18.55** Dyrisk **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Vikinglotto **20.45** House **21.30** Migrapolis: Rasisme **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Lydverket **22.55** The Wire **23.50** Carnivále **0.40** Du skal høre mye jukeboks **2.00** Dansefot jukeboks

## SVT 1

**11.05** Doobidoo **13.10** Matiné: Minnen av lycka **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Vrakletarna **16.30** Krokodill **17.00** Lilla prinsessan **17.10** Schimpansen Manda **17.15** Konstapel Abel **17.30** Hjärnkontoret **17.55** Känsliga bitar **18.00** Rea **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Uppdrag granskning **20.00** Ståupp **20.25** Centralskolan **20.30** Grotesco **21.00** Studio 60 on the Sunset Strip **21.45** The Newsroom **22.10** Rapport **22.20** Kulturnyheterna **22.30** Predikanten **23.30** Sändningar från SVT24




Breyttu lífi þínu til hins betra og settu þér þá reglu að borða ávallt fiskrétti á miðvikudögum.
Alla miðvikudaga er tilboð á ljúffengum fiskrétti í verslunum **Fiskisögu.**

Tilboð dagsins er
"KEILA Í RÆKJU & GRÁÐOSTASÓSU"
aðeins 990 krónur kílóið.

Fiskisaga

ævintýralegar fiskbúðir

Grensásvegi - Hamraborg - Skipholti - Höfðabakka - Nesvegi - Sundlaugavegi - Háaleitisbraut - Búðakór - Tjarnarvöllum - Dalvegi - Akranesi

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta nú eiginlega ekki á útvarpið í vinnunni, ég er svo mikið með fólki. Í skurðlækningunum hlusta ég hins vegar stundum á tónlist, og þá helst á klassíska tónlist.“*

Guðmundur Viggósson augnlæknir.

# Flutti inn finnska sprengjusérfræðinga

Lagahöfundurinn Hallgrímur Óskarsson og Hara systur kepptu í Laugardagslögunum á laugardag en framlag þeirra, I Wanna Manicure, beið lægri hlut fyrir lagi Örlygs Smára, Fullkomið líf, í flutningi Eurobandsins. Lag Hallgríms vakti þó mikla athygli, ekki síst fyrir umgjörðina sem var afar skrautleg enda flutti höfundurinn inn tvo sprengjusérfræðinga frá Finnlandi til að sjá um gjörninginn.

„Við skemmtum okkur gríðarlega vel þetta kvöld og það var gaman að taka þátt í þessu. Við erum keppnisfólk, bæði ég og stelpurnar. Þetta var svona eins og að tapa fótboltaleik, maður verður fúll í sólarhring en snýr sér svo að næsta verkefni,“ segir Hallgrímur og hlær en hann er vel kunnugur Hara systrum þar sem Rakel er æskuvinkona eiginkonu hans. „Við erum góðir vinir til margra ára.“ Hallgrímur segir að lagið hafi kallað á sprengjur. „Lagið er kraftmikið og við eiginlega létum það eftir því að útvega sprengjur. Það eru ekki margir sem kunna að meðhöndla svona og því fengum við utanaðkomandi aðstoð frá bæði finnskum sérfræðingum og þekkingarfyrirtækinu Exton.“ Fréttablaðið fékk af því fregnir að kostnaður við sprengingarnar miklu hefði verið allt að einni milljón íslenskra króna. „Það fara alltaf svona sögur af stað en kostnaðurinn var tiltölulega lítill,“ segir Hallgrímur. „Sjónvarpið leggur til ákveðna upphæð og með hjálp góðra manna tókst að ná þessu saman.“ Mörgum þótti synd að tvö dæmigerð Eurovision-lög skyldu lenda í sama þætti og um það hafa skapast umræður á esctoday.com, heimasíðu Eurovison-keppninnar. Þó er ekki öll von úti enn því Hara systur og Hallgrímur eiga möguleika á að komast í svokallaðan „wild card“ þátt. - sók



**FÚLL Í SÓLARHRING** Hallgrímur Óskarsson og Hara systur slógu í gegn í Laugardagslögunum um helgina en komust ekki áfram í úrslit.



LÁRÉTT **2.** brennt vín **6.** 999 **8.** neitun **9.** háttur **11.** tveir eins **12.** lítil ausa **14.** hvers einasta **16.** tímaeining **17.** gilding **18.** sigti **20.** eldsneyti **21.** há bygging.

LÓÐRÉTT **1.** kvenflík **3.** öfug röð **4.** jafnframt **5.** sigti **7.** köldusótt **10.** hlaup **13.** angan **15.** frumeind **16.** kærleikur **19.** rykkorn.

**LAUSN**

LÁRÉTT: 2. romm, 6. ím, 8. nei, 9. lag, 11. öð, 12. sleif, 14. allra, 16. ár, 17. mat, 18. sía, 20. mó, 21. turn.

LÓÐRÉTT: 1. pils, 3. on, 4. meðfram, 5. mið, 7. malaríu, 10. gel, 13. ilm, 15. atóm, 16. ást, 19. ar.


**Álímingarvélar og allar gerðir iðnaðarprentara.**
Álímingarvélar, límmiðaprentarar, bleksprautuprentarar, filmuprentarar, kassaprentarar og laserprentarar.
**Mjög viðmótsvænir og áreiðanlegir**



**Vélmark ehf.**
upplýsingar í síma: 445-9930.




**AFRAKSTUR ERFIÐISINS** Fjallað er um hönnun Steinunnar Sigurðardóttur í desembertölublöðum Elle, Marie Claire og ítalska Vogue. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR: VEKUR ATHYGLI Á ERLENDRI GRUNDU

# Steinunn Sigurðar í öllum helstu tískuritum heims

Haust- og vetrarlína fatahönnuðarins Steinunnar Sigurðardóttur hefur vakið mikla athygli á erlendri grund. Föt frá henni birtast á síðum desembertölublaða Elle, ítalska Vogue og Marie Claire, en þau teljast til hóps helstu tískurita í heimi. Í síðasta tölublaði bandaríska tísku- og hönnunarritsins Surface er svo að finna þriggja blaðsíðna viðtal við Steinunni, ásamt myndum úr línu hennar.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Steinunni hafði hún sjálf nýlega séð umfjöllunina í Marie Claire. Þar er hún á lista yfir „vinsælustu hönnuði og flottustu tískufrömuði heimsins“. Breska útgáfa Elle kynnir Steinunni hins vegar til leiks sem hönnuð sem vert sé að fylgjast með, og kallar stíl hennar „fágaðan, nútímalegan og rómantískan“.

Steinunn sagðist sjálf ekki kunna skýringu á því af hverju heimurinn hefði allt í einu opnað augu sín fyrir hönnun hennar, og ekki væri um að ræða afrakstur sérstaks kynningarátaks. „Fyrirtækið er búið að fá mikla umfjöllun upp á síðkastið, og ég held að myndirnar tali bara sínu máli,“ segir Steinunn, sem að vonum er ánægð með athyglina. „Það er auðvitað alltaf mjög skemmtilegt þegar maður uppsker erfiði vinnu sinnar. Og þetta er eitthvað sem hefur unnist hægt og rólega,“ segir hún.

Steinunn kynnti vor- og sumarlínu sína á tískuvikunni í New York í september, sem hún segir geta verið mögulega ástæðu. „En ég held að þetta sé líka svolítið þannig að þegar maður vandar til vinnunnar þá gerist hlutirnir líka svolítið af sjálfu sér. Ef maður leggur mikið í þá skilar það sér,“ segir Steinunn.

Steinunn segist þegar hafa fundið fyrir auknum áhuga á fyrirtækinu í kjölfar umfjallananna. „Þegar boltinn byrjar að rúlla fer hann að rúlla fyrir alvöru,“ segir hún og hlær við. Steinunn segist þó ekki geta sagt að hún sé orðin rík af hönnun sinni. „Það tekur nú alltaf tíma að byggja upp góða hluti, en eftir fimmtíu ár er aldrei að vita,“ segir hún og hlær.

Hún vinnur nú hörðum höndum að því að klára næstu haust- og vetrarlínu sína, sem verður tilbúin í janúar.

sunna@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Tónleikar vinsælustu tónlistarmanna Íslands með Sinfóníuhljómsveit Íslands hafa notið mikilla vinsælda og er skemmst að minnast glæsilegra tónleika Björgvins Halldórssonar fyrir tæpum tveimur árum. Nú herma heimildir Fréttablaðsins að enn á ný eigi að blása til mikillar veislu með hljómsveit allra landsmanna og að næstur á efnisskráni sé enginn annar en **Magnús Þór Jónsson** eða Megas. Viðræður eru þó skammt á veg komnar en vafalítið væri það forvitnilegt að heyra Krókódílamanninn með fiðlum og þverflautu í bakgrunni.



Fótboltamaðurinn **Gylfi Einarsson** í Leeds og **Helga Lind Björgvinsdóttir**, eiginkona hans, eignuðust tvíbura á föstudaginn síðasta. Tvíburarnir voru strákur og stelpa og hafa þeir þegar verið nefndir. Strákurinn heitir Einar Örn og stúlkan Kara Lind. Tvíburarnir eru fyrstu börn Gylfa en fyrir á Helga Lind tvö börn með fótbolta- og athafnamanninum **Arnari Gunnlaugssyni**.



Nýárstónleikar **Bubba Morthens** hafa vakið verðskuldaða athygli en þar hyggst kóngurinn koma fram í hvítum smóking og syngja öll sín bestu lög með stórsveit. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður ekki tjaldað til einnar nætur með þá tónleika heldur er í bígerð að gera þetta að árvissum viðburði og gæti Bubbi því orðið nokkurs konar gestgjafi og gefið þannig fleiri tónlistarmönnum tækifæri á að syngja perlurnar sínar í nýjum útsetningum.



Femínistar landsins hafa farið mikinn í gagnrýni sinni á Egil Helgason og umræðuþáttinn Silfur Egils. Nú hafa þeir blásið til stórsóknar á vefnum feministafrettir.blog.is og mun **Kristín Tómasdóttir** meðal annars stjórna sínum eigin umræðuþætti sem hefur hlotið nafnið Krissa Gulls.



- hdm/fgg




FISKBÚÐIN HAFBERG

Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.

**Þú færð aðeins það besta hjá okkur**

STÓR HUMAR, HÖRPUSKEL, LÚÐA
RISARÆKJUR, SKÖTUSELUR, LAX
NÝLÖGUÐ SJÁVARRÉTTASÚPA.




# Bó lumar á sígildum upptökum

„Ég er eiginlega haldinn hálfgerði söfnunaráráttu,“ segir stórsöngvarinn Björgvin Halldórsson sem á gamlar upptökur frá tónleikum hljómsveitarinnar Ævintýri þegar þeir spiluðu á skemmtistaðnum Rockville árið 1971 á gamla varnarsvæði Bandaríkjanna.

Íslenskar sveitir gerðu mikið af því á þessum árum að fara upp á völl og leika fyrir bandaríska hermenn og fór hljómsveitin Ævintýri í það minnsta tvisvar til þrisvar í mánuði suður með sjó og spilaði fyrir dansi en sveitina skipuðu, auk Björgvins, þeir Sigurjón Sighvatsson, Arnar Sigurbjörnsson, Birgi Hrafnsson og Sigurður Karlsson.

Björgvin segist enn ekki vera á þeim buxunum að gefa þetta út strax en hann á líka upptökur frá Popphátíðinni miklu sem haldin var í Laugardalshöll árið 1969 þegar hann var valinn poppstjarna ársins og Ævintýri stal senunni af Trúbrot og var kosin hljómsveit ársins. „Kannski einhvern tímann seinna, við eitthvað sérstakt tilefni,“ segir Björgvin sem hefur ekki spilað þessar upptökur opinberlega ef undanskilin eru stutt hljóðdæmi í þætti Hemma Gunn. „Þetta verður alltaf skemmtilegra og skemmtilegra eftir því sem lengra líður.“

- fgg



**SAFNARI** Björgvin Halldórsson á margt forvitnilegt í sínum fórum og meðal annars upptökur frá Popphátíðinni miklu í Laugardalshöll haustið 1969.

# DAGUR SÓLARINNAR

## ÝTUM SKAMMDEGI TIL HLIÐAR MEÐ JÁKVÆÐUM GJÖRÐUM OG HUGSUNUM UPP MEÐ SÓLINA

MYRKRIÐ UMLYKUR LANDIÐ DAG HVERN
OG SKAMMDEGIÐ HELDUR SÁLARTETRI
LANDSMANNA Í HELGREIPUM
SÍÐAN SKEIN SÓL HEFUR ÁKVEÐIÐ AÐ BERJAST GEGN MYRKRINU

TÖKUM ÞÁTT Í DEGI SÓLARINNAR, FÆRUM BIRTU OG YL INN Í HJÖRTU LANDSMANNA
Í TILEFNI AF DEGI SÓLARINNAR
MUN SÍÐAN SKEIN SÓL AFHENDA IÐNAÐARRÁÐHERRA
UNDIRSKRIFTALISTA OG KOMA VIÐ Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM Í DAG:

- **12:00** MÚLAKAFFI
- **13:45** LANDSPÍTALINN
- **15:00** AUSTURVÖLLUR – HEITUR MATUR Í BOÐI FYRIR GESTI OG GANGANDI Í BOÐI MÚLAKAFFI
- **17:00** ALÞINGI – IÐNAÐARRÁÐHERRA FÆR AFHENDAN UNDIRSKRIFTARLISTA
- **18:00** SÆVAR KARL, BANKASTRÆTI
- **22:00** SÓLIN SPILAR Á SÓLON ÁSAMT GESTUM:
  M.A.
  BJÖRGVIN HALLDÓRSSON - BJARNI GRÍMSSON
  GUMMI JÓNS - KK - KRUMMI - RAGGI KJARTANS
  PÉTUR GRÉTARS - KJARTAN VALDIMARSSON OFL.




GEISLAPLATA OG DVD MYNDDISKUR

GEISLAPLATA OG MYNDDISKUR Í VERSLUNUM

1. SYNGJUM ÓÐ
2. ÉG VILD'ÉG VÆRI
3. SÍÐAN HITTUMST VIÐ AFTUR
4. EF ÉG VÆRI GUÐ
5. GETA PABBAR EKKI GRÁTIÐ?
6. HALLÓ ÉG ELSKA ÞIG
7. EINMANA
8. ENGILL
9. VERÐ AÐ FLJÚGA
10. ÉG STEND Á SKÝI
11. MÉR VAR SVO KALT
12. NOSTALGÍA
13. SKRÍTIÐ
14. NÓTTIN HÚN ER YNDISLEG
15. VERTU ÞÚ SJÁLFUR
16. LOF MÉR AÐ LIFA
17. HÚSIÐ OG ÉG
18. SVO MARGA DAGA

AUKALAG Á DVD:
ÞÚ ERT EKKERT BETRI EN ÉG

sena
okkar heimur // þín skemmtun

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**









**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar Elínardóttur

## *Keggja áða*

Trúlega finnst fleirum en mér skammdegið hafa næstum áþreifanlega nærveru. Snjórinn sem svo elskulega leit við um daginn áður en hann hvarf andartaki síðar bar þó með sér dálítinn blæ af jólunum sem eru undursamlega vel staðsett í almanakinu. Og það eru afmæli dætra minna líka.

**HVER** og ein þeirra fædd um hávetur því eins og kunnugt er hafa furðumörg hjón tilhneigingu til að eignast börnin á einum og sama árstíma. Miðað við það mætti halda að frumstæð náttúran sæti skorðuð í eðlinu, að fengitími fólks fari aðallega eftir persónulegri stimpilklukku með heilsárs sveiflu. Þetta er næstum jafn algengt og sláandi systkinasvipur á hjónum, einkum áberandi á brúðkaupsmyndum. Kannski gengur leitin að hinum helmingnum af okkur sjálfum ekki út á dýpri tengsl en að finna maka með sömu andlitsgerð og við sjálf. Nú, eða bara hund.

**Í** öllu falli eru jólin væntanleg á heppilegum tíma fyrir marga. Og fyrir sjálfa mig eykur yndið umrædd barnaafmæli beggja megin við hátíðarnar því fátt er unaðslegra en mörg börn. Ef þau eru hins vegar nýbúin að skófla í sig miklum sykri finnst mér reyndar betra að þau séu samankomin heima hjá einhverjum öðrum. En að minnsta kosti þrisvar á ári forða ég kristalnum upp í efstu hillu og byrla litlu grísunum í tilefni dagsins inn eins óhollum efnivið og lög leyfa.

**Í** svona fyrstu tvö skiptin leit ég á þennan árlega atburð hjá þáverandi einbirni sem sannkallaða hæfileikakeppni. Ég var sjálf eini keppandinn en vissi reyndar aldrei hver væri dómarinn, kannski bara guð. Bakaði titrandi af frammistöðuótta í heila viku nóg til að metta fjölmenna fermingarveislu. Þetta var auðvitað langt yfir markið, því þótt gestirnir hafi verið á fjórða tuginn höfðum við brauðtertur og sætabrauð í öll mál vikuna út. Nema barnið auðvitað, sem fékk ævinlega nostursamlegar máltíðir úr öllum fæðuflokkum. Frammistöðuóttinn náði í þá daga töluvert út fyrir afmælisdaginn.

**MARGRA** ára þjálfun í barnaafmælishaldi hefur smátt og smátt skilað fínum árangri. Tilstandið er skroppið saman í aggalítinn undirbúning, hæfilegar veitingar og hjartfólgnustu gestina. Afmælisbarnið er alsæl tveggja ára og kann að segja frá því sjálf.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 28. nóvember, 332. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.36 | 13.16 | 15.55 |
| Akureyri | 10.41 | 13.00 | 15.18 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


www.toyota.is




**Aukabúnaður að verðmæti**
**103.262 kr.**
**Bakkskynjari og vetrardekk fylgja.**

## Corolla - með bakkskynjara og vetrardekkjum

Nýja Corollan er stærri en þú átt að venjast - í öllum skilningi. Þetta skilar sér í stórskemmtilegri hönnun og aksturseiginleikum. Innanrýmið er að sama skapi meira og þar hefur verið nostrað við hvert smáatriði til að tryggja öryggi og þægindi þitt og þinna.

Verð frá **1.899.000** kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070